

**SKOÐUN** Líf og fjör verður á sumargötum miðborgarinnar í sumar. **22**



**MENNING** Ljóðasafn Ingunnar Snædal samanstendur af fjölbreyttu efni. **30**



**LÍFIÐ** Leikkonan Heiða Rún Sigurðardóttir geislaði á rauða dreglinum í London. **76**



**SPORT** Ein stór hamingjusöm fjölskylda á bak við Íslandsmeistaratitilinn. **52**







# FRÉTTABLAÐIÐ

**Fimmtudagur**
30. apríl 2015
100. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


**FRÉTTIR**



### Fá 250 milljónir

Borgun greiddi út 800 milljónir í arð eða 50 prósent af hagnaði síðasta árs. nýir hluthafar fá 250 milljónir króna í sinn hlut. Kallað er eftir því að upplýst verði hvernig staðið var að kaupum nýju hluthafanna. **4**

**Hjúkrunarrýmum fjölgar** Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra segir nauðsynlegt að fjölga hjúkrunarrýmum um 500. **2**



**Óvíst um hjónabönd samkynhneigðra** Hæstiréttur Bandaríkjanna þarf að taka afstöðu til hjónabanda samkynhneigðra. **10**

**Bönnuðu jeppaakstur** Svifflugfélag Íslands hefur kært synjun á leyfi til jeppaaksturs á vatnsverndarsvæði. **10**




**22**

**3 SÉRBLÖÐ**

Lyftarar | Gæludýr | Fólk




# Ferðamannastaðir verði settir á fjárlög

Ragnheiður Elín Árnadóttir, ráðherra ferðamála, telur ekki að stjórnvöld taki upp samræmda gjaldtöku til uppbyggingar ferðamannastaða á næstu misserum. Ný áætlun um uppbyggingu er í smíðum. Miðað er við milljarð á ári til verkefna.

**NÁTTÚRA** Uppbygging ferðamannastaða verður ekki fjármögnuð á næstu misserum með samræmdri gjaldtöku stjórnvalda. Allt stefnir í að uppbyggingin verði sett á fjárlög og ýmsar aðferðir sem hafa verið nefndar til fjármögnunar koma einfaldlega ekki til greina. Þetta segir Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

„Við fjármálaráðherra ræddum strax við upphaf þessa máls að einfaldasta lausnin væri að setja uppbyggingu ferðamannastaða á fjárlög. Í þann farveg virðist mér þetta mál vera að stefna núna, og muni þá keppa um fjármagn við annað sem þarf að sinna, hvort sem það eru heilbrigðismál, menntamál eða aðrir mikilvægir málaflokkar. Þetta er þó þeim takmörkunum háð að það er Alþingi sem fer með fjárlagavaldið og sérstakur tekjustofn verður ekki til staðar sem tryggir langtíma uppbyggingu, nema við náum að móta stefnu til nokkurra ára. Það er það sem stefnt er að núna.“

Hér vísar Ragnheiður í yfirstandandi vinnu fjögurra ráðuneyta að nýrri áætlun um uppbyggingu ferðamannastaða sem koma á í stað náttúrupassans sem dagaði uppi í atvinnumálanefnd. Verið er að skilgreina hvaða ferðamannastaðir heyri undir ríkið, hver staðan sé á hverjum þeirra og hvernig uppbygging verður tryggð á næstu árum.

Ragnheiður segir að með nokkurri vissu megi áætla að milljarð þurfi árlega á næstu árum. Með þá tölu sé unnið í ráðuneytunum fjórum sem koma að verkefninu.

Um náttúrupassann segir Ragnheiður: „Miðað við reynsluna af vinnu síðustu mánaða við þetta mál sé ég ekki fram á að leggja það aftur fram í haust – eða yfirleitt.“

> Í þann farveg virðist mér þetta mál vera að stefna núna, og muni þá keppa um fjármagn við annað sem þarf að sinna, hvort sem það eru heilbrigðismál, menntamál eða aðrir mikilvægir málaflokkar.

Fjölmargar hugmyndir hafa verið nefndar sem leiðir til fjármögnunar á uppbyggingu ferðamannastaða. „Ég tel líka engar líkur á því, eins og umræðan er um þessi mál, að meiri sátt myndi nást um hækkun á gistináttagjaldi, komugjöld – eða hvað annað,“ segir Ragnheiður.

- shá / sjá síðu 12




**ÍSLANDSMEISTARAR** KR varð í gærkvöld Íslandsmeistari í körfubolta annað árið í röð eftir sigur á Tindastóli í Síkinu 88-81í fjórða leik liðanna. KR vann rimmuna 3-1 og hefur nú orðið Íslandsmeistari fimm sinnum á síðustu átta árum. **Sjá síðu 50**

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



**STRÆTÓ** Ný-Tækni tekur við verkefnum frá Kynnisferðum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tortryggja samning Strætó:

## Kæra samning við Ný-Tækni

**STJÓRNSÝSLA** Þrjú einkahlutafélög hafa kært samning Strætó við fyrirtækið Ný-Tækni. Í samningnum er gert ráð fyrir því að Ný-Tækni taki við af Kynnisferðum til að þjónusta Ferðaþjónustu fatlaðra.

Fyrirtækin þrjú, Iceland Tours, Aldey og Efstihóll, kærðu samninginn til kærunefndar útboðsmála. Í kærunni kemur fram að stjórnarformaður Ný-Tækni hafi á bakinu fangelsisdóm í Svíþjóð eftir vanskil á opinberum gjöldum auk þess sem kærendur telja að fyrirtækið hafi ekki þurft að fylgja sömu hæfniskröfum og aðrir umsækjendur.

Guðmundur Siemsen, lögmaður Strætó, hafnar því að Ný-Tækni hafi ekki þurft að uppfylla sömu skilyrði.

- shá / sjá síðu 2

Lífeindafræðingar ósáttir:

## Telja verkfallsbrot framin

**VINNUMARKAÐUR** „Við förum fram á að þessu verði hætt og að hjúkrunarfræðingar séu ekki skikkaðir til að ganga í okkar verk á meðan verkfall stendur yfir,“ segir Gyða Hrönn Einarsdóttir, formaður Félags lífeindafræðinga. Félagið telur verkfallsbrot vera framin á Sjúkrahúsinu á Akureyri.

Lífeindafræðingar eru í verkfalli alla virka daga til hádegis. Félagið heldur því fram að hjúkrunarfræðingar hafi verið skikkaðir til að ganga í þeirra störf og taka almennar blóðprufur meðan verkfall hefur staðið.

- sa / sjá síðu 8










**VEÐUR**




**Austan 3-10 m/s í dag,** en norðlægari vindur vestantil. Slydda eða rigning á Suður- og Suðausturlandi, annars stöku él. Dálítil snjókoma norðaustan- og austanlands. Hiti 1 til 7 stig, en um eða undir frostmarki fyrir norðan og austan.

**SJÁ SÍÐU 32**

Menntaskólinn í Reykjavík leitar leiða til að halda fjögurra ára námi:

# MR reynir enn að fá undanþágu

**MENNTAMÁL** „Við viljum halda okkar fjögurra ára kerfi. Það segir sig sjálft að lenging skólaársins um eina viku og niðurskurður námstíma um eitt ár á móti skilar sér í skerðingu náms, það viljum við ekki,“ segir Yngvi Pétursson, rektor Menntaskólans í Reykjavík.

Mikil óánægja ríkir meðal nemenda, stjórnar og kennara MR með styttingu framhaldsskólanáms. Ekki lítur út fyrir að skólinn fái undanþágu. Stjórn skólans hefur þó ekki gefist upp „Við erum enn að leita leiða til að forðast styttinguna en menntamálaráðuneytið hefur til þessa neitað okkur um allar undanþágur,“ segir Yngvi. Skólinn hefur reynt að fá að taka inn nemendur úr níunda bekk í staðinn fyrir að stytta námið og MR en því hefur verið hafnað.

„Andi laganna 2008 var sá að forræði yfir námi var á höndum hvers skóla. Skólar áttu að hafa frumkvæði að því að skipuleggja eigið nám,“ segir Yngvi sem er þeirrar skoðunar að fjölbreytni skóla ætti að vera í fyrirrúmi. Hann segir vera svigrúm innan núverandi kerfis til þess að útskrifast á þremur árum ef viljinn er fyrir hendi, þá í skólum með áfangakerfi.

MR vinnur nú að nýrri námskrá fyrir skólann sem miðast við þriggja ára nám. Flestir skólar á landinu munu bjóða upp á þriggja ára nám nú í haust en MR er ekki í þeirra hópi. Það mun í fyrsta lagi gerast haustið 2016.

- þea



**VILL UNDANÞÁGU** Rektor MR vill halda fjögurra ára námi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**OFURHUGI** Robert hefur klifið fleiri en 130 byggingar. AFP/ KENZO TRIBOUILLARD

„Köngulóarmaðurinn“ styrkir fórnarlömb skjálftans í Nepal:

## Kleif hæstu byggingu Parísar

**FRAKKLAND Hinn franski „köngulóarmaður“ Alain Robert kleif hæstu byggingu Parísarborgar með nepalska fánann í hendinni til að styrkja fórnarlömb jarðskjálftans í Nepal.**

**Eldhuginn 53 ára, sem er þekktur fyrir að klífa háar byggingar, kleif að þessu sinni Montparnasse-turninn sem er 210 metra hár.**

**Robert hefur klifið fleiri en 130 byggingar á ævinni án alls öryggisbúnaðar. Þar á meðal hefur hann klifið Burj Khalifa í Dubai, Eiffelturninn í París og Empire States-bygginguna í New York.**

**Hann sagði fyrir klifrið að hugur hans væri hjá fjallgöngumönnunum sem fórust í snjóflóðunum á Everestfjalli og í grunnbúðunum við fjallið.**

- srs

# Framsal samnings í ferðaþjónustu kært

Þrjú fyrirtæki kæra Strætó fyrir að semja við Ný-Tækni um að taka við af Kynnisferðum í Ferðaþjónustu fatlaðra. Ný-Tækni sé reynslulaust, tilskilin gögn og ökuleyfi skorti. Strætó segir kæruna tilefnislausa og krefst þess að henni verði vísað frá.

**STJÓRNSÝSLA** Einkahlutafélögin All Iceland Tours, Aldey og Efstihóll hafa kært samninga Strætó við Ný-Tækni vegna ferðaþjónustu fatlaðra til kærunefndar útboðsmála.

Ný-Tækni tók í febrúar við hlutverki Kynnisferða við svokallaðan tilfallandi akstur fyrir Ferðaþjónustu fatlaðra. Kynnisferðir óskaðu eftir að losna undan skuldbindingum sem fyrirtækið hafði gengist undir sem aðili að rammasamningi eftir útboð sumarið 2014. Fyrirtækin þrjú sem kæra tóku þátt í því útboði en Ný-Tækni ekki.

Í umsögn lögmanns fyrirtækjanna þriggja, Sveins Andra Sveinssonar, segir að ef viðskiptasaga Ný-Tækni hefði verið skoðuð eins og átt hefði að gera þá hefði komið í ljós að núverandi stjórnarformaður félagsins og einn af prókúruhöfum þess hafi setið níu mánuði í fangelsi í Svíþjóð eftir tólf mánaða dóm á árinu 2007 fyrir vanskil á opinberum gjöldum.

„Samdi varnaraðili [Strætó] við hugbúnaðarfyrirtæki sem ekki hafði hópferðaleyfi um akstur fatlaðra, hvers eini eigandi og eini stjórnarmaður hafði tólf mánaða dóm á bakinu fyrir skattsvik. Félagið hafði engar tekjur á árinu 2013 og hafði verið rekið með tapi og ekki rekstrarhæft,“ segir lögmaðurinn.

Af mörgum öðrum atriðum í umsögn kærendanna má nefna að þeir telja að með breytingum á níu bílum sem Ný-Tækni ráði yfir þannig að þeir taka nú allir fimm farþega í stað á bílinu níu til fjórtán áður séu þeir nú leigubílar en ekki hópferðabílar.

„Til þess að aka slíkum bifreiðum þarf umráðamaður að hafa atvinnuleyfi sem leigubifreiðastjóri. Aðeins eigendurnir þrír hafa leigubílaleyfi, en aðrir ökumenn sem starfa fyrir Ný-Tækni hafa það ekki,“ segja kærendurnir í sérstakri kæru til Samgöngustofu þar sem þess er krafist að stofnunin tilkynni Strætó og Ný-Tækni að óheimilt sé að nota þessa bíla í akstursþjónustu fyrir fatlaða. „Samrit verði sent lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu með ósk um stöðvun bifreiðanna.“

Guðmundur Siemsen, lögmaður Strætó, hafnar því í greinargerð til kærunefndarinnar að Ný-Tækni hafi ekki þurft að uppfylla sömu skilyrði og aðrir þátttakendur í samningskaupaferlinu.

„Þá hafnar varnaraðili [Strætó] alfarið sem rangri fullyrðingu kærenda þess efnis að lög um opinber innkaup hafi verið brotin með margvíslegum hætti við hina kærðu ákvörðun, en verulega skortir raunar á að kærendur færi fullnægjandi rök fyrir henni,“ segir lögmaður Strætó og krefst þess að kærunni verði vísað frá og kærendurnir látnir borga málskostnað enda séu kröfur þeirra „bersýnilega tilhæfulausar“.

gar@frettabladid.is



**FERÐAÞJÓNUSTA** Margvíslegir erfiðleikar hafa sett mark sitt á Ferðaþjónustu fatlaðra að undanförnu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



> **Eini eigandi og eini stjórnarmaður hafði tólf mánaða dóm á bakinu fyrir skattsvik.**
>
> *Sveinn Andri Sveinsson hæstaréttarlögmaður.*

Vöxtur í fjárfestingum:

## Hagstofa segir hagvöxt meiri

**ATVINNUMÁL** Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands segir að hagvöxtur sé talinn verða 3,8 prósent á þessu ári. Spáin nær frá 2015 til ársins 2019 og mikill vöxtur fjárfestingar og einkaneyslu drífur hagvöxt fyrstu tvö ár spátímans. Spáin gerir meðal annars ráð fyrir að einkaneysla aukist um 3,8 prósent og fjárfesting um rúm 18 prósent á þessu ári.

Verðbólga hefur verið fremur lítil að undanförnu en talið er að hún muni aukast á næstunni. Spáin segir að líklegt sé að hún fari úr 1,7 prósentum árið 2015 í þrjú prósent árið á eftir.

- ag

Ný samþykkt í Skagafirði:

## Átján þúsund fyrir ref í greni

**UMHVERFISMÁL** Landbúnaðarnefnd Skagafjarðar hefur ákveðið nýja gjaldskrá fyrir refa- og minkaveiðimenn. Eftir að hafa rætt við tíu veiðimenn sem mættu til fundar og þann ellefta í síma samþykkti nefndin að greitt yrði fyrir 344 refi og 171 mink.

Fyrir hvern mink fái ráðinn veiðimaður 7.200 krónur en aðrir minkabanar 1.800 krónur. „Verðlaun vegna refaveiða til ráðinna veiðimanna fyrir unnin grendýr verði 18.000 krónur og 7.000 krónur vegna hlaupadýra og vetrarveiði. Verðlaun til annarra veiðimanna 7.000 krónur á dýr,“ samþykkti nefndin.

- gar




Hlutfall aldraðra í þjóðfélaginu hækkar og nauðsynlegt að bæta þjónustu:

# Fjölgun á hjúkrunarrýmum

**HEILBRIGÐISMÁL** Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra tilkynnti á ársfundi Landspítalans að nauðsynlegt væri að bæta við um 500 nýjum hjúkrunarrýmum á næstu fimm til sex árum til að mæta aukinni þörf vegna fjölgunar aldraðra. Stefnt er á að kynna nýja framkvæmdaáætlun um uppbyggingu hjúkrunarrýma um mitt árið 2015.

„Hlutfall aldraðra í þjóðfélaginu er að hækka og við verðum að takast á við staðreyndirnar sem að baki liggja,“ sagði Kristján Þór. Ráðherra sagði að þessi fjölgun aldraðra gerði ekki aðeins auknar kröfur til heilbrigðiskerfisins heldur líka öldrunarþjónustu. Hann lagði áherslu á að hana þyrfti að bæta, meðal annars með því að efla þjónustu í heimahúsum, sinna forvörnum og endurhæfingu.

Stofnkostnaður vegna hjúkrunarrýma nemur um 12-15 milljörðum króna og er árlegur rekstrarkostnaður rýmanna um 4,8 milljarðar króna.

Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, sagði á fundinum að stærsta áskorun spítalans væri gagnvart þeim vaxandi hópi fólks sem ekki á afturkvæmt í heimahús eftir legu á spítala. Hann lagði þá sérstaka áherslu á aldraða og telur að það þurfi nýja nálgun með því að nýta nútímatækni og aðstandendur í meiri mæli.

- ag



**FLUTTI ÁVARP** Heilbrigðisráðherra sagði fjölgun aldraðra gera kröfur til heilbrigðiskerfis og öldrunarþjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur „Mercedes-Benz Ísland“
á Facebook

## SPURNING DAGSINS



„Verður fólk á Akureyri alveg úti að aka í sumar?“

**„Nei, við verðum bara sólarmegin í lífinu.“**

Matthías Rögnvaldsson er forseti bæjarstjórnar Akureyrar, en svo gæti farið að strætisvagnar á Akureyri leggi niður störf í einn mánuð í sumar vegna manneklu. Ekki hefur tekist að ráða vagnstjóra í afleysingar í sumar.

Prófessor við Háskóla Íslands segir að útreikningar vegna framlaga til vísinda hafi verið skakkir:

# Skekkja í framlögum upp á 100 milljarða

**VÍSINDI** „Það kemur þarna í ljós að vísindastarf í landinu er verulega fjárvana,“ segir Magnús Karl Magnússon, forseti læknadeildar Háskóla Íslands.

„Vísindasamfélaginu hefur fundist að þessi grein hafi verið fjársvelt þrátt fyrir að opinberar tölur um framlög til vísinda og rannsókna hafi þótt sæmilegar frá árinu 2000, um 2,5 prósent til þrjú prósent af vergri landsframleiðslu.“

Magnús segir að eftir að Hagstofan hafi tekið við útreikningum á fjárframlögum til vísinda hafi nýlegir útreikningar sýnt fram á að greinin er verulega fjársvelt og fyrri útreikningar verið skakkir.

„Það kemur þarna í ljós að um þriðjungur fjármagnsins hefur ekki verið til staðar. Þetta þýðir að um rúmlega 100 milljarða króna skekkju er að ræða yfir síðastliðinn áratug,“ sagði hann.

Viðmið margra þjóða er að fjárframlög til vísinda og rannsókna nemi minnst þremur prósentum af vergri landsframleiðslu og það er það markmið sem Vísinda- og tækniráð hefur sett sér fyrir árið 2016.

Magnús segir að til þess að ná þessum markmiðum þurfi einfaldlega meira fjármagn og meiri fjárfestingu auk þess sem endurskoða þurfi alla umgjörð fjármögnunar. Hann bendir á að háskólar og rannsóknarsjóðir á Íslandi séu verulega fjársveltir í samanburði við önnur samanburðarríki.

Unnur Brá Konráðsdóttir, formaður allsherjar- og menntamálanefndar, segir að það þurfi að kanna málið betur og að þau muni hlusta eftir ráðleggingum Vísinda- og tækniráðs í þeim efnum. - srs



**...vísindastarf í landinu er verulega fjárvana...**

*Magnús Karl Magnússon, forseti læknadeildar Háskóla Íslands.*



**FAGNAR** Skúli Mogensen, forstjóri WOW air, er ánægður með úrskurðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Úrskurður kærunefndar:

## Gert að bjóða út innkaup

**SAMKEPPNISMÁL** Kærunefnd útboðsmála hefur lagt fyrir fjármálaráðuneytið að bjóða út innkaup á flugfarmiðum til og frá Íslandi.

Nefndin kemst að þeirri niðurstöðu, í kjölfar kæru WOW air, að ráðuneytið hafi ekki keypt flugfarmiða í samræmi við innkaupaferli sem eru tilgreind í lögum um opinber innkaup. Skúli Mogensen, forstjóri WOW air, fagnar úrskurðinum. „Félagið mun nú vonandi fá tækifæri til að bjóða í innkaup ríkisins. Afleiðing þess mun án efa verða mikill fjárhagslegur ábati fyrir ríkissjóð og þar með fyrir okkur öll.“ - srs

## LEIÐRÉTTING

Í gær var birt frétt um rannsóknir sem kynntar verða á afmælisfundi Heilaheilla á laugardaginn og greint frá því að heilablóðföllum hafi fækkað um helming. Elías Ólafsson vill koma því á framfæri að ekki hafi verið gerðar nægilega nákvæmar rannsóknir á tíðni heilablóðfalla áður, til þess að hægt sé að halda þessu fram. Rannsókn á tíðni slags á Íslandi birtist í tímaritinu Stroke árið 2013. Rannsóknin var gerð af Ágústi Hilmarssyni, Elíasi Ólafssyni og Ólafi Kjartanssyni og sýnir að fjöldi Íslendinga sem fær slag á hverju ári er svipaður og í rannsóknum frá Svíþjóð, Bretlandi og Bandaríkjunum. Tíðni slags, á öllu landinu, hefur ekki verið metin áður og því er ekki hægt að fullyrða að tíðni slags á Íslandi hafi minnkað.

# Fá 250 milljónir í sinn hlut

Átta hundruð milljóna króna arðgreiðsla Borgunar nemur 50 prósentum af hagnaði síðasta árs. Nýir hluthafar fá 250 milljónir. Hagfræðingur segir að upplýsa þurfi hvernig staðið var að kaupum nýju hluthafanna.

**VIÐSKIPTI** Hluthafar í Borgun fengu greiddar 800 milljónir króna í arð vegna síðasta rekstrarárs. Haukur Oddsson, forstjóri Borgunar, segir arðgreiðsluna nema rétt rúmlega 50 prósentum af hagnaði félagsins á síðasta ári.

„Það tekur hluthafana í Eignarhaldsfélaginu Borgun ellefu ár að fá kaupverðið til baka miðað við þessa arðgreiðslu,“ segir Haukur í samtali við Fréttablaðið.



**HAUKUR ODDSSON** forstjóri Borgunar

Fréttir af arðgreiðslunum vekja athygli vegna þess að á síðasta ári seldi Landsbankinn 31,2 prósenta hlut í Borgun. Borgun var ekki auglýst til sölu og kaupandinn var Eignarhaldsfélagið Borgun. Það félag er meðal annars í eigu Stálskipa ehf., Péturs Stefánssonar ehf., og P 126 ehf. Það hefur líka vakið athygli að Einar Sveinsson, föðurbróðir Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra, er eigandi síðastnefnda félagsins. Eignarhaldsfélagið Borgun greiddi 2,2 milljarða króna fyrir hlutinn í Borgun, en á þessari stundu liggur ekki nákvæmlega fyrir hvernig kaupverðið var fjármagnað. Hins vegar liggur fyrir að hlutur Eignarhaldsfélagsins í arðinum nemur 250 milljónum króna. Að frádregnum fjármagnstekjuskatti munu þeir svo fá 200 milljónir í sinn hlut.

Sigríður Mogensen hagfræðingur segir það vera lykilatriði að fá upp á borð hvernig staðið var að fjármögnun. „Lykilatriði til að átta sig á því hvort þessi arðgreiðsla sé eðlileg er að fá upp á borð hvernig kaupin áttu sér stað, hvernig þau voru fjármögnuð, hvert eiginfjárframlagið var af hálfu eigenda eignarhaldsfélagsins,“ segir Sigríður í samtali við Fréttablaðið. Hún bendir á að þar sem um er að ræða eignarhaldsfélag með takmarkaða ábyrgð þá taki menn ekki mikla áhættu ef hlutirnir fara ekki vel en hagnast mjög mikið með arðgreiðslum og hækkun á virði hlutarins.

„Til þess að geta metið hvort þessi arðgreiðsla er eðlileg og í takti við eðlilega arðsemi af eigin fé þá þarf að koma upp á yfirborðið hvert eiginfjárframlag kaupendanna var og hvernig hluturinn var fjármagnaður,“ segir Sigríður. Það þurfi að upplýsa hvort Landsbankinn veitti seljendalán, hvort aðrir íslenskir bankar hafi fjármagnað eignarhaldsfélagið eða hvort kaupin hafi verið greidd að fullu með eigin fé.

„Öllum þessum spurningum er ósvarað. Ástæðan fyrir því að fólk á rétt á að fá þessar upplýsingar er að þetta er banki í eigu þjóðarinnar. Mjög mikil verðmæti skiptu um hendur fyrir nokkrum mánuðum og það virðist vera góð arðsemi í félaginu sjálfu. Nú er verið að greiða þessa stóru arðgreiðslu sem er í stóru hlutfalli við eigið fé Borgunar þá finnst mér ekki neitt annað koma til greina en að það verði upplýst hvernig þessi kaup áttu sér stað,“ segir Sigríður, en eigið fé Borgunar nam í árslok rúmum fjórum milljörðum króna.



**Lykilatriði til að átta sig á því hvort þessi arðgreiðsla sé eðlileg er að fá upp á borð hvernig kaupin áttu sér stað...**

*Sigríður Mogensen, hagfræðingur.*

Þá segir Sigríður að þessi arðgreiðsla og hagnaður félagsins sýni að Landsbankinn hafi selt fyrirtækið á of lágu verði.

jonhakon@frettabladid.is





**BORGUN** Hagfræðingur segir að fyrirtækið hafi verið selt of lágu verði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR







Landsnet og Ístak semja um lagningu strengs milli Fitja og Helguvíkur:

# Jarðstrengur tilbúinn í haust

**ORKUMÁL** Landsnet og verktakafyrirtækið Ístak undirrituðu í gær samning um lagningu jarðstrengs milli Fitja og Helguvíkur. Miðað er við að framkvæmdum verði að fullu lokið í haust.

Samningurinn hljóðar upp á tæplega 228 milljónir króna. Strax verður hafist handa við undirbúning og slóðagerð í Helguvík og standa vonir til að hægt verði að byrja að grafa fyrir jarðstrengnum í næstu viku, segir í tilkynningu frá Landsneti.

Undirbúningur verkefnisins hófst síðastliðið haust í framhaldi af samningi um flutning raforku til kísilvers United Silicon sem kveður á um að tenginguin verði tilbúin 1. febrúar 2016.

Strengurinn mun tengja saman Stakk, nýtt tengivirki Landsnets í Helguvík sem nú er í byggingu, og tengivirki félagsins á Fitjum. Hann er gerður fyrir 132 kílóvolta (kV) spennu og verður 8,5 km langur.

Samið var við þýska fyrirtækið Nexans um framleiðslu strengsins og mun það jafnframt sjá um allar tengingar. - shá



**SAMIÐ** Guðmundur Ingi Ásmundson, forstjóri Landsnets, og Óskar Jósefsson, framkvæmdastjóri Ístaks, handsala samning. MYND/LANDSNET




OPEL **ASTRA**

# SPARNEYTINN OG FLOTTUR Á FRÁBÆRU VERÐI

Þýsku gæðin leyna sér ekki og Opel Astra er alveg eins magnaður og hann lítur út fyrir að vera. Hann sameinar flott útlit og framúrskarandi aksturseiginleika. Opel Astra er einn vinsælasti bíllinn í Opel fjölskyldunni, enda kraftmikill, sparneytinn og lipur í alla staði.

Hægt að velja dísil- eða bensínvél. Sparneytinn: Opel Astra 1,6 dísilvélin notar aðeins 3,7l/100 km. og mengar aðeins 97 gr/km miðað við blandaðan akstur.

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

**Kynntu þér Opel Astra á opel.is eða á benni.is**

**Reykjavík**
**Tangarhöfða 8**
**590 2000**

**Reykjanesbær**
**Njarðarbraut 9**
**420 3330**

**Opið virka daga frá 9 til 18**
**og laugardaga frá 12 til 16.**
**Verið velkomin í reynsluakstur.**

OPEL
Wir leben Autos.

Bílabúð Benna áskilur sér rétt til breytinga á verði og búnaði án fyrirvara

Lykill

Bílabúð Benna og Lykill gera þér kleift að eignast nýjan Opel á þægilegan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og Lykill lánar þér afganginn til allt að sjö ára. Þú velur þér nýjan bíl hjá Bílabúð Benna og sölumenn sjá um að ganga frá láninu. Lánshlutfall ræðst af lánshæfis- og/eða greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 90%. Skylt er að kaskótryggja bifreiðina á lánstímanum.

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvaða starfi gegndi Þóroddur Bjarnason, prófessor við HA, þar til nýlega?
**2.** Hvað er verið að smíða mörg ný skip fyrir Íslendinga erlendis?
**3.** Með hvaða liði spilar Jóhannes Karl Guðjónsson í sumar?

**SVÖR**
**1.** Stjórnarformaður Byggðastofnunar **2.** 12 skip **3.** Fylki

Sameinuðu þjóðirnar segja brýnt að koma neyðarbúnaði til fólks í Nepal:

# Átta milljónir þurfa aðstoð

**NEPAL** Sameinuðu þjóðirnar hafa úthlutað 15 milljónum Bandaríkjadala úr neyðarsjóðum sínum til hjálparstarfa í Nepal, þar sem að minnsta kosti fimm þúsund manns létu lífið í jarðskjálftanum mikla.

Að minnsta kosti átta milljónir manna í Nepal eiga nú um sárt að binda eftir jarðskjálftann, þar af um tvær milljónir í þeim tveimur héruðum sem verst urðu úti. Enn er verið að leita í rústunum að fólki sem kann að leynast þar á lífi, þótt vonir um slíkt séu á þrotum. Erfitt hefur verið að koma hjálparstarfsfólki og hjálpargögnum til svæðanna næst upptökum jarðskjálftans, en hann mældist 7,8 stig og er sá kröftugasti sem orðið hefur á þessum slóðum frá árinu 1934.

Hjálp er þó byrjuð að berast þangað, en talsmaður Flóttamannahjálpar Sameinuðu þjóðanna sagði við blaðamenn í Genf í gær að þarna væri þörfin einna brýnust fyrir búnað til að búa til neyðarskýli. Margir hafast við úti undir berum himni. - gb



**LEITAÐ Í RÚSTUM** Kona í Bhaktapur leitar að eigum sínum innan um rústirnar. NORDICPHOTOS/AFP

Sýning á verðlaunatillögum:

## Munu ræða borgarlandslag

**HÖNNUN** Félag íslenskra landslagsarkitekta stendur fyrir sýningu í Norræna húsinu á verðlaunatillögum úr samkeppnum sem félagið hefur staðið fyrir undanfarin ár.

Sýningin er haldin samhliða málfundi félagsins um borgarlandslag sem verður í dag, en sýningin er opin til 3. maí. Laugardaginn 2. maí klukkan tvö verða svo kynningar og spjall um tillögurnar. - srs








**OF HRATT** Lögreglan á Suðurnesjum hefur stöðvað 28 ökumenn á undanförnum dögum.

Margir ökumenn stöðvaðir:

## Tekinn fyrir of hraðan akstur

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Suðurnesjum stöðvaði á dögunum 17 ára gamlan ökumann sem ók á 150 kílómetra hraða á Reykjanesbraut þar sem hámarkshraði er 90 km á klukkustund. Ökumaðurinn var með tveggja mánaða gamalt ökuskírteini. Annar ökumaður sem ók of hratt var með tveggja ára barn í barnabílstól í aftursætinu og var sjálfur ekki með spennt belti. Alls hafa 28 ökumenn verið kærðir í umdæminu fyrir of hraðan akstur á undanförnum dögum. - vh

# Tekjurnar duga ekki til að reka borgina

**Borgarstjóri segir heildarniðurstöðu um rekstur ársins 2014 jákvæða. Heildarsamstæðan skilaði 11 milljarða króna hagnaði. Oddviti Sjálfstæðisflokksins telur málið alvarlegt og segir skatttekjur borgarinnar verða að duga fyrir rekstri hennar.**

**STJÓRNSÝSLA** „Heildarniðurstaðan er náttúrulega jákvæð um 11 milljarða," sagði Dagur B. Eggertsson borgarstjóri um rekstrarniðurstöðu Reykjavíkur fyrir árið 2014.

„Þar vegur árangur Orkuveitunnar auðvitað þyngst. En kjarasamningar hafa tekið í reksturinn og við munum standa þá vakt á næstunni um hvernig verði hægt að fjármagna það," segir hann.

Í skýrslu fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar kemur fram að launahækkanir og auknar lífeyrisskuldbindingar orsaki lakari rekstrarniðurstöðu A-hluta borgarsjóðs fyrir árið 2014 en gert var ráð fyrir. Þá hefur fjölgun starfsfólks borgarinnar ekki haft áhrif á þá niðurstöðu.

„Eins og öll önnur sveitarfélög sömdum við um launahækkun við kennara í fyrra og aukin útgjöld stafa af samningum á vinnumarkaði," sagði Dagur. „Við munum auðvitað hagræða eitthvað á móti til að láta enda ná saman, við höfum ekkert leynt því."

Í skýrslu fjármálaskrifstofunnar kemur fram að A-hluti borgarsjóðs var rekinn með 2,8 milljarða króna halla en gert var ráð fyrir að afkoman yrði jákvæð um 488 milljónir króna. Þetta þýðir að afkoma A-hluta er lakari um 3,3 milljarða en gert var ráð fyrir.

Þá er rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs neikvæð um 7,1 milljarð króna en gert var ráð fyrir að hún yrði neikvæð um 5,1 milljarð króna sem er 1,9 milljörðum króna lakari niðurstaða en gert var ráð fyrir. Til samanburðar var afkoma A-hluta jákvæð um þrjá milljarða árið 2013 og afkoma Aðalsjóðs jákvæð um 64 milljónir sama ár.

**FJÁRHAGUR REYKJAVÍKURBORGAR 2013–2014**
niðurstöður og væntingar í milljörðum króna




„Ég lýsti yfir áhyggjum af þessu fyrir okkar hönd," sagði Halldór Halldórsson, oddviti borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins, um rekstrarniðurstöðu A-hluta borgarsjóðs og Aðalsjóðs.

„Þetta er rosalega mikil aukning, um 10 milljarðar á milli ára."

Halldór segir að nauðsynlegt sé að bregðast við þessum hallarekstri.

„Í ræðu minni í borgarstjórn í fyrradag [þriðjudag] sagði ég að planið í kringum Orkuveituna hefði gengið vel og það er fagnaðarefni, en nú er tími til kominn til að gera nýtt plan. Plan um A-hluta borgarsjóðs. Það þarf að stokka hlutina upp. Það gengur ekki að skatttekjur borgarinnar dugi ekki fyrir rekstri hennar," sagði hann.

Heildarafkoma A- og B-hluta



**HALLDÓR HALLDÓRSSON**



**DAGUR B. EGGERTSSON**

Reykjavíkur stendur þó ágætlega en rekstrarniðurstaðan var 11 milljarðar sem er nokkuð meira en væntingarnar sem voru 8,1 milljarður króna.

Í greinargerð fjármálskrifstofu kemur fram að heildarsamstæða Reykjavíkur standi sterkt, sér í lagi vegna afkomu Orkuveitu Reykjavíkur. - srs






Verið að leggja lokahönd á fyrstu nýsmíði HB Granda af fimm:

# Venus NS heim um miðjan maí

**SJÁVARÚTVEGUR** Nýjasta fiskiskip HB Granda og íslenska flotans, Venus NS 150, er væntanlegt til heimahafnar á Vopnafirði upp úr miðjum næsta mánuði.

Venus er fyrst fimm skipa, sem HB Grandi hefur samið um smíði á hjá Celiktrans Deniz Insaat Ltd., en auk tveggja uppsjávarveiðiskipa nær samningurinn til smíði þriggja ísfisktogara. Verður hinn fyrsti þeirra, Engey RE, væntanlega afhentur um mitt næsta ár.

„Við erum búnir að fara í reynslusiglingu, sem gekk vel, og það kom ekkert upp sem skipti máli," segir Þórarinn Sigurbjörnsson, sem haft hefur umsjón með smíði Venusar og systurskipsins Víkings AK 100 í Tyrklandi. Að sögn Þórarins voru það aðallega stillingar á búnaði sem farið var yfir í reynslusiglingunni. Venus mun leysa Lundey NS af hólmi.

Í kjölfar reynslusiglingar stóðst skipið stöðugleikaprófun með prýði. Næst á dagskrá er að skipið verður tekið í slipp 29. apríl og er reiknað með því að það verk taki tvo daga. Eftir slipptökuna verður hafist handa við að búa skipið undir heimferð. - shá



**VENUS NS** Kemur fyrst til landsins af fimm nýjum skipum HB Granda. MYND/HBGRANDI





F&F
HÖFUM OPNAÐ
GLÆSILEGA VERSLUN
Í SKEIFUNNI


Bolur
2.950 kr
Bolur
3.940 kr
Kringlunni
Garðabæ
Akureyri
Spönginni
Skeifunni

VERKFÖLL

## HVAÐ, HVERJIR, HVENÆR?

**2.000 FYRIRTÆKI**
í ferðaþjónustu, matvælaframleiðslu og á fleiri sviðum verða fyrir skakkaföllum þegar verkfall sextán stéttarfélaga hefst á hádegi í dag.

**10.000 MANNS**
fara í verkfall
meðal annars í
- fiskvinnslu
- kjötvinnslu
- ferðaþjónustu
- ræstingum
- vöruflutningum
- fólksflutningum

**ÁHRIFA GÆTIR VÍÐA**
Til dæmis á hótelum, hjá hvalaskoðunarfyrirtækjum, öðrum ferðaþjónustufyrirtækjum og matsölustöðum.

EFTIRTALDIR AÐILAR
**FARA Í VERKFALL Í DAG**
- **AFL** vegna félagsmanna hjá fyrirtækjum sem starfa á ALCOA-lóð
- **Eimskipafélag Íslands**
- **Lostæti**
- **Gámaþjónusta Austurlands**
- **Securitas**
- **VHE**
- **Launaafl**
- **Fjarðaþrif**

*Ótímabundið frá og með 4. maí 2015 verði samningar ekki samþykktir.*

- **Sextán landsbyggðarfélög** innan Starfsgreinasambands Íslands

**300.000 kr.**
**LÁGMARKSLAUN**
er krafa Starfsgreinasambandsins.

**90 prósent**
**LANDSMANNA**
eru hlynnt því að lágmarkslaun verði hækkuð í þessa tölu samkvæmt nýrri könnun Gallup.

**EF EKKERT GERIST**
**VIÐ SAMNINGABORÐIÐ**
fer fólk aftur í verkfall allan sólarhringinn á miðvikudag og fimmtudag í næstu viku og aftur báða dagana
**19. OG 20. MAÍ**
Ótímabundið verkfall myndi síðan hefjast
**26. MAÍ**
hafi samningar ekki tekist.


Niðurföll og rennur í baðherbergi EVIDRAIN










*Mikið úrval – margar stærðir*

Reykjavík
Reykjanesbæ

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is



Til hvers að flækja hlutina?
LIFÐU
Í NÚLLINU!
365
365.is
Sími 1817




**VERKFALLSBROT** Félag lífeindafræðinga telur verkfallsbrot framin á virkum dögum á sjúkrahúsinu á Akureyri. Þar séu hjúkrunarfræðingar skikkaðir til að ganga í störf þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Krefjast þess að SAK stöðvi verkfallsbrot

Félag lífeindafræðinga hefur sent Sjúkrahúsinu á Akureyri bréf þar sem þess er krafist að verkfallsbrotum sé hætt. Hjúkrunarfræðingar gangi í störf lífeindafræðinga. „Verðum að tryggja öryggi sjúklinga,“ segir framkvæmdastjóri lækninga.

**VINNUMARKAÐUR** Félag lífeindafræðinga telur verkfallsbrot vera framin á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Hefur félagið sent bréf til Sigurðar E. Sigurðssonar, framkvæmdastjóra lækninga við sjúkrahúsið, þar sem krafist er að meint verkfallsbrot verði stöðvuð.

Lífeindafræðingar, sem eru félagar í Bandalagi háskólamanna, hafa verið í verkfalli á Sjúkrahúsinu á Akureyri frá því 7. apríl síðastliðinn. Lífeindafræðingar eru í verkfalli alla virka daga til hádegis.

Lífeindafræðingar hafa hingað til sinnt þeirri iðju að taka almennar blóðprufur á spítalanum á meðan hjúkrunarfræðingar hafa tekið blóðprufur í bráðatilvikum. Í bréfi Félags lífeindafræðinga til spítalans er því haldið fram að í verkfalli lífeindafræðinga hafa hjúkrunarfræðingar verið skikkaðir til að ganga í þeirra störf og taka almennar blóðprufur. „Viðkomandi stafsmaður á sjúkradeild er með þessu settur í mjög óþægilega stöðu. Í fyrsta lagi ber honum að hlýða skipunum yfirmanna en að sama skapi veit viðkomandi að með þessu er hann að fremja verkfallsbrot,“ segir í bréfinu sem undirritað er af Gyðu Hrönn Einarsdóttur, formanni Félags lífeindafræðinga.

„Við förum fram á að þessu verði hætt og að hjúkrunarfræðingar séu ekki skikkaðir til að ganga í okkar verk á meðan verkfall stendur yfir. Einnig sjáum við ekki fyrir endann á verkfalli þar sem lítið þokast í kjaraviðræðunum,“ segir Gyða Hrönn. „Við sendum einnig Landspítalanum sams konar bréf í upphafi verkfallsaðgerða þar sem við förum fram á hið sama.“



> **Einnig sjáum við ekki fyrir endann á verkfalli þar sem lítið þokast í kjaraviðræðunum.**
>
> *Gyða Hrönn Stefánsdóttir, formaður Félags lífeindafræðinga*

Sigurður E. Sigurðsson, framkvæmdastjóri lækninga á Sjúkrahúsinu á Akureyri, segir bréfið hafa verið tekið til skoðunar og það sent á alla yfirmenn deilda spítalans. „Við tökum bréfið auðvitað til greina og brýnum fyrir fólki að standa rétt að blóðsýnatöku. Þetta er hins vegar ekki svo einfalt heldur þurfum við að meta hvert tilvik fyrir sig með hagsmuni sjúklinga að leiðarljósi,“ segir Sigurður.

Frá því að verkfallsaðgerðir hófust hefur sjúkrahúsið þurft að fresta á þriðja tug aðgerða og biðlistar lengst. „Þetta verkfall hefur mikil áhrif á störf spítalans og biðlistar í valkvæðar aðgerðir eins og liðskiptaaðgerðir lengjast með hverjum deginum og eru biðlistar í þær aðgerðir langir nú þegar.“

sveinn@frettabladid.is


Birting lýsingar

**Útgefandi: Veðskuldabréfasjóður ÍV, kt. 541112-9950, Strandgötu 3, 600 Akureyri.**

**Veðskuldabréfasjóður ÍV** hefur birt lýsingu í tengslum við umsókn um að skuldabréfaflokkurinn VIV 14 1 verði tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði Nasdaq OMX Iceland hf.

Lýsingin er dags. 29. apríl 2015 og hefur verið staðfest af Fjármálaeftirlitinu. Hún er aðgengileg á slóðinni www.viv.is/is/um-viv - vefsíðu Veðskuldabréfasjóðs ÍV, kt. 541112-9950. Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV, kt. 491001-2080, Strandgötu 3, Akureyri, er rekstraraðili sjóðsins. Gert er ráð fyrir að fyrsti viðskiptadagur með skuldabréfin á hinum skipulega verðbréfamarkaði Nasdaq OMX Iceland hf., verði þann 30. apríl 2015.

Höfuðstólsfjárhæð útgefinna skuldabréfa flokksins er 3.000.000.000 kr. Heildarheimild útgáfunnar 7.252.200.000 kr. að nafnverði. Bréfin eru gefin út rafrænt í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. Auðkenni flokksins er VIV 14 1 og ISIN-númer skuldabréfaútgáfunnar er IS0000024818. Bréfin eru gefin út í íslenskum krónum og er hver eining 1 kr. að nafnverði.

Nánari upplýsingar um Veðskuldabréfasjóð ÍV og skuldabréfaflokkinn VIV 14 1 má finna í lýsingu sjóðsins. Umsjónaraðili vegna töku skuldabréfanna til viðskipta hjá Nasdaq OMX Iceland hf. eru Íslensk verðbréf hf., kt. 610587-1519, Strandgötu 3, 600 Akureyri.

Akureyri, 30. apríl 2015.

REKSTRARFÉLAG VERÐBRÉFASJÓÐA ÍV HF.

Strandgata 3, 600 Akureyri | Borgartún 25, 105 Reykjavík | Sími: 460 4700 | iv@iv.is | www.iv.is

www.renault.is

# HRINGINN OG 250 KM AÐ AUKI **Á EINUM TANKI**




# MEGANE LIMITED ÚTGÁFA **Á BETRA VERÐI**



## NÚ BJÓÐUM VIÐ RENAULT MEGANE ÍSLANDSMETHAFA Í SPARAKSTRI Í **LIMITED ÚTGÁFU HLAÐINN BÚNAÐI**

RENAULT **MEGANE LIMITED**
DÍSIL, BEINSKIPTUR. **3,5 L/100 KM*** / DÍSIL, SJÁLFSKIPTUR. **4,2 L/100 KM***
INNIFALIÐ Í VERÐI: 17" ÁLFELGUR / LYKLALAUST AÐGENGI / SKYGGÐAR RÚÐUR / TÖLVUSTÝRÐ
TVEGGJA SVÆÐA LOFTKÆLING / LIMITED INNRÉTTING OG AÐFELLANLEGIR SPEGLAR

VERÐ FRÁ: **3.540.000 KR.**

ENNEMM / SÍA / NM67855 / *Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri

## DÍSILBÍLARNIR FRÁ RENAULT SLÁ Í GEGN

Dísilbílarnir frá Renault hafa sannarlega slegið í gegn fyrir sparneytni og hagstætt verð. Malín Brand, blaðamaður Bílablaðs Morgunblaðsins, ók á síðasta ári Renault Megane Sport Tourer með 110 hestafla, 1,5 l dísilvél hringinn í kringum landið og í Húnaver að auki, eða u.þ.b. 1.520 km leið, á einungis einni 60 l tankfyllingu.

RENAULT

## ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080



Ársfundur 2015

Ársfundur Sameinaða lífeyrissjóðsins verður haldinn þriðjudaginn 12. maí nk., kl. 16.00 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2.

Dagskrá

1. Almenn ársfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins
2. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
2. Önnur mál löglega upp borin

Auk kjörinna fulltrúa eiga allir sjóðfélagar og rétthafar séreignarsparnaðar rétt til setu á fundinum.

Reykjavík, 28. apríl 2015
Stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins

Hægt verður að fylgjast með beinni útsendingu frá fundinum á vefsíðu sjóðsins, **lifeyrir.is**

Ársskýrslu 2014 og tillögur að breytingum á samþykktum má nálgast á **lifeyrir.is**

ENNEMM / SÍA / NM68561

Sundagörðum 2
104 Reykjavík
510 5000
lifeyrir.is

Sameinaði lífeyrissjóðurinn




**FYRIR UTAN HÆSTARÉTT** Fjöldi fólks, bæði stuðningsfólk og andstæðingar hjónabands samkynhneigðra, safnaðist saman fyrir utan hús hæstaréttar Bandaríkjanna í Washington á þriðjudaginn. NORDICPHOTOS/AFP

# Niðurstöðu dómara er beðið í ofvæni

Dómarar í hæstarétti Bandaríkjanna virðast enn frekar tvístígandi gagnvart hjónaböndum samkynhneigðra. Í júní þurfa þeir að taka af skarið um hvort lögleiða eigi slík hjónabönd skilyrðislaust í öllum Bandaríkjunum.

**BANDARÍKIN** Hæstiréttur Bandaríkjanna kom saman á þriðjudaginn til að hlýða á málflutning bæði stuðningsfólks og andstæðinga hjónabands samkynhneigðra. Dómararnir níu hafa nú tekið sér umhugsunarfrest, en reiknað er með því að niðurstaða þeirra liggi fyrir í júní.

Skoðanir þeirra virðast skiptast í tvö horn, nokkuð eftir flokkslínum þeirra forseta sem voru við völd þegar viðkomandi dómarar voru skipaðir í embætti.

Sem fyrr virðist sem Anthony M. Kennedy geti ráðið úrslitum, en í umræðunum á þriðjudaginn virtist hann tvístígandi. Hann spurði til dæmis hvaða vit væri í því að dómarar hæstaréttar tækju nú upp á því að breyta aldagamalli skilgreiningu á hjónabandinu, en á hinn bóginn sýndi hann fullan skilning á því að samkynhneigð hjón líti á samband sitt sem alveg jafn göfugt og önnur hjón gera.

Dómsmálið snýst meðal annars um það hvort verið sé að brjóta gegn stjórnarskrá Bandaríkjanna með því að neita samkynhneigðum um rétt til að ganga í hjónaband.

Víða var komið við í málflutningnum og til dæmis spurði einn dómaranna, Samuel Alito, hvað myndi standa í vegi fyrir því að fjórir einstaklingar, tvær konur og tveir karlar, fengju rétt til þess að stofna til hjónabands ef samkynhneigð pör væru búin að fá til þess grænt ljós frá hæstarétti.

Eitt af þeim atriðum, sem úrslitum gætu ráðið, er hvort dómararnir kjósa að líta svo á að með því að meina samkynhneigðum pörum að ganga í hjónaband sé verið að mismuna þeim á grundvelli kynferðis.

„Ég meina, ef Sue elskar Joe og Tom elskar Joe, þá má Sue giftast honum en Tom má það ekki. Munurinn er byggður á mismunandi kynferði þeirra. Hvers vegna er þetta þá ekki einfalt dæmi um mismunun á grundvelli kynferðis?“ spurði einn dómaranna, John G. Roberts.

gudsteinn@frettabladid.is

## Spurningarnar til hæstaréttar

Málið, sem hæstiréttur Bandaríkjanna hefur tekið til meðferðar, snýst um tvær spurningar:

### 1. Gerir 14. viðauki

bandarísku stjórnarskrárinnar ríkjum Bandaríkjanna skylt að leyfa hjónabönd milli tveggja einstaklinga af sama kyni?

### 2. Gerir 14. viðauki

bandarísku stjórnarskrárinnar ríkjum Bandaríkjanna skylt að viðurkenna hjónaband milli tveggja einstaklinga af sama kyni ef hjónaband þeirra var leyft samkvæmt lögum og stofnað var til þess utan ríkisins?

### Úr 14. viðauka

bandarísku stjórnarskrárinnar: Ekkert ríki skal setja eða framfylgja neinum lögum er skerði réttindi og friðhelgi ríkisborgara Bandaríkjanna; ekki skal heldur neitt ríki svipta nokkurn mann lífi, frelsi né eignum án réttrar málsmeðferðar að lögum, né heldur neita nokkrum manni innan lögsögu sinnar um almenna lagavernd.

## Hræringar síðustu áratuga

Árið 1996 staðfesti Bill Clinton, þáverandi forseti, lög um „vernd hjónabandsins“, en þar er hjónaband skilgreint sem samband karls og konu. Með þessari lagasetningu fengu ríki Bandaríkjanna skýra heimild til þess að neita að viðurkenna hjónabönd samkynhneigðra, jafnvel þótt stofnað hefði verið til með löglegum hætti í öðrum ríkjum Bandaríkjanna. Clinton vildi síðar ógilda þessi lög.

Tvö ríki Bandaríkjanna voru þá þegar, áður en þessi lög voru sett, búin að banna hjónabönd samkynhneigðra. Næstu árin eftir setningu laganna fylgdu meira en 30 ríki í kjölfarið. Bannríkjunum hélt áfram að fjölga allt til ársins 2010, en hefur síðan farið hratt fækkandi. Nú er svo komið að 13 af 50 ríkjum Bandaríkjanna banna samkynhneigðum að ganga í hjónaband.

Árið 2013 kvað hæstiréttur upp sögulegan úrskurð sem varð til þess að snúa þessari þróun við. Með dómsúrskurðinum var ákvæði í hinum umdeildu lögum um vernd hjónabandsins numið úr gildi. Eftir það þurftu ríki Bandaríkjanna að viðurkenna réttindi samkynhneigðra hjóna jafnvel þótt slík hjónabönd væru áfram ólögleg í viðkomandi ríki.

Nú hafa 36 ríki Bandaríkjanna leyft hjónabönd samkynhneigðra. Þeim hefur fjölgað hratt á síðustu þremur árum en Massachusetts reið á vaðið strax árið 2004.


## Innköllun vegna rafrænnar skráningar hlutabréfa

Miðvikudaginn 10. júní 2015 verða hlutabréf í Borgun hf. tekin til rafrænnar skráningar hjá Verðbréfaskráningu Íslands í samræmi við ákvörðun stjórnar félagsins. Skráningin tekur gildi kl. 9.00 árdegis. Frá þeim tíma ógildast hin áþreifanlegu hlutabréf í félaginu í samræmi við ákvæði laga nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa og reglugerðar settri á grundvelli þeirra.

Nánar tilgreint verða öll hlutabréf í Borgun tekin til rafrænnar skráningar, en þau eru öll í einum flokki, ónúmeruð en gefin út á nafn hluthafa. Útgáfudags er getið á hverju bréfi. Að lokinni rafrænni skráningu verður nafnverð hvers hlutar ákveðið 1 -ein- íslensk króna eða margfeldi þar af.

Hér með er skorað á alla eigendur ofangreindra hlutabréfa, sem telja nokkurn vafa leika á því að eignarhald þeirra sé réttilega fært í hlutaskrá Borgunar að staðreyna skráninguna með fyrirspurn til skrifstofu Borgunar að Ármúla 30, 108 Reykjavík. Leiði slík könnun í ljós að eigendaskipti hafi ekki verið skráð ber eigendum að færa sönnur á þau gagnvart félaginu.

Ennfremur er skorað á alla þá sem eiga takmörkuð réttindi til ofangreindra hlutabréfa, s.s. veðréttindi, að koma þeim á framfæri við fullgilda reikningsstofnun, fyrir skráningardag. Gæta skal þess að reikningsstofnun hafi gert aðildarsamning við Verðbréfaskráningu Íslands.

Að lokinni rafrænni skráningu þurfa hluthafar að fela reikningsstofnun sem gert hefur aðildarsamning við Verðbréfaskráningu Íslands umsjón með eignarhlut sínum í félaginu. Hluthafar munu fá sendar tilkynningar og reikningsyfirlit í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 397/2000.

Athygli hluthafa er vakin á því að hlutabréfin verða ógilt sjálfkrafa og því er ekki þörf á að skila þeim til félagsins.

Stjórn Borgunar hf.

BORGUN


DEBENHAMS
20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
HERRAFÖTUM
& SKÓM*
Gildir út sunnudag.
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.
Finndu okkur á facebook
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Samræmd gjaldtaka út af borðinu

Fjögur ráðuneyti vinna að nýrri áætlun um fjármögnun ferðamannastaða. Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, segir stefna í að uppbygging ferðamannastaða verði sett á fjárlög. Unnið er með að milljarður renni til uppbyggingarinnar árlega.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is

„Í dag sé ég ekki fyrir mér að stjórnvöld taki upp samræmda gjaldtöku til uppbyggingar ferðamannastaða á næstu misserum," segir Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Hún segir að ferðaþjónustan skili sífellt meiri tekjum sem séu rök fyrir því að fé renni beint úr ríkissjóði til að byggja upp og vernda þær náttúruperlur sem eru helsta aðdráttarafl sífellt fleiri ferðamanna sem hingað koma. Fullreynt er með náttúrupassann, í óbreyttri mynd.

### Uppbygging á fjárlög

„Við fjármálaráðherra ræddum strax við upphaf þessa máls að einfaldasta lausnin væri að setja uppbyggingu ferðamannastaða á fjárlög. Í þann farveg virðist mér þetta mál vera að stefna núna, og muni þá keppa um fjármagn við annað sem þarf að sinna – hvort sem það eru heilbrigðismál, menntamál eða aðrir mikilvægir málaflokkar. Þetta er þó þeim takmörkunum háð að það er Alþingi sem fer með fjárlagavaldið og sérstakur tekjustofn verður ekki til staðar sem tryggir langtíma uppbygginguna, nema við náum að móta stefnu til nokkurra ára. Það er það sem stefnt er að núna."

### Úr sögunni

Eins og komið hefur fram dagaði frumvarp Ragnheiðar um náttúrupassa uppi í atvinnuveganefnd þingsins og því útséð með afgreiðslu málsins á þessu þingi.

„Miðað við reynsluna af vinnu síðustu mánaða við þetta mál sé ég ekki fram á að leggja það aftur fram í haust – eða yfirleitt. Það er ljóst að við verðum að fara aðra leið. Það er miður, því hugsunin með náttúrupassanum var að ná utan um þetta viðfangsefni með heildarlausn. Staðreyndin er sú að hagsmunirnir eru of margir, of ólíkir og að vissu leyti ósamrýmanlegir. Þetta er niðurstaðan og ég sagði ítrekað í öllu þessu ferli að ef þessi fjármögnunarleið næði ekki fram að ganga mætti ekki missa sjónar á viðfangsefninu sjálfu sem er mikilvægast í þessu, og það er að hennar sögn unnið að nýrri áætlun í samstarfi fjögurra ráðuneyta. Verið er að skilgreina hvaða ferðamannastaðir heyri undir ríkið, hver staðan sé á hverjum þeirra og hvernig uppbygging verður tryggð á næstu árum.

„Og hún verður tryggð. Við munum axla okkar ábyrgð," segir Ragnheiður og bætir við að þrátt fyrir að erfitt sé að áætla hvað þurfi nákvæmlega til þá sé hægt að gefa sér með nokkurri vissu að milljarð þurfi árlega á næstu árum. Með þá tölu sé unnið í ráðuneytunum fjórum sem koma að verkefninu. „En þá standa einkaaðilar og sveitarfélögin eftir. Fyrst heildarlausnin, náttúrupassinn, verður ekki ofan á verða allir að axla sína ábyrgð, ríkið, sveitarfélögin, einkaaðilar og ferðaþjónustan sjálf. Það er ekki bara hægt að horfa til ríkisins með fjármögnun þessara brýnu verkefna."

> **Og hún verður tryggð. Við munum axla okkar ábyrgð**

### Fallin á tíma?

Gagnrýni um að ekki sé nóg að gert og þjóðin sé að falla á tíma með uppbygginguna svarar ráðherra að vissulega sé verkefnið brýnt. Á sama tíma fyrir ári hafði 380 milljónum króna verið varið sérstaklega til aðkallandi verkefna sem voru tilbúin, þyldu ekki bið og yrðu að klárast fyrir sumarið. Svo hafi komið í ljós að mörg verkefni fóru ekki af stað fyrr en miklu síðar ýmissa hluta vegna. „Niðurstaða mín í fyrrahaust var að þetta strandar ekki endilega á fjármögnun verkefnanna einni saman heldur einnig á öðrum þáttum eins og skipulagsmálum og hönnun," segir Ragnheiður og bætir við að með náttúrupassanum hafi átt að reyna að koma í veg fyrir að þessi staða tefði fyrir uppbyggingu. „Það var eitt sem átti að vinnast með náttúrupassanum – að innleiða langtímahugsun í krafti tryggrar fjármögnunar," segir Ragnheiður.



**VINNUR NÝJA ÁÆTLUN** Ragnheiður Elín segir að ný áætlun fjögurra ráðuneyta um uppbyggingu ferðamannastaða líti dagsins ljós á næstu vikum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Kemur ekki til greina

Fjölmargar hugmyndir hafa verið nefndar sem leiðir til heildstæðrar fjármögnunar á uppbyggingu ferðamannastaða. Gistináttagjald er ein þeirra og er þegar innheimt. Gjaldið hefur skilað á sjöunda hundrað milljónum síðan gjaldtakan hófst í byrjun árs 2012.

Ragnheiður hafnar hugmyndinni um að hækka einfaldlega gistináttagjaldið. „Engin slík leið er til skoðunar og kemur ekki til greina að mínu mati. Þetta er óhagkvæmur skattstofn vegna fjölda innheimtuaðila fyrir lítið fé, t.d. samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra. Ég tel líka engar líkur á því, eins og umræðan er um þessi mál, að meiri sátt myndi nást um hækkun á gistináttagjaldi, komugjöld – eða hvað annað. Ekki heldur einhvers konar blandaða leið af gjaldtöku sem þessari, eins og stjórnarandstaðan hefur nefnt," segir Ragnheiður sem útilokar ekki aðkomu einkaaðila og nefnir dæmi frá nýlegri heimsókn sinni til Ástralíu. Þar sé það ekki litið hornauga þó að einkaaðili byggi upp ýmsa starfsemi eins hótel og reki það innan þjóðgarða þar í landi. „Mér finnst alveg vel koma til greina að skoða málið hérna heima í þessu samhengi."

**AÐALFUNDUR CCP hf.**

Aðalfundur CCP hf., kt. 450697-3469, verður haldinn 15. maí 2015 á skrifstofu félagsins að Grandagarði 8, Reykjavík og hefst kl. 16:00.

**DAGSKRÁ:**

Venjuleg aðalfundarstörf skv. gr. 4.07 samþykkta félagsins, þar á meðal:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um hag félagsins og rekstur á liðnu starfsári
2. Ársreikningur félagsins fyrir tímabilið sem lauk 31. desember 2014 verður lagður fram til staðfestingar
3. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar eða taps félagsins fyrir sama tímabil
4. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna
5. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins
6. Kosning stjórnar
7. Kosning endurskoðenda
8. Önnur mál löglega færð til fundarins

Að þessu sinni gerir félagið ekki ráð fyrir breytingartillögum á samþykktum félagsins.

Sérstaklega er bent á að þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn CCP hf. skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins eigi síðar en 5 sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Þeir einir eru kjörgengir sem þannig hafa gefið kost á sér.

Dagskrá, ársreikningur félagsins og aðrar endanlegar tillögur munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis hluthöfum til sýnis frá og með 8. maí 2015, 7 dögum fyrir aðalfundinn.

Aðalfundarstörf munu fara fram á ensku.

**Reykjavík 30. apríl 2015**
**Stjórn CCP hf.**

CCP



**LAND ROVER-FLOTINN** Yfir eitt hundrað jeppar voru fluttir hingað til lands þegar Land Rover kynnti nýja tegund fyrir blaðamönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Svifflugfélag Íslands kærir vegna synjunar á leyfi:

# Bönnuðu jeppaakstur á vatnsverndarsvæði

**STJÓRNSÝSLA** „Enga heimild er að finna í lögum og reglugerðum um að heilbrigðisnefnd hafi heimild til að synja um akstur bifreiða á landi félagsins á Sandskeiði," segir í kæru Svifflugfélags Íslands vegna synjunar heilbrigðisnefndar á leyfi fyrir tilraunaakstur á vegum Land Rover.

Allt að eitt þúsund blaðamönnum var boðið til Íslands í desember og janúar til að reynsluaka nýjum bíl frá Land Rover, Discoery Sport, við erfiðar aðstæður eins og hér geta verið að vetrarlagi. Meðal annars leitaði Land Rover til Svifflugfélagsins um að fá að útbúa akstursbraut á svæði félagsins við Sandskeið. Lagði Land Rover áherslu á að öll leyfi væru í lagi en þau fengust ekki þar sem Sandskeið er á vatnsverndarsvæði.

Í kæru Svifflugfélagsins til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála segir að þrátt fyrir að nær öll starfsemi félagsins sé unnin í sjálfboðavinnu hafi rekstur félagsins orðið æ þyngri undanfarin ár, aðallega vegna nýrra og íþyngjandi krafna yfirvalda.

„Því var tilboði bifreiðaframleiðanda tekið fagnandi þegar framleiðandinn bauð fram ríflegan fjárstyrk gegn því að fá að aka af fyllsta öryggi um snævi þakta velli Sandskeiðs á fyrirfram merktri snjóbraut," segir í kærunni. Hættan á mengunarslysi hafi verið hverfandi.

Þá kveðst Svifflugfélagið telja að heilbrigðisnefnd hafi ekki lagaheimild til að synja um akstur bíla á landi félagsins á Sandskeiði. „Hvergi er að finna ákvæði í lögum sem heimila yfirvöldum að krefjast tímabundins starfsleyfis eða annarra leyfa til að heimila nokkrum bifreiðum að aka um upprækt að snævi þakið og frosið landsvæði."

> **Þeir buðu fram ríflegan fjárstyrk gegn því að fá að aka af fyllsta öryggi um snævi þakta velli Sandskeiðs.**
> *Úr kæru Svifflugfélags Íslands.*

Í svari til úrskurðarnefndarinnar segir heilbrigðisnefndin að nálgun hennar sé skýr. „Vélknúin umferð er viðvarandi ógn við verndun vatnsbólanna í Heiðmörk og alla starfsemi á vatnsverndarsvæðinu verður að nálgast í því samhengi," segir í svarinu.

„Akstursæfingum og akstursíþróttum fylgir ávallt ákveðin mengunarhætta og á það ekki síður við um tilraunaakstur," segir heilbrigðisnefndin enn fremur. Henni beri að sjá til þess að mengunarvarnir við allan atvinnurekstur á svæðum til verndar vatnsgæðum miðist við ströngustu skilyrði. Um sé að tefla „aðal ákomu- eða vatnssöfnunarsvæðið fyrir þá grunnvatnsstrauma sem liggja að núverandi og framtíðar vatnsbólum höfuðborgarsvæðisins."

gar@frettabladid.is

# smashbox

## SMASHBOX DAGAR Í HAGKAUP
## KRINGLAN – SMÁRALIND – HOLTAGARÐAR

563 5221 | 530 1025 | 563 5158

## 30. APRÍL – 6. MAÍ

### KOMDU Í HEIMSÓKN!

TRYGGÐU ÞÉR FRÍA 30 MÍNÚTNA RÁÐGJÖF
MEÐ FÖRÐUNARFRÆÐINGI SMASHBOX

FLOTTUR GLAÐNINGUR FYLGIR
MEÐ HVERRI KEYPTRI VÖRU.



**20%**
AFSLÁTTUR

#SHAPEMATTERS

HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*



**Audi A4**
2.0 TDI AT
2013 **5.490.000** KR
42 · A



**Audi A4**
Avant 2.0 TDI
2012 **5.390.000** KR
29 · A



**Mitsubishi I-MIEV**
Rafmagnsbíll
2012 **2.190.000** KR
8



**MM Pajero**
3.2 Intense
2012 **6.990.000** KR
68 · A



**VW Golf**
Sportsvan Highline
2014 **4.650.000** KR
2 · A



**VW Polo**
1.4 Comfortline 85 Hö
2012 **2.190.000** KR
66 · A



**VW Passat**
Alltrack 4motion
2013 **4.980.000** KR
118 · 4x4 · A



**VW Passat**
Comfortline at Ecofuel
2013 **3.750.000** KR
25 · ECO · A



**VW Bjalla**
Túrbo Sport 200hö
2014 **5.950.000** KR
6

## Þú finnur okkur á Kletthálsi 13 Hekla Notaðir Bílar

26 Ekinn þús. km.
Myndir á vef
Dísil
4x4 Fjórhjóladrif
ECO Metan & bensín
A Sjálfskiptur
Beinskiptur
Rafmagnsbíll



**VW Tiguan**
Track&Style 2.0 TDI
2013 **5.790.000** KR
30 · 4x4 · A



**VW Tiguan**
Trend&Fun 2.0 TDI
2012 **3.950.000** KR
49 · 4x4



**VW Passat**
TDI 4Motion
2013 **4.990.000** KR
27 · 4x4



**VW Caravelle**
LWB 2.0 Trendline
2012 **4.990.000** KR
127



**Skoda Octavia**
Combi 4x4 1.6 TDI
2013 **3.740.000** KR
66



**Skoda Rapid**
Amb. 1.4 TSI 122hö
2013 **3.190.000** KR
38 · A



**Skoda Superb**
Combi TDI 170 hö.
2012 **3.690.000** KR
125 · A



**Skoda Yeti**
2.0 TDI 140 Hö
2013 **3.950.000** KR
61



KLETTHÁLS NÝR SÝNINGASALUR

# FLUTTIR

Velkomin í einn stærsta sýningarsal notaðra bíla á landinu að Klettháls 13. Enn betri þjónusta í enn betra umhverfi. HEKLA notaðir bílar.

Das Auto.
Audi
ŠKODA
MITSUBISHI MOTORS




HEKLA NOTAÐIR BÍLAR

Klettháls 13 · HeklaNotadirBilar.is · 590 5040

ÞINGSJÁ



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is
Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is

AF ÞINGPÖLLUNUM
KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ

# Reglur tryggja ekki siðlegheit, en er þetta svona flókið?

Siðareglur hafa verið nokkuð til umræðu undanfarið, en Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, boðaði setningu siðareglna fyrir þingmenn í þingsetningarræðu sinni í haust. Þær reglur hafa ekki enn litið dagsins ljós, en Einar var í viðtali við morgunútvarp Ríkisútvarpsins í gær og kom þá inn á þá vinnu. Sagðist hann vonast til að hægt yrði að klára hana, en minnti þó á að slíkar reglur væru engin trygging. Á endanum væri það hvers þingmanns að gæta að eigin hegðan. Satt og rétt, þingmönnum ber jú að starfa eftir eigin samvisku.

Á mánudag skapaðist umræða um siðareglur á þingi og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra og Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra lýstu sinni skoðun.

Sigmundur Davíð upplýsti að siðareglur sem fyrri ríkisstjórn setti ráðherrum árið 2011 væru hafðar til viðmiðunar, en fyrir liggi að „vinna hefur átt sér stað í forsætisráðuneytinu við undirbúning nýrra siðareglna“, eins og ráðherra sagði í pontu.

Bjarni lýsti sömu sjónarmiðum og vitnað var til frá forseta Alþingis hér að ofan, að siðareglur einar og sér tryggðu ekki að allt væri í lagi. Þar kom hann inn á hlut sem er frískandi að heyra frá stjórnmálamanni í dag, nú á þessum tímum þegar í tísku er að hafa margt er fjölmiðla varðar á hornum sér. Bjarni sagði að aðhaldið sem stjórnmálamenn þyrftu að hafa yrði að koma „frá fjölmiðlunum og frá almenningi í landinu, frá þingheimi og öðrum með framkvæmd stjórnsýslunnar“, eins og hann orðaði það.

Það er gott að hafa það í huga að siðareglur einar og sér eru ekki trygging fyrir því að allt sé í lukkunnar velstandi. Það er hins vegar líka gott að hafa í huga að setning siðareglna á ekki að vera gríðarlega flókið mál sem taki ríkisstjórn hálft kjörtímabilið að vinna að.



**→ Ríkisstjórnin** á ekki að þurfa hálft kjörtímabil til að setja siðareglur..

GJALLARHORNIÐ



**Vigdís Hauksdóttir**

**um uppbyggingu í Vatnsmýri**

Það er ekki einasta að Reykjavíkurborg er komin langt fram úr þeim heimildum sem hún hefur varðandi þessi mál heldur liggur Reykjavíkurborg svo á að hefja þarna framkvæmdir og útrýma neyðarbrautinni að hún tekur ekki tillit til þess að Samgöngustofa hefur nú til umfjöllunar möguleg áhrif á lokun flugbrautarinnar sem kölluð er neyðarbraut. Ég hef áður gagnrýnt að þar er á ferðinni mikið stjórnsýsluklúður vegna þess að síðan þetta mál fór af stað núna í seinasta sinn hefur það tekið 16 mánuði og ég minni á málshraðareglu stjórnsýsluréttar. Jafnframt fer Reykjavíkurborg fram úr því samkomulagi sem var búið að gera varðandi hina svokölluðu Rögnunefnd, að hafast ekkert að á Hlíðarenda og í Vatnsmýrinni fyrr en einhver niðurstaða væri komin í starf nefndarinnar.



**Ásmundur Friðriksson**

**um neytendur**

Frá 1. janúar 2013 til 1. mars síðastliðins hefur svínakjöt hækkað um 8,43% til neytenda, en á sama tíma hefur verð á svínakjöti til bænda lækkað um 8,91%. Þessar upplýsingar komu fram í hæstv. atvinnuveganefnd í morgun. (ÖS: Þetta er svínarí.) Þetta er svínarí. Ég tek undir það með hv. þingmanni. Ég velti fyrir mér á hvaða vegferð er verslun í landinu. Þegar fólk er að sækja aukinn kaupmátt og hærri laun þá er verslunin að stela því af fólki með því að taka ekki þátt í þeirri sátt sem þarf að ríkja.

# Ekki nokkur spurning um nýjan spítala við Hringbraut

Heilbrigðisráðherra segir það ekki nokkra spurningu að nýbyggingar Landspítala muni rísa við Hringbraut. Málið hefur velkst í pólitíkinni í þrettán ár. Forsætisráðherra segir staðsetninguna ekki hafa verið samþykkta á Alþingi.

„Ef einhver skyldi velkjast í vafa um hvar nýbyggingar Landspítala munu rísa get ég upplýst um það hér að í mínum huga er það ekki nokkur spurning, það verður við Hringbraut,“ sagði Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra í ræðu sinni á ársfundi Landspítalans í gær.

Alþingi samþykkti í maí 2014 með öllum greiddum atkvæðum þingsályktun sem kvað á um að fela ríkisstjórninni að ljúka eins fljótt og verða mætti undirbúningi á endurnýjun og uppbyggingu Landspítala við Hringbraut og hefja framkvæmdir þegar fjármögnun hefði verið tryggð.

Raunar var tillagan önnur en sú sem á endanum var samþykkt. Í upphaflegu útgáfunni var ætlað að fela ríkisstjórninni að ljúka eins fljótt og verða mætti undirbúningi byggingar nýs Landspítala við Hringbraut og hefja byggingu hans að því loknu.

Umræðan um byggingu nýs Landspítala á þessum stað hefur staðið í langan tíma og of langt mál er að rekja þá sögu alla. Sem dæmi má nefna þingsályktunartillögu frá árinu 2004 um undirbúning nýbyggingarinnar. Síðan eru liðin meira en tíu ár en til að setja tillöguna í sögulegt samhengi var í henni einnig lagt til að yrði Landssíminn seldur ætti að nýta hluta söluverðmætisins til þessa verkefnis. Þrjár staðarvalsnefndir hafa fjallað um málið, árin 2002, 2004 og 2008, og allar komist að þeirri niðurstöðu að Hringbraut ætti að verða fyrir valinu. Þá hefur Alþingi tvívegis samþykkt lög um nýjan spítala við Hringbraut, árin 2010 og 2013.



**BOÐA NÝBYGGINGAR** Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra og Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, á ársfundinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Á miðvikudag í síðustu viku spurði Guðbjartur Hannesson, þingmaður Samfylkingarinnar, forsætisráðherra um nýbyggingu Landspítala við Hringbraut. Vakti hann athygli á því að í ríkisfjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir næstu þrjú árin væri gert ráð fyrir að lokið yrði við byggingu sjúkrahótels og hönnun á meðferðarkjarna á árinu 2017 við Hringbraut. „Samstaða náðist um þetta mál á Alþingi með þingsályktun um nýjan Landspítala við Hringbraut í Reykjavík á síðastliðnu vori,“ sagði Guðbjartur.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra svaraði því til að ekki væri rétt að nýr Landspítali hefði verið samþykktur, heldur aðeins viðhald og bráðabirgðaaðgerðir á húsnæði og uppbygging eftir þörfum.

Þannig virðist ein helsta andstaðan við byggingu nýs Landspítala við Hringbraut vera forsætisráðherrann sjálfur.

Sigmundur hefur talað til dæmis fyrir byggingu spítala á lóð Ríkisútvarpsins við Efstaleiti. Á Facebook-síðu sinni í apríl sagði hann að um staðsetninguna væru skiptar skoðanir og því hefði þingsályktuninni frá 2014 verið breytt. „Lausnamiðað fólk hlýtur að skoða þá möguleika sem eru fyrir hendi miðað við núverandi aðstæður til að meta hver sé skynsamlegasta, hagkvæmasta og fljótlegasta leiðin til að byggja nýtt þjóðarsjúkrahús,“ skrifaði Sigmundur.

Þrír síðustu heilbrigðisráðherrar Framsóknarflokksins, þau Siv Friðleifsdóttir, Jón Kristjánsson og Ingibjörg Pálmadóttir, voru allir sammála um að byggja ætti nýtt sjúkrahús við Hringbraut.

Fylgismenn uppbyggingar nýja spítalans við Hringbraut gætu til dæmis bent forsætisráðherra á að Guðjón Samúelsson heitinn arkitekt teiknaði ekki aðeins bygginguna sem Landspítalinn er í í dag við Hringbrautina heldur einnig mun stærri spítala. Ef til vill myndi það liðka fyrir samþykki hans á framkvæmdunum.



**STAÐSETNINGIN** Teikning af nýjum Landspítala við Hringbraut.

fanney@frettabladid.is

Þingmenn þvert á flokka fagna þingsályktun um ríkisfjármálaáætlun til 2019 þótt ákveðin atriði séu umdeild:

# Rammi fyrir ríkisfjármál næstu fjögurra ára

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra mælti í vikunni fyrir ríkisfjármálaáætlun fyrir árin 2016 til 2019. Í máli ráðherra kom fram að þetta væri í fyrsta sinn sem tillaga af þessu tagi væri lögð fyrir á Alþingi og markaði því framlagningin tímamót við stjórn ríkisfjármála á Íslandi.

„Með þessu nýja vinnulagi er þingræðið eflt, enda er með þessu tryggt að Alþingi komi mun fyrr að mótun þess ramma sem fjárlagagerðinni er sniðinn því að í áætluninni birtist stefnumótandi umfjöllun sem beinist að markmiðum, meginlínum og heildarstærðum í fyrstu áföngum fjárlagaferlisins,“ sagði Bjarni.

Hann sagði áætlunina bera með sér að veruleg umskipti hefðu orðið í rekstri ríkissjóðs, jafnvægi hefði náðst og horfur væru á auknum afgangi á næstu árum. „Afkomubatinn hefur verið nýttur til að loka fjárlagagatinu og stöðva skuldasöfnun ríkissjóðs en það er augljós forsenda fyrir raunverulegri viðspyrnu í fjármálum ríkisins. Miklu máli skiptir að styrkja áfram stöðu ríkissjóðs á næstu árum og að ríkisskuldir sem hlutfall af landsframleiðslu haldi áfram að lækka.“



Stjórnarandstöðuþingmenn fögnuðu framlagningunni, þótt þeir hefðu sitthvað efnislegt við hana að athuga. Bæði Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar, og Steingrímur J. Sigfússon, Vinstri grænum, gerðu athugasemdir við að áætlaðar væru mjög litlar fjárfestingar. „Í mínum huga heitir það skuldasöfnun að fara ekki í nauðsynlegar fjárfestingar til að byggja upp innviði eða fara ekki í nauðsynlegt viðhald. Það safnast bara upp þörf,“ sagði Guðmundur.



Steingrímur var einnig á því að það veikti áætlunina að hvergi væri sýnt að ríkið væri að tapa. „Bæði að taka á sig kostnað sem er ófjármagnaður og tapa umtalsverðum tekjum vegna skuldaniðurfellingaraðgerðar ríkisstjórnarinnar. Það eru stórar fjárhæðir,“ sagði Steingrímur.

- fbj


SUMAR Í HJARTA
SUMAR Á HJÓLI
HJÓLADEILD ÚTILÍFS ER Í SMÁRALIND (HJÓL FÁST EINNIG Í GLÆSIBÆ)
MEMORY FOAM hnakkur veitir mikil þægindi á styttri sem lengri ferðum.
Dempari bæði í sætis-stöng og framgaffli fyrir aukin þægindi.
Tvöfaldar álgjarðir.
Kemur með keðjuhlíf og standara.
Vítt hlutfall gíra. Shimano, 21 gír.
Stillanlegur stýris-rammi svo þú sért örugglega upprétt og bein í baki.
Álstell og álbremsur.
Sér stell fyrir herra og dömur.
JAMIS ER MARGVERÐLAUNAÐ GÆÐAMERKI FRÁ BANDARÍKJUNUM SEM FRAMLEIÐIR HJÓL FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA OG ALLAR AÐSTÆÐUR. CITIZEN HJÓLIÐ ER HANNAÐ MEÐ ÞÆGINDI Í HUGA OG KEMUR ÞÉR AUÐVELDLEGA OG ÖRUGGLEGA Á MILLI STAÐA, HVORT SEM ER LENGRI EÐA STYTTRI VEGALENGDIR.
JAMIS
THE POWER OF DESIGN
ÚTILÍF
síðan 1974
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

GOTT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

Skoðaðu úrvalið á bilaland.is

ALLT AÐ 90% FJÁRMÖGNUN




TOYOTA HILUX SR
Nýskr. 03/08, ekinn 142 þús. km.
dísil, beinskiptur.
Rnr. 120676.

Frábært verð!
3.190 þús.



NISSAN NOTE VISIA
Nýskr. 05/12, ekinn 84 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 1.990 þús.
Rnr. 282554.



NISSAN QASHQAI ACENTA
Nýskr. 05/14, ekinn 4 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.380 þús.
Rnr. 142832.



SUBARU OUTBACK LUX
Nýskr. 03/13, ekinn 102 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.970 þús.
Rnr. 102524.



HYUNDAI iX35 COMFORT 4x4
Nýskr. 05/14, ekinn 42 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 5.250 þús.
Rnr. 120625.



HYUNDAI i30 COMFORT
Nýskr. 11/10, ekinn 62 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.350 þús.
Rnr. 120677



BMW 320i
Nýskr. 06/10, ekinn 69 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.890 þús.
Rnr. 142204.

bílaland
Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is




**Í UPPHAFI DAGS** Það er venja að forstjóri nýskráðs félags hringi inn viðskiptin á fyrsta degi. Það var engin breyting gerð á því í gær og tók forstjóri Eikar sig vel út við bjölluna. Páll Harðarson fylgdist spenntur með. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þrjú fasteignafélög komin í Kauphöllina

Um 160 milljóna króna viðskipti voru með bréf í fasteignafélaginu Eik á fyrsta viðskiptadegi. Forstjórinn segist sáttur við niðurstöðu í útboðinu. Forstjóri Kauphallarinnar segir skráningar á markaði undanfarið hafa verið vel undirbúnar.

Fyrsti viðskiptadagur með bréf í Eik fasteignafélagi á aðallista Kauphallar Íslands var í gær og nam velta með bréf félagsins 160 milljónum króna.

Garðar Hannes Friðjónsson, forstjóri fyrirtækisins, sagði í upphafi dags að hann væri sáttur við niðurstöðuna í útboðinu sem haldið var. „Þetta seldist allt og það var umframeftirspurn, þannig að ég er alveg sáttur við þetta útboð,“ sagði hann. Í útboðinu bárust tilboð fyrir samtals 8,3 milljarða króna í 3,3 milljarða króna hlut.

Ákveðnar skyldur eru lagðar á skráð fyrirtæki, til dæmis um birtingu uppgjörs ársfjórðungslega í stað einu sinni á ári. Garðar Hannes telur það þó ekki vera vandamál. „Við höfum alltaf gert þessi uppgjör, þótt við höfum ekki birt þriggja og níu mánaða uppgjör,“ segir Garðar Hannes. Eini munurinn núna sé þá sá að núna verði uppgjörin birt almenningi.

Eik er þriðja fasteignafélagið á aðallistanum. Fyrir er Reginn og fyrir fáeinum vikum bættust Reitir við. Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, telur að Eik verði áhugaverð viðbót við markaðinn. „Þetta er áhugaverð leið fyrir almenna fjárfesta inn á fasteignamarkað, hvort sem það er í gegnum beinar fjárfestingar eða óbeint í gegnum sjóði,“ segir hann.

Páll telur ekki of mikið að vera með þrjú fasteignafélög. „Við erum með þrjú tryggingafélög og nú erum við komin með þrjú fasteignafélög. Ég held að það einfaldlega geri markaðinn bara áhugaverðari fyrir þau félög sem eru í þessum geira að hafa samanburðarfélög,“ segir hann. Páll segir að virði fasteignafélaganna sé núna um ellefu til tólf prósent af markaðsvirði allra félaga á markaðnum.

Þess er vænst að þrjú félög muni brátt bætast á aðallistann. Síminn verður skráður í haust, Advania verður skráð á næsta ári og svo eru væntingar um að Skeljungur bætist í hópinn. „Þetta er svona í pípunum, en svo vonar maður að það komi að því að stjórnvöld taki skrefið og skrái Landsbankann. Það væri gríðarlega mikilvægt skref fyrir okkur,“ segir hann.

> **Við höfum alltaf gert þessi uppgjör, þótt við höfum ekki birt þriggja og níu mánaða uppgjör.**
>
> *Garðar Hannes Friðjónsson, forstjóri Eikar.*

Páll segir að mjög vel hafi verið búið að skráningum á markaðinn á síðustu árum. „Þær hafa verið undirbúnar mjög vel og þetta eru félög sem hafa verið í mjög góðum rekstri. Ég held að þetta sé mjög góð leið til að byggja upp markaðinn hérna. Þetta hafa verið að miklu leyti til arðgreiðslufélög. Vonandi fáum við líka inn fleiri vaxtarfélög sem líta til útlanda með vöxt,“ segir hann.

jonhakon@frettabladid.is

**Skattskrár vegna álagningar 2014 og virðisaukaskattsskrár vegna tekjuársins 2013 verða lagðar fram 30. apríl 2015**

Skrárnar, sem sýna álagða skatta og gjöld á gjaldendur í hverju sveitarfélagi, eru lagðar fram á viðkomandi starfsstöðvum ríkisskattstjóra eða á sérstaklega auglýstum stöðum dagana 30. apríl til og með 15. maí 2015.

Framlagning skattskráa er samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 98. gr. laga nr. 90/2003 og 46. gr. laga nr. 50/1988.

30. apríl 2015

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI


Char-Broil
TRU INFRARED
Grillmeistarar
takið eftir!
Verðlaunagrillin frá Char-Broil búa yfir nýju TRU-Infrared tækninni sem gerir þér kleift að grilla í hvaða veðri sem er. Þú færð gæðagasgrill frá Char-Broil og Thermos hjá Olís, Rekstrarlandi og Ellingsen. Grillin eru afgreidd samsett og keyrð heim til kaupanda ef óskað er.*
TRU INFRARED
ENGAR ELDTUNGUR
MINNI GASNOTKUN
Í ALLRI VEÐRÁTTU
0:00
STYTTRI ELDUNARTÍMI
BETRI STJÓRN Á HITA
SAFARÍKARI MATUR
100% JAFN HITI
Við bjóðum upp á 6 mánaða vaxtalausar léttgreiðslur Visa og Euro!
CHAR-BROIL GASGRILL
Grillflötur 470x470 mm
2 brennarar
69.900 KR.
Léttgreiðslur 11.650 KR. í 6 mán.
THERMOS
CHAR-BROIL BISTRO GASGRILL
Grillflötur 440 mm
1 brennari
39.900 KR.
Léttgreiðslur 6.650 KR. í 6 mán.
THERMOS GASGRILL
Grillflötur 430x430 mm
2 brennarar
34.900 KR.
Léttgreiðslur 5.817 KR. í 6 mán.
CHAR-BROIL GASGRILL
Grillflötur 670x470 mm
3 brennarar
109.900 KR.
Léttgreiðslur 18.317 KR. í 6 mán.
CHAR-BROIL GASGRILL
Grillflötur 790x470 mm
4 brennarar
139.900 KR.
Léttgreiðslur 23.317 KR. í 6 mán.
CHAR-BROIL TITAN GASGRILL
Grillflötur 670x485 mm
3 brennarar
169.900 KR.
Léttgreiðslur 28.317 KR. í 6 mán.
CHAR-BROIL X200 FERÐAGASGRILL
Grillflötur 280x440 mm
1 brennari
34.900 KR.
Léttgreiðslur 5.817 KR. í 6 mán.
*Heimkeyrsla innan höfuðborgarsvæðisins á virkum dögum milli kl. 9–18.
Söluaðilar Char-Broil:
Allar tegundir eru til í Rekstrarlandi og Ellingsen, en takmarkað vöruúrval er til í útibúum Olís.
REKSTRARLAND
Mörkinni 4 Reykjavík
olís
Útibú um allt land
Ellingsen
Fiskislóð 1 Reykjavík
Tryggvabraut 1-3 Akureyri

# Ný MacBook




Silver Edition




GoPro

Black Edition









## GoPro Hero4
Upptaka í 1080p upplausn
og 12mp ljósmyndir
**Tilboð: 59.990.-***
Fullt verð: 74.990.-

## GoPro Hero4
Upptaka í 4k upplausn í 30 römmum
á sekúndu og 12mp ljósmyndir
**Tilboð: 79.990.-***
Fullt verð: 89.990.-

## iPhone 6 Plus
16GB
**Tilboð: 124.990.-***
Fullt verð: 139.990.-

## Þráðlaus heyrnartól
Frá Soul Republic
**Tilboð: 25.990.-***
Fullt verð: 34.990.-

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.
*Tilboð gildir til 7. maí, eða meðan birgðir endast.

# Air fjölskylda

Komin í verslanir Epli.




Allt að
12 klst
Rafhlöðuending

## MacBook Air 11"

**Verð frá: 189.990**

Dual-core Intel Core i5
128GB flash / 4GB vinnsluminni

UPPSELD
Væntanleg í maí.

## MacBook Air 13"

**Verð frá: 199.990**

Dual-core Intel Core i5
128GB flash / 4GB vinnsluminni

Verslanir á Laugavegi 182 og í Smáralind • sími 512 1300 • epli.is

Ríkinu ber skylda til að hlúa að náttúrunni:

# Óbreytt ástand er ekki valkostur

Ragnheiður Elín Árnadóttir ferðamálaráðherra lýsti því yfir á dögunum að það lægi fyrir að frumvarp hennar um náttúrupassa yrði ekki afgreitt sem lög á þessu þingi og hún hefði engin áform um að leggja frumvarpið fram aftur á næsta þingi.

Frumvarpið fékk strax frá upphafi blendin viðbrögð. Raunar voru þau aðallega neikvæð. Lítill áhugi var meðal landsmanna á því að greiða fyrir aðgang að náttúru Íslands. Frumvarpið naut hvorki meirihlutastuðnings innan stjórnar- né stjórnarandstöðuflokkanna. Meira að segja virtist sem stuðningur ríkisstjórnarinnar væri ekki fyrir hendi. Auk þessa var grasrót ferðaþjónustunnar afar ósamstíga í málinu. Í upphafi var hún sammála því að passinn væri fín lausn á þessu eilífa deiluefni en snerist hugur þegar málið var langt komið og lagðist alfarið gegn þessari leið.



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Ragnheiður segir í viðtali við Fréttablaðið í dag að hún sjái ekki fyrir sér að stjórnvöld taki upp samræmda gjaldtöku til uppbyggingar ferðamannastaða á næstunni. Hún segir að ferðaþjónustan skili sífellt meiri tekjum í ríkissjóð sem séu rök fyrir því að fé renni beint úr ríkissjóði til að byggja upp og vernda þær náttúruperlur sem séu helsta aðdráttarafl ferðamanna sem hingað koma. „Við fjármálaráðherra ræddum strax við upphaf þessa máls að einfaldasta lausnin væri að setja uppbyggingu ferðamannastaða á fjárlög. Í þann fjarveg virðist mér þetta mál vera að stefna núna og muni þá keppa um fjármagn við annað sem þarf að sinna – hvort sem það er heilbrigðismál, menntamál eða aðrir mikilvægir málaflokkar,“ segir Ragnheiður Elín.

Ferðaþjónustan náði þeim áfanga árið 2013 að verða í fyrsta skiptið efst yfir gjaldeyrisskapandi greinar, á undan sjávarútvegi. Heildarútflutningstekjur hennar námu í fyrra um 300 milljörðum króna. Í tölum hagfræðideildar Landsbankans var þó gert ráð fyrir að tekjurnar væru meiri þar sem stórir liðir eins og veitingaþjónusta væru ekki teknir með í tölunum. Auk þess eru tekjur af íslenskum ferðamönnum ekki teknar með í reikninginn. Allar spár benda til þess að hröð fjölgun ferðamanna haldi áfram að vera staðreynd hér á landi og gert er ráð fyrir að tekjurnar fari upp í 340 milljarða á þessu ári.

Nauðsyn uppbyggingar og viðhalds náttúrunnar og þar með ferðamannastaða er eitt af því sem flestir geta verið sammála um. Flestir virðast sammála um að ferðaþjónustan standi frammi fyrir mikilli fjárþörf til uppbyggingar innviða á vinsælum ferðamannastöðum. Náttúra landsins er ein helsta auðlind þess. Ríkið hefur skyldur við komandi kynslóðir til að hlúa að náttúrunni.

Ragnheiður hefur sagt að þar fyrir að náttúrupassinn hafi dáið drottni sínum sé viðfangsefnið enn til staðar. „Við munum axla okkar ábyrgð,“ segir Ragnheiður í dag. Hvað svo sem fólki finnst um náttúrupassa er ljóst að lausnin sem í honum fólst var betri en óbreytt ástand. Baráttan sem Ragnheiður á fyrir höndum um nægilega fjármögnun til verkefnisins úr fjárlögum er hörð. Vonandi gengur henni vel. Í deilunni um náttúrupassa, úthlutun úr fjárlögum, gistináttagjald eða komugjöld er ljóst að sú sem er á leið með að verða undir er náttúran.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@365.is,* Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is,* Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hver ber ábyrgðina?

Ásmundur Friðriksson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, ræddi um Landeyjahöfn og Vaðlaheiðargöng á þingi í gær. Ljóst væri að framkvæmdir sem kostuðu á annan tug milljarða væru í uppnámi og viðbrögð samfélagsins væru að draga stjórnmálamenn til ábyrgðar. „Ábyrgð þeirra er mikil og ég dreg ekki úr því,“ sagði hann, en spurði um leið hver væri ábyrgur fyrir þeim stofnunum sem sæju um rannsóknir og framkvæmdir verkefnanna. Vaðlaheiðargöng voru alla tíð umdeild framkvæmd. Jarðgangagerð fylgir óvissa, en það var ekki síst aðkoma ríkisins að göngunum sem var gagnrýnd. Í því ljósi er athyglisvert að innsendar umsagnir um málið komu aðeins frá ASÍ og Samtökum atvinnulífsins.



### Þeir báru ábyrgðina

Að því sögðu eru það augljóslega þingmennirnir sem samþykktu lög um heimild til fjármálaráðherra til að fjármagna göngin sem bera ábyrgðina. Þar ber hæst þáverandi fjármálaráðherra, Steingrím J. Sigfússon, sem beitti sér mikið fyrir málinu. Tveir flokksbræður Ásmundar samþykktu síðan þessa ábyrgð á hendur ríkisins, þeir Kristján Þór Júlíusson og Tryggvi Þór Herbertsson. Líklega er það tilviljun að göngin eru í kjördæmi þeirra beggja.



### Ég ber ábyrgðina

Hvað Landeyjahöfn varðar sagðist Ásmundur hafa farið fram á óháða stjórnsýsluúttekt á málinu. Óvíst er hvort hennar gerist þörf, þar sem flokkssystir hans, Unnur Brá Konráðsdóttir, steig fram og lýsti því yfir að hún væri ein þeirra sem bæru ábyrgðina á framkvæmdinni. Jafnframt minnti hún á að verkinu væri ekki lokið. Það væri tvíþætt, ný höfn og ný ferja. Höfnin væri vissulega til staðar en nýju ferjuna vantaði. Unnið væri að því í innanríkisráðuneytinu að bæta úr því, en þar situr ráðherra Sjálfstæðisflokksins. Kannski þarf ekki frekari stjórnsýsluúttekt á málinu en að þingflokkur Sjálfstæðisflokksins ræði saman?

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Miðborg í blóma

SKIPULAGSMÁL



**Jakob Frímann Magnússon**
framkvæmdastjóri Miðborginnar okkar

Undanfarin ár hafa endurbætur og fjárfestingar í miðborginni verið meiri en nokkru sinni fyrr og er þá langt til jafnað.

Langþráðar endurbætur á Hverfisgötu austan Klapparstígs eru að baki og verður að óbreyttu lokið 2016. Framkvæmdum á Hjartareit / Hljómalindarreit verður lokið upp úr næstu áramótum, en til að svo geti orðið þarf að tryggja opnar akstursleiðir og óheft aðgengi og því bíða endurbætur og framkvæmdir á vestari hluta Hverfisgötu næsta árs.

Umtalsverðar framkvæmdir eru að hefjast í nágrenni Hörpu, þ.m.t. við umfangsmikla fimm stjörnu hótelbygginu. Bílastæði neðanjarðar, sumpart beintengd bílastæðum Hörpukjallarans, verða sem næst 1.000 er allt verður saman lagt. Hins vegar fækkar nokkuð ofanjarðarstæðum í miðborginni, þ.m.t. við hlið Tollstjórahússins sem þegar hafa verið skermuð af.

Vert er þá að minna á bílastæði í gamla Kolaportshúsinu, í Hörpukjallaranum, í Grjótaþorpi á horni Vesturgötu og Mjóstrætis, í Traðarkoti á horni Hverfisgötu og Smiðjustígs, á Skólavörðustíg við Bergstaðastræti, á Hverfisgötu við horn Vitastígs og í Stjörnuporti gegnt Laugavegi 91. Í öllum þessum húsum er að jafnaði að finna gnótt bílastæða auk þeirra fjölmörgu stæða sem dreifð eru um gjörvalla miðborg.

Sumargötur sem ráðgerðar eru frá maí til septemberloka verða á Laugavegi frá Vatnsstíg (vestan Frakkastígs) að Bankastræti, neðst á Skólavörðustíg, frá Bergstaðastræti að Bankastræti, Pósthússtræti og Austurstræti. Opið verður fyrir umferð og aðföng til hádegis hvern virkan dag.

Á hinum fjölmörgu torgum borgarinnar verður líf og fjör. Ber þar helst að nefna KRÁS, matarmarkaðinn vinsæla á Fógetatorgi sem verður opinn allar helgar í júlí og ágúst, reglubundnar lifandi tónlistarveislur á Ingólfstorgi, fjölbreytilega starfsemi á Torgum í biðstöðu, reglubundna viðburði Götuleikhússins og Hins hússins og reglubundnar uppákomur tengdar Löngum laugardögum sem eru að jafnaði fyrstu laugardagar hvers mánaðar.

Hér hefur verið stiklað á stóru. Í næstu grein verður nánar farið yfir framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru í miðborginni á komandi mánuðum og misserum.

Með bestu óskum um gleðilegt og sólríkt miðborgarsumar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **PRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Hækkun lágmarkslauna

Í DAG
**Þorvaldur Gylfason**
hagfræðiprófessor



Landið logar nú eina ferðina enn í verkföllum, sem hvergi sér fyrir endann á. Engum þarf að koma ófriðarbálið á óvart eftir það sem á undan er gengið. Á fyrri tíð mátti stundum með réttu kenna óraunhæfum kaupkröfum verklýðsfélaga um kollsteypur á vinnumarkaði, t.d. í sólstöðusamningunum 1977. Þá var samið um fjórðungshækkun launa á einu bretti yfir línuna. Verðbólgan jókst í áföngum upp í 83% árið 1983.

### Hvar liggur ábyrgðin?

Að þessu sinni virðast aðrir en launþegar og forustumenn þeirra bera höfuðábyrgð á hvernig komið er á vinnumarkaði. Aukin misskipting sem kristallast í skefjalausri sjálftöku hefur ásamt öðru hleypt illu blóði í kjaraviðræður. Hátekjumenn hafa ítrekað storkað launþegum með lágar tekjur. Nýtt dæmi er þriðjungshækkun stjórnarlauna í HB Granda, sem þiggur enn sem fyrr svo að segja ókeypis aðgang að sameignarauðlindinni í sjónum. Annað dæmi er endurvaktir bónusar í bönkum, sem lúta engri samkeppni erlendis frá. Þriðja dæmið er málarekstur seðlabankastjórans gegn Seðlabankanum fyrir dómstólum vegna launadeilu. Fjórða dæmið er eitt fyrsta verk ríkisstjórnarinnar 2013, en það var afturköllun fyrri ákvörðunar um hækkun veiðigjalda eins og til að auglýsa að nógir séu helvítis peningarnir eins og Fjölnismenn sögðu stundum hver við annan.

Launþegar fara nú fram á ríflega kjarabót til að jafna metin, þótt þeir megi vita að verðbólgan mun þá aftur láta á sér kræla. Fyrir launþegum með lágar tekjur og miðlungstekjur virðist vaka vonin um að halda hlut sínum gagnvart hátekjuhópum, jafnvel þótt leiðréttingin kunni að hækka höfuðstól verðtryggðra lána og rýra kaupmátt allra hópa þegar frá líður. Við bætist að því er virðist almennari áhugi en áður á að efla hag þeirra sem bera minnst úr býtum.

### Ný vitneskja

Lengi vel var það viðtekin skoðun meðal hagfræðinga að lögfesting eða hækkun lágmarkslauna væri nær sjálfvirk ávísun á aukið atvinnuleysi þar eð hækkun launa myndi knýja vinnuveitendur til að mæta kostnaðaraukanum með því að fækka fólki. Nánari athugun síðustu 15-20 ár hefur breytt þessu viðhorfi. Rannsóknir hagfræðinga á afleiðingum hærri lágmarkslauna í Bandaríkjunum virðast benda til minni áhrifa á atvinnuleysi en áður var talið. Það stafar einkum af því að á fákeypismarkaði, þar sem fáir vinnuveitendur keppa um vinnuaflið, draga bindandi lágmarkslaun úr markaðsvaldi vinnuveitenda, þ.e. úr getu þeirra til að halda launum og atvinnu niðri. Þessi nýja vitneskja hefur rutt sér til rúms í löggjöf í Bandaríkjunum, Bretlandi og víðar.

Lágmarkslaun á landsvísu í Bandaríkjunum eru nú 7,25 dalir á tímann og ná frá 5 dölum í Wyoming upp í 9,50 dali í höfuðborginni Washington. Lágmarkslaun á landsvísu voru hækkuð síðast 2009. Obama forseti hefur hvatt Bandaríkjaþing til að hækka þau í áföngum upp í 12 dali á tímann 2020. Það samsvarar 275.000 krónum á mánuði hér heima miðað við 40 stunda vinnuviku. Forsetinn styðst m.a. við rannsóknir sem benda til að hækkun lágmarkslauna úr 7,25 dölum á tímann (170.000 kr. á mánuði) upp í 9 dali á tímann (211.000 kr. á mánuði) myndi hækka tekjur 7,6 milljóna launþega og auka atvinnuleysi um 0,1% af mannaflanum. Hækkun lágmarkslauna úr 7,25 dölum upp í 10,10 dali á tímann (237.000 kr. á mánuði) myndi með líku lagi hækka tekjur 16,5 milljóna launþega og auka atvinnuleysi um 0,3% af mannaflanum. Sömu heimildir herma, að hækkun lágmarkslauna í 9 dali (eða 10,10 dali) á tímann myndi lyfta 300.000 (eða 900.000) manns upp fyrir fátæktarmörk.

Obama forseti heldur því sem sagt fram, studdur rækilegum rannsóknum hagfræðinga, að hækkun lágmarkslauna um meira en þriðjung myndi auka tekjur tíunda hvers vinnandi manns og lyfta 900.000 manns upp úr fátækt, en hafa jafnframt vinnuna af þrem af hverjum þúsund. Forsetinn telur það vera góð skipti. Dæmi nú hver fyrir sig.

### Fyrirmyndir eða víti til varnaðar?

Áður var yfirleitt talið að atvinnumissir af völdum hækkunar lágmarkslauna hlyti að vega þyngra en tekjuauki þeirra sem halda vinnunni. Nú þykjast margir, þar á meðal Obama Bandaríkjaforseti, sjá og skilja í ljósi nýrra rannsókna að svo þurfi ekki að vera. Hæg voru heimatökin. Einn helzti upphafsmaður þessara rannsókna, Alan Krueger prófessor í Princeton-háskóla, var um skeið aðalefnahagsráðgjafi forsetans. Lágmarkslaun eru lögbundin alls staðar á OECD-svæðinu nema á Norðurlöndum, Ítalíu, Sviss og Þýzkalandi. Lægst eru lágmarkslaunin að vísu í Bandaríkjunum og Japan sem hlutfall af meðallaunum eða 38% borið saman við 47% í Bretlandi og 61% í Frakklandi. Frakkar búa við mun meira atvinnuleysi en Bandaríkjamenn, sumpart trúlega af völdum of hárra lágmarkslauna í Frakklandi.

Hagfræðingar stjórnvalda og stríðandi fylkinga á vinnumarkaði hér heima hefðu þurft að gefa þessum erlendu fyrirmyndum gaum í tæka tíð og ræða þær við launþega frekar en að horfa á landið sogast inn í harðvítug verkföll m.a. vegna ágreinings um getu vinnuveitenda til að hækka lægstu launin að óbreyttri verðbólgu.

> Við bætist að því er virðist almennari áhugi en áður á að efla hag þeirra sem bera minnst úr býtum.

## AF NETINU

### Kveikjum eld



Fyrir tveimur áratugum eða svo seldi hægri stjórnin sem þá var við völd í landinu Síldarverksmiðjur ríkisins (SR). Valinn hópur vildarvina stjórnarflokkanna hneppti hnossið. Hvort útborgunin var lítil eða engin er ekki alveg ljóst í minni. Hitt er skýrt og klárt að skömmu áður en kom að fyrstu afborgun var greiddur út arður af rekstrinum. Hann var nokkur hundruð þúsundum króna hærri en nam afborguninni sem var á gjalddaga og áttu nýju eigendurnir afgang til lífsnautna. Salan var sum sé engin sala heldur gjafagjörningur með afgangi.

Fyrir fáum vikum seldi bankinn okkar, Landsbankinn, frá sér fyrirtækið Borgun. Valinn hópur vildarvina stjórnarflokkanna keypti. Fyrir lágvirði. Hvernig greitt var fyrir er ekki full ljóst. Hitt er nýlega upplýst að Borgun ætlar að greiða nokkur hundruð miljónir í arð í fyrsta sinn í sögu firmans. Og gerir það örfáum vikum eftir eigendaskipti, kannski rétt fyrir næstu afborgun af kaupunum. Það er ekki vitað. En hitt er augljóst að þetta var naumast sala, miklu skyldara gjafagjörningi. Sagan endurtekur sig. Vinavæðingin lifir.

http://www.

*Úlfar Þormóðsson*
*herðubreid.is*




Landsvirkjun

## Verið velkomin á ársfund Landsvirkjunar í Eldborg í Hörpu, þriðjudaginn 5. maí kl. 14–16.

Landsvirkjun var stofnuð 1. júlí 1965. Nýr iðnaður varð til í landinu með aukinni verkþekkingu og fjölbreyttara atvinnulífi. Við byggjum á traustum grunni og höfum einstök tækifæri til að skapa þjóðinni verðmæti til framtíðar.

**Dagskrá:**

- Hörður Arnarson forstjóri og Ragna Árnadóttir aðstoðarforstjóri bjóða gesti velkomna
- Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, flytur ávarp
- Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, flytur ávarp
- Jónas Þór Guðmundsson stjórnarformaður **Árangur og áskoranir í 50 ár**
- Frumsýning á nýrri mynd um upphaf Landsvirkjunar og byggingu Búrfellsvirkjunar
- Hörður Arnarson forstjóri **Verðmæti til framtíðar – í orku og náttúru Íslands**

**Skráning og bein útsending á landsvirkjun.is.**


JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# Seðlabankaraunir

EFNAHAGSMÁL



Kári Jónasson
leiðsögumaður og fyrrverandi fréttamaður

Það eru tvær hliðar að minnsta kosti á öllum málum. Það lærði maður í fréttamennskunni í gamla daga og þau sannindi standa enn, svo ekki sé meira sagt. Seðlabankinn hefur nú í þó nokkurn tíma klifað á því að ekki megi hækka laun verkalýðsins á Íslandi nema um einhver 2-3 prósent, eða kannski rúmlega það. Annars fari allt á hvolf hér á landi. Nú síðast birtist aðalhagfræðingur Seðlabanka Íslands með skelfingarsvip á forsíðu útbreiddasta dagblaðs landsins, og endurtók viðhorf bankans til launahækkana. Ég man ekki eftir því hér áður fyrr að Seðlabankinn beinlínis gæfi forskrift að væntanlegum kjarasamningum – hvorki í tíð Nordals né Davíðs – kannski misminnir mig. Þeir höfðu líka við annað að fást, Nordal við óðaverðbólgu og Davíð við óðauppgang. En sleppum því.

Forskrift Seðlabankans er að vísu vel tekið á sumum vígstöðvum – á því er enginn vafi, en hin hliðin á peningnum er að hér sé lífvænlegt, að við missum ekki svo og svo marga vinnufæra á besta aldri til útlanda. Hefur það verið tekið með í reikninginn í línuritum bankans?

Meginkrafa verkalýðsfélaganna í þessari lotu er að lágmarkslaun verði um 300 þúsund krónur og að því marki verði náð á næstu 2-3 árum. Ég hef ekki séð að Seðlabankinn hafi gert neina sérstaka spá um slíkar stórhættulegar kröfur. Ógreinileg gröf bankans á dagblaðssíðu gera að því er mér skilst ráð fyrir „kostnaðarþrýstingi", „langtímaverðbólguvæntingum" og ég veit ekki hvað og hvað, auk þess sem inni í þessum spádómum eru þegar umsamdar launahækkanir til hópa í þjóðfélaginu sem teljast nokkuð vel settir og voru ekki að slást við að ná 300 þúsund króna markmiðinu. Eru það kannski þessir hópar sem eru að setja allt á hvolf?

Það getur engan veginn staðist neinar hagvaxtarspár að allt fari á hvolf hér í hagkerfinu þótt lægstu laun hækki í 300 þúsund krónur á næstu árum . Það er eitthvað annað sem þeirri hugsanlegu kollsteypu gæti valdið.

### Íslensk fyrirtæki eru aflögufær

Á sama tíma og Seðlabankinn endurtekur forskrift sína um launahækkanir, birtir hann skýrslu um fjármálastöðugleika, og við það tækifæri benti hin bráðskarpa kona Sigríður Benediktsdóttur einmitt á bága stöðu ungra fjölskyldna með lágar tekjur. Þarna er nefnilega málið í hnotskurn. Það þarf að aðstoða þetta fólk við að komast af skuldaklafanum, en það verður ekki gert með því að hamra sífellt á forskriftinni um launahækkanir. Þetta fólk verður að fá sanngjarna hækkun launa og hver segir að 300

**➜ Ég hef ekki séð að Seðlabankinn hafi gert neina sérstaka spá um slíkar stórhættulegar kröfur.**

þúsund króna grunnlaun á mánuði séu há laun? Það er svo hlutverk samtaka vinnuveitenda og verkalýðsfélaga að sjá svo um að eðlilegar hækkanir til lágtekjufólks hlaupi ekki upp allan skalann.

Svo vitnað sé aftur í skýrsluna um fjármálastöðugleika, þá verður ekki betur séð en að staða íslenskra fyrirtækja sé þannig um þessar mundir að þau séu vel aflögufær um að hækka lágmarkslaun í 300 þúsund á næstu árum. Sum þessara fyrirtækja hafa meira að segja hækkað launin um mun hærri prósentur en farið er fram á í almennu kjaraviðræðunum. Bara með einu símtali milli Akraness og Grandagarðs að morgni dags. Er hér vitnað í ánægjulega bónushækkun HB Granda við fiskvinnslufólk fyrir snöfurlega framgöngu Vilhjálms verkalýðsleiðtoga á Skaganum.

Að endingu er þeim tilmælum hér með beint til hagfræðinga og töluspekinga Seðlabankans að leggja mat á áhrif hækkunar lægstu launa í 300 þúsund krónur á næstu 2-3 árum. Það getur ekki verið að „kostnaðarþrýstingur" af þeirri aðgerð verði svo að „kjölfesta langtímaverðbólguvæntinga bresti" svo gripið sé niður í og tekin úr samhengi orð úr grein aðalhagfræðingsins í þessu blaði fyrir helgi.

# Opið bréf til eiginkonu Ólafs Ólafssonar, stjórnarformanns Samskipa

DÓMSMÁL



Jón Gerald Sullenberger
kaupmaður

*Sæl, Ingibjörg Kristjánsdóttir.*

Ég las af áhuga og fróðleik samantekt lögmanna ykkar hjóna sem þú birtir í Fréttablaðinu 7. apríl 2015 þar sem þú fullyrðir að Hæstiréttur hafi farið „mannavillt" og ranglega sakfellt eiginmann þinn, Ólaf Ólafsson, í svokölluðu Al Thani-máli.

Eftir þann lestur kom eiginmaður þinn, Ólafur Ólafsson, hvergi nálægt þessu Al Thani-máli og hafði nákvæmlega enga aðkomu að málinu eins og fullyrt er í grein þinni. Ef svo er þá er það auðvitað sjálfsagt og rökrétt að yfirvöld leiðrétti slíkt ranglæti strax og eiginmanni þínum verði sleppt úr fangelsi hið snarasta. Eftir að hafa lesið Hæstiréttardóminn langar mig að beina nokkrum spurningum til þín á sama vettvangi og bréf þitt birtist á, þ.e. í Fréttablaðinu 7. apríl 2015

1. Í símtali sem þú vitnar til í grein þinni segir þú að verið sé að tala um Ólaf Arinbjörn, lögmann hjá Logos, en ekki eiginmann þinn, Ólaf Ólafsson, og þú birtir svo hluta úr símtalinu máli þínu til stuðnings.

Mig langar hins vegar að birta þann hluta símtalsins sem þú birtir EKKI en hann er svohljóðandi:

„…já, sem það og er, sko, af því mér skilst að Ólafur náttúrulega á að fá sinn part af kökunni sko."

Um HVAÐA ÓLAF er verið að ræða hérna ,Ingibjörg? átti Ólafur Arinbjörn hjá Logos að fá „sinn part af kökunni"?

2. Bjarnfreður Ólafsson, hdl. og stjórnarmaður í Kaupþingi, sem starfaði fyrir eiginmann þinn, segir í þessu sama símtali og lýst er hér að ofan:

„Hann þarf að fá sinn part af upside-inu sko," og er þarna verið að vísa til þess skv. dómnum til mögulegra gengishækkana á Kaupþingsbréfunum sem voru keypt. Hvaða „HANN" er starfsmaður ykkar hjóna að vísa til hérna sem eigi að fá „sinn part af upside-inu sko"? Varla er Bjarnfreður, starfsmaður ykkar hjóna, að meina að Ólafur Arinbjörn, lögmaður hjá Logos, eigi að fá hagnaðinn af gengishækkun hlutabréfanna í Kaupþingi?

3. Í tölvupósti sem Kaupþingsmenn sendu sín á milli og Hæstiréttur vísar í er spurt „hvernig samning ÓÓ gerir við Sjeikinn til að tryggja sér sinn hlut af hagnaðinum af Kaupþingsbréfunum sem þeir eru að kaupa". Ingibjörg, hvaða „ÓÓ" eru Kaupþingsmenn að vísa til hérna sem eigi að fá sinn hlut af hagnaðinum?

4. Fram kom í málinu að Kaupþing hefði lánað félaginu „Gerland Assets Ltd.", skráðu á Bresku Jómfrúareyjum, yfir 12 þúsund milljónir króna, félagi sem var að stórum hluta í eigu Ólafs Ólafssonar, eiginmanns þíns. Sama upphæð var svo lánuð til félags í eigu Sjeiks Al Thani. Var eiginmaður þinn skráður eigandi að „Gerland Assets Ltd." ÁN HANS SAMÞYKKIS? Ef svarið er já, hafið þið hjónin þá ekki lagt fram kæru á Kaupþingsmenn fyrir skjalafals?

5. Er það rétt að eftir að Kaupþing banki féll, þá hafi Ólafur Ólafsson, eiginmaður þinn, hringt til Kaupþings banka í Lúxemborg og beðið starfsmenn bankans um að allar ábyrgðir, sem Sjeik Al Thani hafði undirgengist, yrðu felldar niður?

6. Fram kom við vitnaleiðslur málsins að lögmenn Sjeiks Al Thani töldu það fráleitt að Sjeikinn ætti að greiða einhverja fjármuni til baka og sögðu skjólstæðing sinn hafa verið blekktan. Sé hafður í huga hinn mikli vinskapur ykkar hjóna við Sjeik Al Thani sbr. bréf þitt, af hverju kom Al Thani ekki fyrir dóm og bar vitni um sakleysi eiginmanns þíns?

7. Fram kom fyrir dómi að eiginmaður þinn, Ólafur Ólafsson, hafi persónulega greitt mörg hundruð milljónir króna í vexti af láni til Al Thanis. Ef eiginmaður þinn kom hvergi nálægt þessum hlutabréfakaupum Sjeiks Al Thani eins og þið hjónin viljið halda fram, af hverju er þá Ólafur Ólafsson, eiginmaður þinn, að greiða vexti fyrir einn ríkasta mann í heimi, þar sem þetta voru hans persónulegu hlutabréfakaup í Kaupþingi banka en ekki ykkar hjóna?

*Virðingarfyllst,*
*Jon Gerald Sullenberger.*


**Húnvetningafélagið í Reykjavík**

**Aðalfundur**

**Húnvetningafélagins í Reykjavík verður haldinn í Húnabúð þriðjudaginn 5. maí klukkan 19:00**

Dagskrá er samkvæmt samþykktum félagsins og tillögur að breytingum á samþykktum félagsins.

*Stjórnin*


# Aðkoma mín að Aurum-málinu

DÓMSMÁL



Sverrir Ólafsson
prófessor í fjármálaverkfræði

„En hvatki es missagt es í fræðum þessum, þá es skylt at hafa þat heldr, es sannara reynisk." Ari Fróði í Íslendingabók.

Nú, eftir að Hæstiréttur Íslands hefur komist að þeirri niðurstöðu, að ég hafi verið vanhæfur til að gegna stöðu sérfróðs meðdómsmanns í Aurum-málinu svokallaða, sé ég mig tilneyddan til að koma nokkrum athugasemdum á framfæri.

Aðkoma mín að Aurum-málinu kom þannig til að beiðni kom frá Héraðsdómi Reykjavíkur til Háskólans í Reykjavík, þar sem ég starfa sem prófessor í fjármálaverkfræði, um það hvort skólinn gæti bent á mögulegan meðdómsmann í ákærumáli á hendur fjórum aðilum sem tengdust gamla Glitni, þremur starfsmönnum bankans og einum stórum eiganda. Í þetta sinn var bent á mig.

Eftir nokkra umhugsun sagðist ég reiðubúinn að setjast í dóminn og réð helst ákvörðun minni það að ég þekkti engan ákærðu (hef aldrei hitt nokkurn þeirra) og að ég hef umfangsmikla þekkingu á málum svipuðum því sem var til meðferðar. Síðastliðin 35 ár hef ég búið á Englandi þar sem ég hef stundað rannsóknir, ráðgjafastörf og kennslu á sviði fjármála, áhættustýringar og ákvarðanatöku undir óvissu. Ég hef einnig gegnt stöðu gestaprófessors við Queen Mary-háskólann í London frá árinu 2009. Ég er hins vegar elsti bróðir Ólafs Ólafssonar („gjarnan kenndur við Samskip"!) og nefndi ég það strax við dómsformanninn, Guðjón St. Marteinsson. Hann vissi þegar um tengslin og sá engan meinbug á þessu og tilkynnti öllum málsaðilum, verjendum og sérstökum saksóknara, um nöfn meðdómsmanna, Arngríms Ísberg og Sverris Ólafssonar.

Eftir að dómur féll í Aurum-málinu í Héraðsdómi Reykjavíkur 5. júní 2014 fór sérstakur saksóknari í fjölmiðla og sagðist ekkert hafa vitað af tengslum mínum við Ólaf Ólafsson. Hann hafði því rekið Aurum-málið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, setið fyrir framan mig, sem settan sérfróðan meðdómsmann, í marga daga og ekki haft nokkra hugmynd um það hver ég var. Hann hafði sem sagt ekki hirt um að kynna sér hver settur meðdómsmaður var í jafn umfangsmiklu máli. Mér er sagt að þegar sérfróður meðdómsmaður er skipaður þá sé það fyrsta verk allra málsaðila að afla sér upplýsinga um meðdómsmanninn, með hugsanlegt vanhæfi í huga.

### Vissi ekki um bræðratengsl?

Samkvæmt mínum upplýsingum er sannleikurinn í þessu máli hins vegar allt annar. Þegar rekstur Aurum-málsins var að hefjast fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, spurði ég dómsformanninn hvort sérstökum saksóknara væri ekki ljóst um fjölskyldutengsl mín. Sagði hann svo vera og bætti við að þeir hefðu rætt bræðratengsl okkar Ólafs svo og ráðgjafastörf mín fyrir slitastjórn Glitnis, áður en rekstur málsins hófst. Hefði niðurstaðan af samtalinu verið sú að þeir urðu sammála um að engin ástæða væri til að gera athugasemdir við hæfi mitt til að sitja í dómnum. Og sú varð reyndin.

Staðhæfing sérstaks saksóknara, um að hann vissi ekkert um bræðratengsl okkar Ólafs, hafði því eðlilega mjög slæm áhrif á mig. Eftir að ég frétti af útspili sérstaks saksóknara í fjölmiðlum þá hringir fréttamaður frá RÚV í mig. Við spjöllum saman og í því viðtali læt ég neikvæð ummæli falla um framkomu sérstaks saksóknara, í tengslum við aðför hans að Guðjóni og mér.

**➜ Eftir nokkra umhugsun sagðist ég reiðubúinn að setjast í dóminn og réð helst ákvörðun minni það að ég þekkti engan ákærðu (hef aldrei hitt nokkurn þeirra) og að ég hef umfangsmikla þekkingu á málum svipuðum því sem var til meðferðar.**

Búið er að margspila og rita þessi ummæli í fjölmiðlum landsins. Eftir á að hyggja þá hefði ég átt að orða athugasemdir mínar öðruvísi. En, ummælin voru viðbrögð við ómaklegri árás og lýsa fyrst og fremst skoðun minni á þessu sérstaka hátterni sérstaks saksóknara, sem hér um ræðir.

Í ljósi þessara sérstöku aðstæðna sem upp voru komnar og eins til þess að varpa frekara ljósi á það hvernig aðkoma mín að dómnum kom til var farið fram á að tveir dómarar málsins, Guðjón St. Marteinsson og ég, yrðu yfirheyrðir. Sjálfur hefði ég talið það rétta leið í viðleitni réttaryfirvalda til að komast að sannleikanum í þessu máli. Í rauninni er ég mjög hissa og ósáttur yfir því að sú leið var ekki farin. Hér er um svo mikilvægt mál að ræða, ásökun virts dómara á hendur sérstökum saksóknara um að hann hafi sagt ósatt. Afstaða bæði Héraðsdóms Reykjavíkur og Hæstaréttar Íslands í málinu er mér á allan hátt óskiljanleg. Ef það er óleyfilegt, eða jafnvel ólöglegt, að yfirheyra dómara í tengslum við það mál sem þeir hafa dæmt í, þá hefur það, í þessu tilfelli, leitt til þess að ómögulegt reyndist að komast að sannleika málsins. Á sama tíma liggur einn æðsti maður ákæruvaldsins undir ásökun eins virtasta dómara landsins um að hafa sagt ósatt og á þann hátt haft áhrif á framhald mikilvægs dómsmáls.

### Slíkt hátterni óviðunandi

Niðurstaðan, sem ég kemst að er að Hæstiréttur Íslands virðist ekki hafa áhuga á að reyna að komast að því sanna í málinu. Þetta er mjög alvarlegt. Athugasemdir dómsformanns virðast einfaldlega virtar að vettugi og sérstökum saksóknara gert kleift að ógilda dómsniðurstöðu í mikilvægu máli þrátt fyrir áburð um ósannsögli. Maður getur einungis leyft sér að vona að þetta tilfelli sé ekki dæmigert fyrir vinnubrögð og afstöðu Hæstaréttar til sannleikans.

Í ljósi þess sem sagt hefur verið hér á undan er áhugavert að líta á dóm Hæstaréttar í Aurum-málinu frá 22. apríl 2015. Þar segir: „Ummæli saksóknarans voru á hinn bóginn eins og atvikum var háttað hófsöm og gáfu ekki tilefni til þess gildisdóms meðdómsmannsins á trúverðugleika embættis þess fyrrnefnda"… Ummæli mín verða að metast í ljósi þeirra upplýsinga, sem ég hafði um að sérstakur saksóknari væri að segja ósatt. Er Hæstiréttur virkilega að segja að mínar upplýsingar um ósannsögli sérstaks saksóknara gefi ekki tilefni til að hafa neikvæð áhrif á það traust sem ég ber til hans? Ummæli sérstaks saksóknara eru með tilliti til orðavals ef til vill hógvær, en það er ekkert hógvært við það að segja ósatt um jafn mikilvæga hluti og hér er um að ræða. Í mínum vinnureglum er slíkt hátterni óviðunandi og má undir engum kringumstæðum líðast og alveg sérstaklega ekki í réttarkerfinu. Það er mitt mat að Hæstiréttur hefði átt að setja meiri vinnu í það að reyna að komast að hinu sanna í málinu.






Græn vínber
699 kr./kg



Cantalope melóna
399 kr./kg



Sætar kartöflur
429 kr./kg



Lambhaga
salatblanda, 150 g
379 kr./pk.




Grøn Balance
gulrætur, 1 kg
249 kr./pk.

Opið til miðnættis alla daga 8›24

NÓATÚN

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# Staðreyndir um kjaramál

KJARAMÁL



**Árni Páll Árnason**
formaður Samfylkingarinnar

Þingflokkur Samfylkingarinnar sendi frá sér ályktun um kjaramál í síðustu viku. Viðskiptaráð sendi af því tilefni frá sér yfirlýsingu þar sem ályktunin var sögð innihalda „fjölmargar rangfærslur“ og vera „til þess fallin að afvegaleiða umræðu um kjaramál“. Sú gagnrýni stenst ekki.

**Um jöfnuð og dreifingu auðs og tekna – Ríkustu 5% landsmanna eiga nærri helming af öllum auði**

Jöfnuður á Íslandi jókst í tíð ríkisstjórnar jafnaðarmanna og er góður í alþjóðlegu samhengi eins og Viðskiptaráð bendir á. Ráðið vísar í Gini-stuðulinn máli sínu til stuðnings og sá stuðull var vissulega lægri árið 2013 en árið 2009. Það er ekki umdeilt. Aðgerðir sitjandi ríkisstjórnar gefa hins vegar fullt tilefni til þess að ætla að ójöfnuður fari vaxandi. Lækkun veiðigjalda, tekjuskattsbreytingar, hækkun matarskatts, aukin kostnaðarþátttaka í heilbrigðisþjónustu og afnám auðlegðarskatts eru allt aðgerðir sem auka á ójöfnuð og valda þeirri samfélagsólgu sem nú er uppi. Við þessu er launafólk að bregðast með kröfum sínum. Það verður ekki sátt um aukinn ójöfnuð.

Framsetning Viðskiptaráðs segir í besta falli hálfa söguna. Misskipting fór hratt vaxandi frá aldamótum og fram að hruni, hvort sem horft er til launa eða auðs. Misskiptingin í dag er því meiri en áður þekktist á Íslandi, þótt staðan hafi batnað nokkuð í stjórnartíð jafnaðarmanna eftir hrun. Þetta er skýrt í svari við fyrirspurn minni um skiptingu auðs og tekna í landinu á vef Alþingis: http://www.althingi.is/altext/144/s/0892.html. Ríkustu 5 prósent landsmanna eiga nú nærri helming af öllum auði landsmanna, en slíkar tölur sáust fyrst á árunum fyrir hrun.

**Meiri tekjur af auðlindum þjóðarinnar**

Viðskiptaráð segir launahlutfall vera hátt hér á landi í alþjóðlegum samanburði. Það er rétt og um það er ekki deilt. Í ályktun þingflokksins er augljóslega ekki verið að vísa í neitt launahlutfall heldur vannýtt tækifæri til að afla meiri tekna af sameiginlegum auðlindum okkar til að auka hagsæld allra. Reglulega heyrum við fréttir af því hversu miklar tekjur hægt væri að hafa af auðlindum þjóðarinnar með skynsamlegu skipulagi, en sitjandi ríkisstjórn kýs að nýta ekki þau tækifæri. Ástæðan er varðstaða um hagsmuni þeirra sem hagnast á óbreyttu ástandi.

Samfylkingin hefur lagt til gjaldtöku af allri auðlindanýtingu, gjald á úthlutun nýrra fisktegunda eins og makríls, fyrningarleið í sjávarútvegi, hagkvæmari landbúnaðarstefnu og könnun á hagkvæmni sæstrengs með raforku, svo nokkur dæmi séu nefnd. Tillögur Samfylkingarinnar hafa samhljóm með tillögum færustu sérfræðinga, svo sem skýrsluhöfunda McKinsey-skýrslunnar og oft hefur gætt samhljóms milli tillögugerðar okkar og Viðskiptaráðs. Viðskiptaráð á hrós skilið fyrir það og við hvetjum ráðið til dáða í baráttunni gegn þeirri deyðandi hendi hagsmunavörslu fyrir útvaldar atvinnugreinar sem ríkisstjórnin heldur nú yfir viðskiptalífinu.

**Bitnar hækkun lægstu launa á tekjulágum barnafjölskyldum?**

Viðskiptaráð heldur því fram að ef gengið yrði að kröfum um 300 þúsund króna lágmarkslaun á næstu þremur árum myndi það leiða til tugprósenta verðbólgu. Forsendur þeirrar ályktunar hljóta að vera eftirfarandi: Að sambærilegar launahækkanir muni ganga upp allan launastigann og verðlag hækki í sama hlutfalli og laun.

Þetta er raunveruleg hætta. Við stöndum frammi fyrir henni vegna þess að ríkisstjórnin og forystumenn atvinnulífsins hafa ekki getað sýnt launafólki fram á að hófsamar kröfur geti skapað fullnægjandi ávinning. Framlag ríkisstjórnarinnar hefur verið einhliða skerðing kjarasamningsbundinna réttinda launafólks eins og réttar til atvinnuleysisbóta, lækkun veiðigjalda, hækkun matarskatts, aukin kostnaðarþátttaka almennings í heilbrigðisþjónustu, afnám auðlegðarskatts og tekjuskattslækkun sem skilaði fólki með tekjur yfir 840 þúsund krónum 3.500 krónum í skattalækkun á mánuði og fólki með undir 250 þúsund krónum engu. Hvernig á almennt launafólk að sætta sig við hógværar launahækkanir ef þetta er framlag ríkisstjórnarinnar til samfélagssáttarinnar?

Þar fyrir utan hefur ríkisstjórnin sjálf samið við aðra hópa um allt aðrar og hærri tölur en fólust í hinni almennu launastefnu. Framlag forystu atvinnulífsins hefur svo verið hækkanir til millistjórnenda og yfirstjórna langt umfram almenn viðmið um hófsama kjarasamninga.

Þegar vinnubrögðin eru svona er friður rofinn á vinnumarkaði. Almennt launafólk getur ekki borið eitt ábyrgð á stöðugleika sem stjórn HB Granda og aðrar topphúfur atvinnulífsins telja sig ekki þurfa að leggja neitt af mörkum til að tryggja. Þótt forysta atvinnulífsins hafi oft haft skynsamleg áform, sýpur hún nú seyðið af gírugheitum einstakra forystumanna í atvinnulífinu og af skaðlegri ríkisstjórn.



**➜ Almennt launafólk getur ekki borið eitt ábyrgð á stöðugleika sem stjórn HB Granda og aðrar topphúfur atvinnulífsins telja sig ekki þurfa að leggja neitt af mörkum til að tryggja.**

**Samstarf besta leiðin**

Besta leiðin til að tryggja sanngjarna dreifingu launahækkana, raunverulegan ávinning þeirra sem mest þurfa á að halda og raunverulegan stöðugleika er með virku samstarfi á vinnumarkaði, milli launafólks, atvinnurekenda og stjórnvalda. Það er sú leið sem jafnaðarmenn á Norðurlöndum hafa valið með góðum árangri. Það er sú leið sem við í Samfylkingunni völdum á landsfundi okkar og skuldbindum okkur til að fara þegar við komum aftur að landsstjórninni. Því miður hefur núverandi ríkisstjórn ekki horft eftir fyrirmyndum úr þeirri átt eða til heildarmyndarinnar heldur kosið að ganga eigin veg í þröngri hagsmunagæslu fyrir fámennar fákeppnisklíkur. Það ætti að vera stærsta áhyggjuefni Viðskiptaráðs Íslands og allra sem vilja vinna að almannaheill.






# Aukum eldvarnir í leiguhúsnæði

ÖRYGGISMÁL



**Garðar H. Guðjónsson**
verkefnastjóri Eldvarnarbandalagsins



**Bjarni Kjartansson**
Sviðstjóri forvarnarsviðs Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

Rannsóknir sem Capacent hefur gert fyrir Eldvarnarbandalagið og Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna sýna að eldvarnir eru mun lakari í leiguhúsnæði en hjá þeim sem búa í eigin húsnæði. Þeir síðarnefndu eru mun líklegri til að hafa tilskilinn fjölda reykskynjara, slökkvitæki og annan eldvarnarbúnað og tryggja þannig öryggi sitt ef til eldsvoða kemur. Staðreyndin er jafnframt því miður sú að leiguhúsnæði er oft lakar úr garði gert með tilliti til eldvarna og á það einkum við um eldra húsnæði sem ekki er byggt samkvæmt nútímakröfum um eldvarnir. Það er því mikið fagnaðarefni að í frumvarpi húsnæðis- og félagsmálaráðherra um breytingar á húsaleigulögum skuli kveðið á um skyldu leigusala til að tryggja lágmarks eldvarnir í leiguhúsnæði.

Í ljósi niðurstaðna kannana Capacent hafði Eldvarnarbandalagið ítrekað bent velferðarráðuneytinu á nauðsyn þess að setja ákvæði um eldvarnir í húsaleigulög. Það er óneitanlega ánægjulegt að ráðherra skuli hafa brugðist við með þessum hætti. Við bindum vonir við að þessi ákvæði hljóti náð fyrir augum löggjafans og verði til þess að bæta eldvarnir í leiguhúsnæði þegar fram líða stundir. Í athugasemdum við ákvæði um skyldu til eldvarna segir að gert sé ráð fyrir að lágmarki reykskynjara og slökkvitæki.

**Líka á ábyrgð leigjenda**

Ákvæði um lágmarks eldvarnir leysir leigjendur þó ekki undan ábyrgð á eigin eldvörnum. Lágmarksbúnaður dugir sjaldnast til að tryggja öryggi íbúanna. Eftirfarandi ætti að vera staðalbúnaður í hverri íbúð:

- Virkir reykskynjarar, tveir eða fleiri.
- Léttvatns- eða duftslökkvitæki við helstu flóttaleið.
- Eldvarnateppi á vísum stað í eldhúsi.

Til upplýsingar er rétt að geta þess að Eldvarnarbandalagið er samstarfsvettvangur um auknar eldvarnir á heimilum og vinnustöðum. Aðild að því eiga: Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands, Félag slökkviliðsstjóra, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Mannvirkjastofnun, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Slysavarnafélagið Landsbjörg, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, TM hf., Vátryggingafélag Íslands hf. og Vörður tryggingar hf.

**➜ Staðreyndin er jafnframt því miður sú að leiguhúsnæði er oft lakar úr garði gert með tilliti til eldvarna og á það einkum við um eldra húsnæði**

**Eldvarnir eldra leiguhúsnæðis**

Eldvarnarbandalagið hefur jafnframt bent stjórnvöldum á að leita þurfi leiða til að auka eldvarnir í eldra leiguhúsnæði sem ekki er byggt samkvæmt nútímakröfum um eldvarnir. Þekkt er að í ákveðnum hverfum, til dæmis í höfuðborginni, er í útleigu húsnæði þar sem eldvörnum er verulega ábótavant. Það á meðal annars við um brunahólfanir og skort á viðvörun og flóttaleiðum.

Umræður um þetta efni eru á byrjunarstigi hér á landi en benda má á að yfirvöld í Ósló í Noregi hafa náð talsverðum árangri í því að efla eldvarnir í eldra húsnæði og hefur þar verið lögð sérstök áhersla á að kröfum um úrbætur séu byggðar á meðalhófi og raunsæi með tilliti til kostnaðar. Eldvarnarbandalagið hyggst fylgja þessum hugmyndum eftir og bindur vonir við að stjórnvöld sýni þeim nauðsynlegan skilning.

## AF NETINU

### Frumvarp sem gerir gjafakvótan óafturkræfan



Þetta er snjallt fyrsta skref hjá kvótaflokkunum til að byrja að múra gjafakvótakerfið inn til lengri tíma, og gera það með því að gefa kvóta á nýrri fiskitegund, makríl, í stað þess að ríkið sjálft leigi út kvótann á frjálsum markaði. Þessu er líka stillt upp þannig að forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson hefur svigrúm til að smeygja sér framhjá því að senda málið til þjóðarinnar með þeim rökum að þetta sé ekki heildarendurskoðun. Þetta er fyrsta skerfið í heildarendurskoðun og grundvallarbreyting, en forseti vor er háll sem áll og þessi framsetning býr til smugu fyrir hann.

http://www.jonthorolafsson.blog.is
*Jón Þór Ólafsson*

# Tökum völdin af stjórnmálamönnum

SJÁVARÚTVEGUR



Benedikt Jóhannesson
framkvæmdastjóri

Kvótakerfið og hugmyndir um sanngjarnt afgjald af auðlindinni haft skipt þjóðinni í fylkingar. Stjórnvöld hafa heykst á því að hafa einfalt kerfi og vilja nú flækja málin með því að gera nýtingarsamninga til langs tíma með ýmiss konar útúrdúrum og flækjum, auk þess sem tortryggni ríkir um að gjaldið verði ekki sanngjarnt. Frumvarpið um makrílkvótann ýtir undir grunsemdir um að enn eigi að flækja kerfið. Stjórnmála- og embættismenn taka sér hlutverk sem markaðurinn leysir best.

Það er bæði almenningi og útgerðinni nauðsynlegt að ná sáttum í þessu máli þar sem reynt er að nálgast nokkur einföld meginsjónarmið. Á fundi stjórnmálaaflsins Viðreisnar í vetur var kynnt einföld, markaðstengd lausn sem nær öllum sanngjörnum markmiðum allra aðila.

**Skilyrði fyrir sátt**

Nefna má nokkur atriði sem ekki ætti að vera mikill styr um. Vissulega eru nokkrir útgerðarmenn sem telja að vænlegast sé að setja undir sig hausinn og hlusta ekki á „vitleysingana“ sem vilji veiðigjöld, en margt bendir til þess að áhrif þeirra fari minnkandi. Afkoma af flestum útgerðarfyrirtækjum hefur verið ágæt að undanförnu og því hvati fyrir útgerðina að festa í sessi kerfi sem tryggir að svo verði áfram, svo fremi að ekki verði aflabrestur.

**Markmiðin sem nást eiga eru:**

- Greitt sé hæfilegt gjald fyrir aðgang að auðlindinni
- Gjaldið sé markaðstengt
- Tryggt sé að umgjörðin sé stöðug til frambúðar
- Nýliðun sé möguleg
- Hvatt sé til hagræðingar og hámarksarðsemi til lengri tíma litið

Þessi markmið eiga að vera af því tagi sem „sanngjarnir menn“ fallast á að séu æskileg. Við munum víkja nokkuð að þeim hverju um sig hér á eftir.

**Markaðsleið að sanngjörnu gjaldi**

Nú er verð á sjávarafurðum síbreytilegt, markaðsaðstæður eru misjafnar og ekki er alltaf á vísan að róa um gæftir. Aflaheimildirnar hafa sveiflast frá ári til árs en á hverju ári er gefið að úthlutað er ákveðnum heildarkvóta. Útgerðir hafa haft ákveðna prósentu af hverri tegund fyrir sig, en ekki fyrirfram ákveðinn tonnafjölda. Leiðin sem hér er lýst tekur mið af þessu.

Hugmyndin er sú að á hverju ári er ákveðnu hlutfalli aflaheimilda fyrra árs úthlutað til kvótahafa. Þetta hlutfall gæti verið á bilinu 90 til 95% af kvótanum frá fyrra ári og fyrir þetta greiða menn ekki neitt. Það sem eftir er, 5 til 10%, yrði sett á uppboðsmarkað þar sem allir gætu boðið í heimildirnar.

Með þessu móti ræðst afgjald ríkisins af aðstæðum á markaði. Þegar vel árar bjóða menn hátt, annars lægra. Allir fylgja sömu reglum, þ.e. ekki er hagstætt að skulda eða vera á annars konar fleyi en aðrir. Kíló kostar það sama og kíló, sama hver kaupandinn er. Þeir sem ekki geta greitt þurfa ekki að taka þátt í uppboðunum.

Á það ber að leggja áherslu að úthlutað er sama hlutfalli kvótans á hverju ári. Þannig eru alltaf 5 til 10% til sölu á markaði. Leiðin sameinar ýmsa kosti sem nauðsynlegt er að uppfylla. Markaðurinn sér um að greitt er hóflegt gjald fyrir aðgang að auðlindinni. Allir eru jafnir fyrir kerfinu. Ekki er horft á hvenær réttindi voru keypt, heldur aðeins hver staðan er í lok árs. Nýi kvótinn er alveg jafnsettur þeim gamla, þannig að ekki þarf að halda utan um hvað var keypt hvenær. Nýliðun er einföld, öllum er heimill aðgangur að uppboðunum, og þeir sem uppfylla þau skilyrði að geta gert út á Íslandsmið geta allir boðið. Þeir sem illa stendur á hjá geta sleppt því að taka þátt í útboðinu það árið.

Þannig heldur þetta áfram koll af kolli á hverju ári. Markaðsleiðin er einföld því ekki þarf bókhald um það hvenær hvert kíló var keypt og menn eiga auðvelt með að reikna hve stóran hluta aflaheimildanna þeir fá endurgjaldslaust.

**Stöðugt rekstrarumhverfi**

Þrátt fyrir að rekstur útgerðarfyrirtækja hafi gengið vel almennt undanfarin ár hefur óvissan um framtíðarkerfi valdið því að margar útgerðir hafa dregið við sig nauðsynlegar fjárfestingar. Því er það mikils virði fyrir þjóðina alla að sátt náist um kerfi til frambúðar.

Um prósentuna sem útdeilt er án endurgjalds þarf að nást samkomulag, en þegar hún er komin á þarf hún að haldast stöðug, þannig að útgerðarmenn geti gert rekstraráætlanir til langs tíma. Þó má vel hugsa sér að gefin sé stutt aðlögun þar sem byrjað er á hærri prósentu sem lækkar ár frá ári. Nú gilda ákveðnar reglur um hámarksstærð kvóta sem útgerðir mega eiga og að þeim þarf að gæta.

Í útgerð eru auðvitað alltaf sveiflur, en í stöðugleika felst að reglurnar séu þær sömu í langan tíma og menn geti lagað sig að þeim, til dæmis þegar þeir ákveða fjárfestingar. Skip og veiðarfæri eru dýr og ekki tjaldað til einnar nætur.

Sú leið sem hér er reifuð veldur engri kollsteypu. Það er ekki verið að innkalla veiðiheimildir í skyndingu heldur eru þær smám saman færðar á almennan kvótamarkað. Útgerðir fá eðlilegan aðlögunarrétt en greiða sanngjarnt afgjald. Aðalatriðið er að fyrir komandi kynslóðir verður komið sjálfbært kerfi sem byggir á markaðsstýringu.

Viðreisn telur nauðsynlegt að brjótast út úr viðjum kerfis þar sem stjórnmálamenn ákveða hver veiðir og hve mikið hann borgar fyrir veiðiréttinn. Markmiðið er hvorki að hygla útgerðarmönnum né ná ofurtekjum til samfélagsins. Markaðslausnin tryggir að afgjaldið verður alltaf eðlilegt.

> **Það er bæði almenningi og útgerðinni nauðsynlegt að ná sáttum í þessu máli þar sem reynt er að nálgast nokkur einföld meginsjónarmið.**








**Bosch, þvottavél**

WAP28397SN

Ný 7 kg þvottavél með íslensku stjórnborði.
1400 sn./mín, orkuflokkur A+++. Mjög hljóðlátur,
kolalaus mótor með 10 ára ábyrgð. Nýhönnuð tromla
(„waveDrum“): Fer mun betur með þvottinn.
Snör í snúningum: 15 mín. hraðþvottakerfi.

**Kynningarverð: 99.900 kr.**




**Bosch, þurrkari**

WTW86197SN

Nýr 7 kg þurrkari með íslensku stjórnborði. Barkalaus.
Rafrænn rakaskynjari. Orkuflokkur A++. Hefur
sjálfhreinsandi rakaþétti sem hreinsast við hverja
notkun og minnkar rafmagnsnotkunina ár eftir ár.
Krumpuvörn, allt upp í 120 mín. við lok hvers kerfis.

**Kynningarverð: 99.900 kr.**

**Við ábyrgjumst gæði.**

**Opið virka daga frá kl. 11 - 18
og á laugardögum frá kl. 11 - 16.**

BOSCH
BÚÐIN

Hlíðasmára 3 · www.bosch.is · Sími 520 3090

Markhönnun ehf

# nettó
Kræsingar & kostakjör

*Ný vara!*




GRÍSAGRILLSNEIÐAR
950 GR
**998**



FERSKT LAMBAPRIME
HVÍTL/RÓSM
-23%
**2.995**
ÁÐUR 3.889 KR/KG

KJÖTSEL



LAMBAHRYGGUR
FERSKUR
**1.898**
ÁÐUR 1.998 KR/KG



LAMBAFRAMPARTUR
GRILLSAGAÐUR
-30%
**699**
ÁÐUR 998 KR/KG



GRÍSAKÓTILETTUR
RASP/FERSKT
-30%
**1.448**
ÁÐUR 2.069 KR/KG



ANDABRINGUR
FRANSKAR
-20%
**2.398**
ÁÐUR 2.998 KR/KG




FANTA 2 L
2 TEGUNDIR
**198**
ÁÐUR 239 KR/STK

*Betty Crocker allar tegundir 20% afsláttur*




**Tilboðin gilda 30. apríl - 03. maí 2015**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Opnunartímar Nettó 1.maí

| | |
|---|---|
| Nettó Akureyri | 10:00 - 18:00 |
| Nettó Borgarnes | 10:00 - 18:00 |
| Nettó Egilsstaðir | 10:00 - 18:00 |
| Nettó Grandi | Opið 24 klst. |
| Nettó Grindavík | 10:00 - 18:00 |
| Nettó Hverafold | 10:00 - 18:00 |
| Nettó Höfn | 10:00 - 18:00 |
| Nettó Kópavogur | 10:00 - 18:00 |
| Nettó Mjódd | Opið 24 klst. |
| Nettó Reykjanesbær | 10:00 - 18:00 |
| Nettó Selfoss | 10:00 - 20:00 |




-21%
KJÚKLINGABRINGUR
DANPO, 900GR
1.391
ÁÐUR 1.761 KR/PK



STJÖRNU GRÍS

GRÍSHNAKKAFILE
GRILLPINNAR
1.379
ÁÐUR 2.298 KR/KG



KJARNAFÆÐI

-50%
GRÍSAKÓTILETTUR
FROSIÐ
899
ÁÐUR 1.798 KR/KG



NAUTALUNDIR
ERLENDAR, FROSIÐ
3.380
ÁÐUR 3.798 KR/KG



-50%
CIABATTA 300GR
TÓMAT/HVÍTLAUK
199
ÁÐUR 398 KR/STK




KNORR BOLLASÚPUR
9 TEGUNDIR
249
ÁÐUR 289 KR/STK



-50%
VÍNBER RAUÐ
FERSK
299
ÁÐUR 598 KR/KG




DAZ ÞVOTTAEFNI
4,2 KG,/65 ÞV
2.698
ÁÐUR 2.998 KR/PK



-21%
EGILS KRISTALL
2 L, SÍTRÓNU
189
ÁÐUR 239 KR/STK

## MERKISATBURÐIR

**1250** Loðvík 9. Frakkakonungur var leystur úr haldi Egypta gegn því að greiða lausnargjald, milljón dínara og borgina Damietta sem hann hafði áður hertekið.

**1789** George Washington sór embættiseið og varð þar með fyrsti forseti Bandaríkjanna.

**1939** Franklin D. Roosevelt kom fram í sjónvarpi, fyrstur bandarískra forseta.

**1945** Adolf Hitler, kanslari Þýskalands og eiginkona hans, Eva Braun, frömdu sjálfsmorð með því að taka blásýru í loftvarnabyrgi í Berlín.

**1948** Fyrsti Land Rover-jeppinn var sýndur á bílasýningu í Amsterdam.

**1975** Víetnamstríðinu lauk með falli Saígon í hendur Norður-Víetnama.

**1991** Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks undir forsæti Davíðs Oddssonar tók við völdum.

**1994** Árbæjarlaug opnuð.



Elskuleg frænka mín

**ÞÓRA KRISTÍN ARTHURSDÓTTIR**
**Hrísmóum 1, Garðabæ,**

lést á heimili sínu mánudaginn 27. apríl.
Útför hennar fer fram frá Vídalínskirkju miðvikudaginn 13. maí klukkan 15.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Þóra Davíðsdóttir**



Elskuleg eiginkona mín,

**SIGURRÓS KRISTÍN ÁRNADÓTTIR**
**Sólvöllum 4a, Stokkseyri,**

lést á Kumbaravogi 27. apríl.

**Guðmundur Þórðarson**
**og aðrir aðstandendur.**



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu samúð og hlýhug við andlát og útför móður, tengdamóður og ömmu okkar,

**SIGRÍÐAR STEINUNNAR LÚÐVÍGSDÓTTUR**
**Grettisgötu 70, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks á deild 12G við Hringbraut og líknardeild Landspítalans í Kópavogi fyrir alúð og umhyggju.

**Bergljót Sigríður Einarsdóttir** **Magnús Guðmundsson**
**Páll Lúðvík Einarsson**
**Svanbjörg Hróðný Einarsdóttir** **Kristinn Örn Jóhannesson**
**Steinunn Soffía, Hákon, Ólöf Sigríður, Bergljót Júlíana og Laufey Steinunn**



Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

**BERGUR V. JÓNSSON**
**verslunarmaður,**
**Skildinganesi 54,**

lést 20. apríl. Útför hans fer fram mánudaginn 4. maí frá Háteigskirkju kl. 13.00.
Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Alzheimer-félagið FAAS.

**Rut Árnadóttir**
**Kári Bergsson**
**Kolbrún Bergsdóttir**
**Rakel Hlín Bergsdóttir** **Þórir Júlíusson**
**og barnabörn.**



Elskuleg móðir okkar, amma og langamma,

**ERLA EINARSDÓTTIR**
**Miðleiti 1,**

lést á Landspítalanum við Hringbraut að morgni 19. apríl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug á þessum erfiðu stundum.

**Jón Sveinbjörnsson** **Heiða Grétarsdóttir**
**Einar Sveinbjörnsson** **Þórey Sveinsdóttir**
**Sigurlaug Sveinbjörnsdóttir**
**Sveinbjörn Sveinbjörnsson**
**Elsa Sveinbjörnsdóttir** **Guðmundur Halldórsson**
**Bjarni Sveinbjörnsson** **Halla Kristjana Halldórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Einblína á kvenlega orku, fegurð og styrk

Kvennakórinn Katla stendur fyrir tónleikunum Brjóstbirtu í dag. Kórinn flytur verk eftir fjölda kvenhöfunda og leggur áherslu á að í honum séu ákveðnar og kröftugar konur.

„Við erum að einblína mikið á kvenlega orku, enda erum við kjarnakonur,“ segir Elín Ásbjarnardóttir Strandberg, varaformaður Kvennakórsins Kötlu. Kórinn stendur fyrir tvennum tónleikum í dag undir nafninu Brjóstbirta. „Á þessum tónleikum erum við með alveg glænýja dagskrá. Nú er fókusinn á kvenlega orku, fegurð og styrk,“ segir Elín.

Kvennakórinn mun syngja lög eftir fjölda kvenhöfunda, líkt og Emilíönu Torrini, Lay Low, Björk og Ólöfu Arnalds. Þær hafa einnig unnið saman að útsetningu á Electric Heart með Sia og lögum eftir tónlistarmanninn Hozier. Tónleikarnir í dag verða haldnir í Aðventkirkjunni við Ingólfsstræti klukkan 19.30 og aðrir klukkan níu.

**Við erum ákveðnar og kröftugar konur sem vilja taka burt þann stimpil að konur séu frekjur, segir Elín og tekur líka fram að tvíræðnin sem fylgi orðinu sé skemmtileg.**

„Það er ótrúlega mikill metnaður innan kórsins fyrir þessu verkefni og mikil æfing sem fylgir því að syngja nótnalaus. Ég hef heyrt að margar í kórnum sitji með tónlist í eyrunum í strætó og reyni að finna taktinn. Við höfum verið að lifa og hrærast í þessu upp á síðkastið,“ segir Elín.

Ástæðu fyrir nafninu Brjóstbirta segir Elín vera tvíþætta. „Brjóst hafa verið okkur afar hugleikin þessa önnina enda eru tvær listakonur í hópnum að vinna að verki þar sem þær hafa steypt brjóstin á meðlimum í kórnum og búið til kerti,“ segir Elín. Verkið, Með eld í brjósti, verður til sýnis 19. júní á hundrað ára kosningaréttarafmæli kvenna og mun kórinn syngja á meðan kveikt er á kertunum. „Það er einnig mikil birta sem fylgir þessu samstarfi okkar. Við erum ákveðnar og kröftugar konur sem vilja taka burt þann stimpil að konur séu frekjur,“ segir Elín og tekur líka fram að tvíræðnin sem fylgi orðinu sé skemmtileg.

Um 50 virkir meðlimir eru í kórnum sem var stofnaður árið 2012. „Þetta byrjaði sem lítill hópur kvenna á vinnustað og svo bættist fljótt í hópinn. Nú mætti segja að þetta sé samansafn af nokkrum litlum vinkonuhópum sem hefur sameinast í einn,“ segir Elín. Hópurinn hittist einu sinni í viku og æfir saman. „Mánudagskvöld eru skemmtilegustu kvöld vikunnar því þá erum við allar saman,“ segir Elín. **-ag**



**SEGIR BRJÓST HAFA VERIÐ ÞEIM HUGLEIKIN** Elín er varaformaður kórsins og segir mikla birtu fylgja starfi þeirra í Kötlu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

**ÞETTA GERÐIST** 30. APRÍL 1991

# Viðeyjarstjórnin tekur við völdum

Á þessum degi fyrir átján árum tók ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks, undir forsæti Davíðs Oddssonar, við völdum. Sú stjórn hefur verið kölluð Viðeyjarstjórn þar sem hún var mynduð í Viðey á einungis fjórum dögum. Formaður Alþýðuflokksins, Jón Baldvin Hannibalsson, varð þá utanríkisráðherra.

Stjórnin kvaðst berjast við mikinn fortíðarvanda sem fælist í hallarekstri á ríkissjóði, tómum sjóðum vegna misheppnaðra fjárfestinga í fiskeldi og loðdýrarækt og hættu á verðbólgu. Með aðhaldi í fjármálum og peningamálum tókst að halda verðbólgu í skefjum en það auðveldaði starf stjórnarinnar að aðilar vinnumarkaðarins höfðu gert þjóðarsátt árið 1990 um hóflegar launahækkanir. Einnig voru ýmsir opinberir sjóðir lagðir niður og strangar reglur settar um Byggðasjóð.

Eitt fyrsta verk stjórnarinnar var að viðurkenna á ný sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna þriggja, Eistlands, Lettlands og Litháens, eftir hrun Sovétríkjanna og varð Ísland fyrst ríkja til að gera slíkt. Halla í rekstri íslenska ríkisins var á nokkrum árum snúið í afgang, sem síðan var notaður til að lækka skuldir. Atvinnulífið opnaðist verulega þegar Ísland gerðist aðili að Evrópska efnahagssvæðinu árið 1994 og var kvótakerfið fest í sessi með margvíslegri löggjöf.



Davíð Oddsson og Jón Baldvin Hannibalsson koma úr Viðey eftir að hafa myndað ríkisstjórn á fjórum dögum.



**Rigning og Logn** Bergrós Kjartansdóttir lítur á peysur sínar sem ljóð og segist yrkja í lopann. SÍÐA 2



**Hippar** Sumartískan verður í anda hippanna á sjöunda áratugnum. Síðir, frjálslegir og þægilegir kjólar verða allsráðandi. BLS. 4


TÆKIFÆRISGJAFIR



TILBOÐ

Hnífaparatöskur – 12 manna
14 tegundir
Verð frá kr. 24.990

Tékk KRISTALL

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955






hjá Hafnhildi

Engjateigi 5 | Sími 581 2141 | www.hjahrafnhildi.is


# EFLIR ENDURNÝJUN HÚÐARINNAR

**AUTOMAX KYNNIR** *SnailGel-húðvörulína dr. Organic er unnin úr slími snigla. Uppbyggjandi áhrif þess á húðina uppgötvuðu sniglabændur þegar skrámur á höndum þeirra greru óvenju hratt og vel þegar þeir handléku sniglanna.*

Húðin tekur við sér um leið og SnailGel er borið á. Þetta er ekki bara eitthvert krem, þetta er meira. Framleiðandinn fullyrðir að eftir fjögurra vikna notkun sýnist húðin sex árum yngri,“ segir Svala Rún Sigurðardóttir hjá Automax.

SnailGel er náttúruleg vara, unnin úr slími sem sniglar framleiða til að endurnýja kuðung sinn. Uppbyggjandi áhrif þess á húðina uppgötvuðu sniglabændur í Síle, er þeir tóku eftir því að sár og skrámur á höndum þeirra greru óvenju hratt við meðhöndlun sniglanna.

Slím sniglanna hafði verið rannsakað í meira en áratug áður en dr. Organic þróaði húðvörulínuna SnailGel. Nú samanstendur línan af kremi, handáburði, andlitsserumi og augnserumi en vörurnar komu á markaðinn fyrir tveimur árum í Bretlandi.

„Það finnst á áferð og ilmi dr. Organic varanna hvað þær eru náttúrulegar en aloe vera er undirstaðan í öllum vörum dr. Organic,“ segir Svala. „SnailGel sló algjörlega í gegn og á síðasta ári varð 700% söluaukning í Bretlandi. Stjörnur eins og Katie Holmes nota SnailGel og í fyrravetur var SnailGel-línan valin „Uppáhald viðskiptavina“ hjá Holland&Barret, en vörulínan fæst eingöngu þar í Bretlandi. SnailGel kom á markaðinn hér á Íslandi í nóvember í fyrra og viðtökurnar fóru fram úr björtustu vonum. SnailGel er ein af okkar mest seldu vörum í Heilsuhúsinu,“ segir Svala.

Hugmyndafræði dr. Organic gengur út á að það sem borið er á líkamann sé eins náttúrulegt og lífrænt og það sem við látum ofan í okkur. Þannig megi tryggja heilbrigði og vellíðan.

Allar vörur dr. Organic eru unnar úr náttúrulegum afurðum, svo sem aloe vera, hunangi, býväxi og ólífuolíu og á náttúrulegan hátt og við gerð SnailGel er sniglunum ekki fargað heldur eru þeir látnir skríða eftir glerplötu og slímið sem þeir skilja eftir sig skafið upp og nýtt.

Nánari upplýsingar um SnailGel er að finna á drorganic.co.uk. Dr. Organic er einnig á Facebook.



**NÁTTÚRULEGT** SnailGel er náttúruleg vara, unnin úr slími sem sniglar framleiða til að endurnýja kuðung sinn. Kremið er afar rakagefandi og mýkjandi og er öflugt á hrukkur og ör.

- SnailGel inniheldur slím snigla, aloe vera og sítrónugras
- Virku efnin í SnailGel er náttúrulegt collagen og elastin
- SnailGel er án parabena og annarra aukaefna
- SnailGel er bakteríudrepandi og hentar vel á bólótta húð
- Öflugt á hrukkur og ör
- Rakagefandi og mýkjandi
- Húðin sýnist sex árum yngri eftir fjögurra vikna notkun

**FÆST Í HEILSUHÚSINU**



**HEFUR SLEGIÐ Í GEGN** „SnailGel er ekki bara eitthvert krem, þetta er meira. Framleiðandinn fullyrðir að eftir fjögurra vikna notkun sýnist húðin sex árum yngri,“ segir Svala Rún Sigurðardóttir hjá Automax. Stjörnur eins og leikkonan Katie Holmes nota SnailGel.
MYND/GVA


SÓFADAGAR

NÝ SENDING AF SVEFNSÓFUM



INNOVATION

**Svefnsófi Cube 140 Deluxe**
Stærð svefnflatar 140x200 cm
Litir: Ljóst / dökkt
Verð kr. 199.000.-
Nú aðeins kr. 129.935
Einnig fáanlegur í 90 cm og 200 cm breidd



**Þægilegur svefnsófi m/tungu**
Stór rúmfatageymsla
Auðveldur í notkun
Stillanlegir höfuðpúðar
Þykkt gæðaleður
Stærð: Breidd: 244 cm
Dýpt: 165 cm / Hæð: 94 cm
Kynningarverð aðeins kr.
299.900

10-35% afsláttur af nokkrum eldri gerðum

12 mán. vaxtalausar greiðslur*
*3.5% lántökugjald

Svefn & heilsa
www.svefn.is
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

GERÐU GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ
Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

www.korter.is












**RIGNING**
Peysan Rigning er ljóð Bergrósar Kjartansdóttur sem hún samdi í lopa undir áhrifum frá ljóðinu „Mér finnst rigningin góð".

**TIBRA.IS**
Bergrós mun kynna flíkur sínar í hannyrðaversluninni Rokku í Fjarðarkaupum um miðjan maí. Nánari upplýsingar um það koma síðar á **WWW.TIBRA.IS**

# YRKIR Í LOPANN

**PRJÓNAHÖNNUN** *Nýjustu peysur prjónahönnuðarins Bergrósar Kjartansdóttur heita Rigning og Logn. Bergrós líkir peysunum sínum stundum við ljóð og kveikjan að Rigningu var einmitt frægt ljóð Vilborgar Halldórsdóttur.*

Þegar ég var barn bjó ég á Ísafirði í gömlu reisulegu húsi við Hafnarstræti sem var alltaf kallað græna húsið. Á sama tíma bjó Vilborg Halldórsdóttir þar og samdi ljóðið „Mér finnst rigningin góð" sem síðar var gert ódauðlegt af hljómsveitinni Síðan skein sól. Þetta fannst mér alltaf afar merkilegt og hef sagt þessa sögu oft í gegnum tíðina," segir Bergrós sem ákvað einn daginn að yrkja sitt eigið ljóð um rigninguna en þó ekki með pennann að vopni heldur prjónana. Úr varð peysan Rigning.

Bergrós er afkastamikill prjónahönnuður og vann um tíma sem aðalhönnuður hjá ÍSTEX við blaðið LOPA. Í dag starfar hún sjálfstætt og rekur vefverslunina Tíbrá þar sem hún selur uppskriftir sínar.

„Langflest sem ég bý til hefur með einhverjar sögur að gera," segir Bergrós sem nýtir ljóð, frásagnir, tilfinningar sem hún hefur upplifað og minningar úr æsku í verk sín. „Ég hugsa peysurnar mínar oft sem ljóð eða sögur og yrki þær beint í lopann. Líkt og með ljóðin er maður að færa hugmynd úr höfðinu niður í annað efni sem næsti maður skilur," segir Bergrós sem kemur úr ljóðelskri ætt.

Þegar Bergrós sest niður og prjónar hugmyndir sínar í lopann þarf hún sjaldan að gera margar tilraunir. „Hugmyndir mínar eru tilbúnar í höfðinu á mér áður en þær fara í gegnum hendurnar og prjónana," segir Bergrós, sem gengur alltaf með margar hugmyndir í maganum. „Þegar ég kem þeim loks á prjónana þá er ég búin að móta þær í huganum mjög lengi."

Bergrós segir algengt að eitt verk leiði af sér annað. Þannig fæddist peysan Logn í kjölfar Rigningar. „Lognið hefur alltaf haft djúpstæð og öflug áhrif á mig og ég læt lokkast af logni eins og mýfluga af mykjuskán. Ég ræð mér ekki fyrir kæti þegar lognið leggst yfir. Því lognið er ekki bara í loftinu svífandi í kringum okkur, það er í sjónum líka, ögrandi og seiðandi sést það spegla sig í letilegum vatnsfletinum sem leyfir manni að trúa því að ævintýri sé að hefjast," segir Bergrós um þessa flík.



**LOGN**
Lognið kom á eftir rigningunni og er á svipuðum nótum.

Bergrós telur ekki mjög erfitt að prjóna peysurnar Rigningu og Logn. „Þær eru mjög einfaldar fyrir utan mynstrið sem er pínu áskorun fyrir byrjendur," segir Bergrós, sem reynir þó alltaf að hafa prjónakonuna í huga þegar hún hannar mynstur. „En maður má ekki vantreysta prjónakonunni og það má alveg ögra. Ég heyrði til dæmis af gamalli konu sem prjónaði uppskrift eftir mig sem heitir Mósaík. Hún var 84 ára gömul og sagði að sér hefði fundist svo gaman að prjóna þessu peysu því hún hefði fundið það eftir á að heilasellunum hefði fjölgað," segir Bergrós glaðlega.

■ solveig@365.is



**BERGRÓS KJARTANSDÓTTIR**

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

## VINVEITTIR GERLAR

*Dagleg inntaka vinveittra gerla styrkir ónæmiskerfið. Optibac fæst í öllum apótekum og heilsuverslunum á Íslandi. Nánari upplýsingar á www.raritet.is og www.facebook.com/optibaciceland*



# VELJA ÞARF RÉTTA MELTINGARGERLA

**RARITET KYNNIR** *OptiBac Probiotics eru meðal öflugustu meltingargerla á markaðnum í dag. Umsagnir þeirra sem nota þá segja sína sögu.*

Ég hef prófað margar tegundir af meltingargerlum (acidophilus), en hef aldrei fundið jafn mikla virkni og þegar ég nota OptiBac," segir Víðir Þór Þrastarson, íþróttafræðingur og heilsunuddari, en Víðir hefur meðal annars notað „For Every Day" extra sterkan frá OptiBac.

Víðir Þór er menntaður íþróttafræðingur frá Háskóla Íslands og hefur starfað sem einkaþjálfari í yfir 15 ár og á þeim tíma byggt upp mikla og sérhæfða þekkingu varðandi hreyfingu og næringu. Auk þess sinnir Víðir stundakennslu við heilsunuddbraut Fjölbrautaskólans við Ármúla og er aðstoðarkennari við íþróttafræðisetur Háskóla Íslands.



**MÆLIR MEÐ OPTIBAC** Víðir Þór Þrastarson, íþrótta- og heilsufræðingur frá Háskóla Íslands, hefur notað OptiBac Probiotics með góðum árangri og mælir með þeim fyrir alla sem vilja tryggja að meltingin sé í lagi. MYND/VALLI

### BREIÐ VIRKNI OG SÉRHÆFÐAR LAUSNIR

Það sem er einstakt við þessa vöru er hvað gerlarnir eru virkir og vel rannsakaðir. Bæði er hægt að velja gerlablöndu með breiða virkni sem inniheldur margar tegundir af gerlum en einnig hefur OptiBac þróað og sett saman nokkrar tegundir af sérhæfðum blöndum með virkni fyrir sérstök meltingarvandamál eins og til dæmis gegn hægðatregðu, til að losna við loft og þembu úr meltingarveginum, við niðurgangi eða bakteríusýkingu.

### DAGLEG INNTAKA VINVEITTRA GERLA STYRKIR ÓNÆMISKERFIÐ

Streita, lélegt eða einhæft mataræði á borð við skyndibita og unnar matvörur ásamt sýklalyfjanotkun hefur neikvæð áhrif á þarmaflóruna. Þessir þættir valda skorti á ensímum og nauðsynlegum bakteríum fyrir þarmaflóruna og því er ráðlagt að taka daglega inn vandaða meltingargerla með sannaða virkni.

„Í þörmum fyrirfinnast bæði góðar og vondar bakteríur. Talið er mikilvægt að hlutfall góðra baktería sé yfir sjötíu prósent. Margir kannast við óþægindi í meltingarvegi vegna slæmra baktería; loft í maga, magakrampa, niðurgang og hægðatregðu. Ef slæmt ástand í þarmaflórunni varir lengi er það talið geta leitt af sér ýmsa kvilla, eins og ofnæmi, óþol, minni vörn gegn umgangspestum og sýkingum, bólgusjúkdóma og veikingu á ónæmiskerfinu, sem leitt getur af sér alvarlega sjúkdóma. Auk þess styrkjum við náttúrulegar varnir líkamans gegn kvefi, flensu og umgangspestum með því að viðhalda meltingarflórunni," segir Víðir og bendir á að þó svo að við höldum að flóran sé góð þá sé raunveruleikinn oft annar og ýmis líkamleg einkenni sem við tengjum ekki beint við meltinguna eigi sér uppruna þar.



**EKKI MEIRI HÆGÐATREGÐA**
OptiBac Bifidobacteria & Fibre eykur á náttúrulegan hátt meltingarvirkni og þarmahreyfingar.



**FLATUR MAGI Á 7 DÖGUM**
OptiBac One Week Flat eykur ensímframleiðslu og brýtur niður fæðuna.

**NÁTTÚRULEG OG HRAÐVIRK LAUSN GEGN NIÐURGANGI OG BAKTERÍUSÝKINGUM**
OptiBac Saccharomyces boulardii virkar hratt og örugglega við niðurgangi og bakteríusýkingu í meltingarvegi.





**OPTIBAC PROBIOTICS EXTRA STRENGTH**
Extra sterk Probioticformúla með 20 milljörðum af lifandi bakteríum í dagskammti. Inniheldur fimm ítarlega rannsakaðar bakteríutegundir, meðal annars L. acidophilus NCFM®.




**ÚTSÖLUSTAÐIR:** Apótek um allt land

# BESTA FLENSUVÖRN SEM ÉG HEF PRÓFAÐ

*Sambucol er öflug fyrirbyggjandi lausn gegn kvefi og flensu fyrir alla fjölskylduna. Sambucol er náttúrulegt fæðubótarefni úr black elderberry-extrakt.*

Þórarinn Þórhallsson, eigandi Raritet, hefur varla fengið flensu eða kvef undanfarin ár eða síðan hann kynntist Sambucol. „Ég prófaði Sambucol þegar ég fékk heiftarlega flensu fyrir nokkrum árum og það virkaði strax. Einkennin urðu mildari og það var mun auðveldara að takast á við veikindin. Ég var kominn aftur á ról eftir tvo til þrjá daga. Eftir það hef ég notað Sambucol markvisst allt árið um kring og hef hvorki fengið kvef né flensu síðan sem neinu nemur, 7-9-13," segir Þórarinn."

### NÁTTÚRULEG VÍRUSVÖRN

Áratuga rannsóknir á Sambucol hafa sannað gagnsemi við t.d. inflúensu A og B og styrkingu á ónæmisviðbrögðum.

**Dæmi um klínískar rannsóknir á Sambucol:**

■ *1995 – Inflúensa B rannsókn*
Miklu meiri bati hjá 93,3% þeirra sem tóku Sambucol en þeim sem notuðu lyfleysu.

■ *2001 – Ónæmiskerfisrannsókn „In vitro"*
Sambucol reyndist vera hjálplegt til að styrkja ónæmiskerfið hjá fólki sem hafði minnkuð ónæmisviðbrögð.

■ *2004 – Inflúensa A rannsókn*
Sambucol sýndi góða verkun gegn flensu og fækkaði veikindadögum að meðaltali um fjóra. Þeir sem tóku Sambucol þurftu einnig á mun minni verkjalyfjum að halda.

■ *Fuglaflensa H5N1*
Sambucol virkaði í 99% tilfella til að vinna á móti H5N1 vírusnum.

**HVERNIG GETUR SAMBUCOL HJÁLPAÐ?**

- **Með því að taka Sambucol allan ársins hring er hægt að koma í veg fyrir kvefsmit og flensu. Mælt er með því að taka stærri skammt af Sambucol yfir vetrartímann.**
- **Sambucol getur hjálpað til við að forðast flensusmit á ferðalögum, á fjölförnum stöðum og í almenningsfarartækjum.**
- **Sambucol hefur fyrirbyggjandi áhrif, svo gott er að taka það inn þegar mikið stendur til.**

**SAMBUCOL ER FÁANLEGT Í ÞREMUR MISMUNANDI PAKKNINGUM**

- Sambucol for Kids er bragðgott náttúrulegt þykkni sem inniheldur svört ylliber og C-vítamín. Hentar börnum á aldrinum 3-12 ára. Þykknið er einstaklega bragðgott.
- Sambucol Immune Forte er sykurlaust, náttúrulegt þykkni sem inniheldur svört ylliber og antivirin sem kemur í veg fyrir að vírusar nái til frumnanna og fjölgi sér. Inniheldur auk þess C-vítamín og sink sem styrkja ónæmiskerfið.
- Sambucol Immune Forte – hylki: Fyrir þá sem ekki vilja mixtúru er hægt að fá Sambucol forte með C-vítamíni og sinki í hylkjum. En forðahylki eru góður kostur þar sem innihaldsefnin eru í duftformi og eru þannig auðmeltanleg.

**GÓÐ RÁÐ TIL AÐ FORÐAST SMIT**

- Hreinlæti.
- Borðið engifer og hvítlauk og takið meltingargerla til að styrkja ónæmiskerfið.
- Takið inn Sambucol alla daga til að minnka líkur á smiti af kvefi og flensu.
- Best er að halda sig heima ef flensan bankar upp á.


OptiBac probiotics




Gegn sveppasýkingu,bakteríusýkingu og þvagfærasýkingu

@OptiBac
www.facebook.com/optibaciceland

PRENTUN.IS

„Ég mæli með því að konur velji náttúrulegu leiðina gegn þrálátum sýkingum og sem forvörn"

Valbjörg Þórðardóttir
hjúkrunarfræðingur



Fæst í apótekum og heilsubúðum

# HIPPATÍSKAN SNÝR AFTUR

**BLÓMABÖRN** *Hippatískan er allsráðandi í sumarkjólunum. Dragsíðir, léttir, munstraðir kjólar sem voru tákn um frelsi konunnar á sjöunda áratugnum. Kjólarnir eru þægilegir og flottir.*

Um leið og þessir kjólar kallast hippalegir eru þeir einnig afar rómantískir. Bóhemtíska er ríkjandi í sumar og horft aftur í tímann til 1965-1975. Vonandi verður gott sumar svo hægt sé að ganga í svona kjól dagsdaglega. Stuttir galla- eða leðurjakkar passa vel við kjólana. Oft hefur verið horft til þessa tímabils í sögunni, enda er ákveðinn ljómi þar yfir. Músíkin var að breytast með tilkomu Bítlanna og unga fólkið gerði uppreisn gegn gamaldags kerfi. Tískan varð frjálsleg og þægindin voru höfð í fyrirrúmi. Flestar stúlkur hættu að ganga í brjóstahöldum á þessum tíma, þau þóttu hindra frelsið.

Hippatískan byrjaði í Bandaríkjunum í byrjun sjöunda áratugarins en breiddist síðan út um allan heim. Listamenn tóku þessari tísku fagnandi. Orðið hippi er dregið af orðinu hipster sem þýðir sá sem er leiðandi í tískunni. Í borginni San Francisco ruku upp heilu hippahverfin en borgin var vinsæl meðal þeirra sem aðhylltust gagnrýnin viðhorf hippanna. Þessum frjálslega lífsstíl fylgdi því miður töluverð fíkniefnaneysla sem margir fóru flatt á.

Tónleikar eins og The Human Be-In í San Francisco sumarið 1967 lögðu grunninn að vinsældum hippanna og sömuleiðis Woodstock-hátíðin 1969. Hippamenningin varð áhrifamikil í hvers konar listsköpun á þessum árum. Meðal frægra hippa má nefna John Lennon, Bob Dylan, Jimi Hendrix, Janis Joplin, Jim Morrison og Frank Zappa.















# SVEFNSÓFAR

*sem breytast í rúm á augabragði...*






## RECAST

TVÍBREIÐUR SVEFNSÓFI
MEÐ ÞYKKRI OG
GÓÐRI SPRINGDÝNU.
KR. 129.900



SVEFNBREIDD 140X200



## SLY

TILBOÐVERÐ
kr. **119.900**
LISTAVERÐ
- kr. 139.900 -

ÞYKK OG GÓÐ SPRINGDÝNA
RÚMFATAGEYMSLA
SVEFNBREIDD 140X200
2 LITIR Í BOÐI





## RHOMB

kr. **139.900**
SVEFNBREIDD
140X200

ÞYKK OG GÓÐ SPRINGDÝNA
RÚMFATAGEYMSLA
SVEFNBREIDD 140X200



## SÓFAR SEM HENTA JAFNT FYRIR HEIMILI OG GISTIHÚS

**- SKOÐAÐU ÚRVALIÐ OG MYNDBÖND AF SÓFUNUM INN Á HEIMASÍÐU OKKAR -**



## UNFURL

kr. **109.900**
SVEFNBREIDD
120X200

GÓÐ SPRINGDÝNA
SVEFNBREIDD 120X200
2 LITIR Í BOÐI





## TRYM

kr. **198.900**
SVEFNBREIDD
140X200

EXTRA ÞYKK OG GÓÐ
SPRINGDÝNA
RÚMFATAGEYMSLA
SVEFNBREIDD 140X200



# LÍNAN

BÆJARLIND 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARD. 11 - 16















**FRJÁLSLEGT** Études hannaði sína útfærslu á bomberjakkanum.



**HRESSILEGUR LITUR** Appelsínugult fóður einkennir nælonbomberjakkana sem tóku við af fóðruðu leðurjökkunum. Dries Van Noten notar appelsínugula litinn á meira.



**FÓTBOLTALÚKK** Bomberjakki með fótboltaívafi frá Supreme.



**SUMARDRESSIÐ Í ÁR?** Rúllukragabolur, peysa og hlý húfa við bomberjakkann gæti vel verið sumardressið í ár hér á Íslandi ef fram heldur sem horfir með veðrið.

# BOMBERJAKKINN FYRIR SUMARIÐ

*TÍSKA Fóðraðir mittisjakkar eða „bomberjakkar“ sem áttu miklum vinsældum að fagna á tíunda áratugnum hafa átt gott „kombakk“ eins og fleira frá þessum árum. Á götum tískuborga eins og Mílanó, Parísar og New York eru þeir paraðir jafnt við grófa skó og gallabuxur sem sparikjóla og þá hafa ýmsar útfærslur af bomberjakkanum sést á tískupöllunum. Saga bomberjakkans teygir sig þó lengra aftur en til tíunda áratugarins, hann á rætur sínar að rekja til fóðraðra leðurjakka flugmanna í fyrri heimsstyrjöldinni sem þurftu eitthvað hlýtt í opnum flugvélunum. Í seinni heimsstyrjöldinni lét bandaríski herinn hanna fóðraðan leðurjakka (G-1) á flugmenn sína sem átti svo miklum vinsældum að fagna meðal almennings að herinn hætti að nota þá árið 1978. Hollywood-myndir eins og Top Gun gerðu sitt til að auka vinsældir bomberjakkans sem þótti töff og töff. Leðrið vék síðar fyrir nýmóðins efnum og í dag eru bomberjakkarnir úr næloni, grænir, gráir eða svartir með appelsínugulu fóðri og eru afar vinsælir.*



**PILS, VARALITUR OG HÆLASKÓR** Acne eir eitt þeirra tískufyrirtækja sem útfært hafa bomberjakkann. Með því að nota hann við sparisko og pils hentar jakkinn fullkomlega við spariieg tækifæri.
NORDIC PHOTOS/GETTY



**GRÓF PEYSA OG RIFNAR GALLABUXUR** Töffheit hafa alltaf fylgt bomberjakkanum.



**STÆLLEGUR OG TÖFF** Hollywood-myndir eins og Top Gun gerðu sitt til að auka vinsældir bomberjakkans. Herinn hætti að nota G-1-jakkann árið 1978 þar sem hann átti gífurlegum vinsældum að fagna meðal almennings.



# LYFTARAR

FIMMTUDAGUR 30. APRÍL 2015

## Sérfræðingar með áratuga reynslu

**Meðhöndlun og sala lyftara og vöruhúsatækja er ein af sérhæfingum Vélaborgar á Járnhálsi.** SÍÐA 2

## Lyftararallý í Grindavík

**Fyrsta árlega lyftararallýið fór fram á Sjóaranum síkáta í Grindavík í fyrra og verður haldið árlega.** SÍÐA 2

## Breið vörulína hjá Kraftvélum

**Kraftvélar bjóða upp á lyftara frá Toyota og BT sem henta litlum og stórum fyrirtækjum.** SÍÐA 3

# Ekki bara sérfræðingar í vöruhúsum

Lyftarar og vöruhúsatæki eru á meðal þess sem Vélaborg sérhæfir sig í. Fyrirtækið býður upp á gæðamerkið ***Jungheinrich*** sem byggir á 60 ára reynslu og er í fremstu röð lyftaraframleiðenda í heiminum í dag. Vélaborg er einnig með öfluga varahlutaverslun.

Starfsmenn Vélaborgar hafa áratuga reynslu í meðhöndlun og sölu lyftara og vöruhúsatækja. Hjá Vélaborg vinna 25 manns sem hafa það sameiginlega markmið að viðskiptavinurinn sé alltaf í fyrsta sæti. Ingimar Ingimarsson er sölumaður lyftara og lyftitækja hjá Vélaborg og við hittum hann að máli í húsnæði Vélaborgar að Járnhálsi 2.

### Hvaða vörur eruð þið með hjá Vélaborg?

„Í lyfturum og lyftitækjum erum við með þýska gæðamerkið Jungheinrich. Það byggir á rúmlega 60 ára reynslu í smíði lyftara og lyftitækja. Þessi reynsla hefur skilað þeim í fremstu röð meðal lyftaraframleiðenda í heiminum. Í dag er Jungheinrich þriðji stærsti lyftaraframleiðandinn í heiminum og hefur verið margverðlaunaður í gegnum árin fyrir gæði, endingu og hönnun lyftitækja.“

### Hvað ber að hafa í huga þegar nýir lyftarar eru keyptir?

„Það sem þarf að gera fyrst er að skilgreina þörfina og því er gott að ráðfæra sig við sérfræðinga okkar. Meðal þess sem er gott að hafa í huga er lyftihæð, lyftigeta, keyrslulengd, gólffletir, hitastig og fleira. Þá er nauðsynlegt að líta á gæðin. Það er alltaf hægt að kaupa ódýr tæki sem endast stutt en ef tæki eiga að endast verða tveir þættir að vera fyrir hendi, þ.e. vandað tæki og reglulegt viðhald, hvort tveggja sem Jungheinrich og Vélaborg hafa upp á að bjóða.“

### Hvað með notuð tæki?

„Við tökum notaða lyftara upp í nýja lyftara og seljum aftur. Þá hefur verið talsvert um það að viðskiptavinir kaupi notuð lyftitæki frá Evrópulöndunum í gegnum Vélaborg. Jungheinrich rekur sérstakt verkstæði þar sem gerðir eru upp notaðir lyftarar. Þaðan er hægt að kaupa tvenns konar notuð tæki; tæki með yfirförnum batteríum og tæki sem eru algjörlega endurbyggð og hafa fengið nýtt líf. Það er því alltaf hægt að finna tæki við hæfi, notað sem nýtt. Við eigum svo alltaf einhver tæki til sölu hér á Járnhálsinum. Upplýsingar um notuðu tækin má finna á vefsíðu okkar www.velaborg.is og Facebook-síðu okkar www.facebook.com/velaborg.“

### Hverjir eru viðskiptavinir Vélaborgar?

„Við þjónum allri vélaflórunni hjá Vélaborg. Hjá Jungheinrich hafa það alltaf verið vöruhúsatækin sem seljast mest; brettatjakkar, staflarar, tínslutæki og lyftarar. Það hefur hins vegar bæst talsvert við af viðskiptavinum úr sjávarútveginum. Hann gerir sífellt meiri kröfur um gæði og endingu og hefur því í auknum mæli snúið sér að gæðamerkjum eins og Jungheinrich.“



„Í lyfturum og lyftitækjum erum við með þýska gæðamerkið Jungheinrich,“ segir Ingimar Ingimarsson, sölumaður lyftara og lyftitækja hjá Vélaborg. MYND/GVA

> **Upplýsingar um Vélaborg og notuðu tækin má finna á vefsíðu okkar www.velaborg.is og á facebook.com/velaborg**

### Hvernig er háttað sölu á aukabúnaði fyrir lyftara?

„Við seljum allan aukabúnað á lyftara. Hjóldrifnir sópar framan á lyftara frá Smart Sweep eru t.d. algjör snilld. Þeir hafa engar vökvatengingar en soga allt sem fyrir verður upp í skúffuna. Við erum til að mynda nýkomnir með umboð fyrir finnskar stafrænar vogir sem eru tengdar við glussakerfi lyftara og ámoksturstækja. Þetta eru ótrúlega nákvæmar vigtar og einfaldar í uppsetningu á nýja sem notaða lyftara og á mjög sanngjörnu verði. Við vorum líka að fá sendingu með galvaníseruðum gámasliskjum sem þola 6,5 tonna þunga og mannkörfum sem einfaldlega er rennt upp á gafflana og rúma tvo menn.“

### Hvernig þjónustu viljið þið veita?

„Við rekum mjög öfluga varahlutaverslun sem hefur á að skipa einvala liði með áratuga reynslu úr varahlutabransanum. Enn fremur rekum við mjög öflugt verkstæði með sérþjálfuðum viðgerðarmönnum úr bæði vinnuvéla- og lyftarageiranum.

Hér á bæ leggja menn sig fram um að aðstoða alla sem til okkar leita hvort sem menn eru með tæki frá okkur eða öðrum framleiðendum. Við búum yfir mikilli reynslu hvort sem er á sviði varahluta- eða viðgerðaþjónustu og viljum gjarnan miðla henni til þeirra sem þess þarfnast.“

# Keyrðu niður keilur í bráðræði

Magnús Jón Björgvinsson stóð fyrir lyftararallýi á bæjarhátíðinni Sjóaranum síkáta í Grindavík í fyrra. Hann segir keppnina hafa reynt á þolinmæði og útsjónarsemi keppenda og bráðræði hafa helst orðið mönnum að falli. Allt var þó til gamans gert.

Ég setti upp nokkrar þrautir og bjó til stóran veltipétur á gaffalinn, þar sem keppendur áttu að velta legukúlu gegnum ákveðna leið og í mark. Í þeirri þraut voru keppendur á rafmagnslyftara með snúningi en þegar átti að stafla upp körum á sem stystum tíma voru keppendur á dísillyftara. Þrautirnar voru auðvitað dálítið tengdar fiskiðnaðinum, enda fór keppnin fram í Grindavík,“ segir Magnús Jón Björgvinsson hjá Kraftvélum en hann stóð að lyftararallýi á bæjarhátíðinni Sjóaranum síkáta í Grindavík í fyrra.

Keppnin vakti stormandi lukku þrátt fyrir leiðindaveður. „Við þurftum að færa keppnina inn og fækkuðum þrautunum eitthvað.“

Um tuttugu manns skráðu sig til leiks, frá flestum fyrirtækjum á svæðinu og allir skemmtu sér vel.

„Þetta var mjög skemmtilegt og mikið fjör. Lyftararallýið í fyrra var fyrsta keppnin sem við héldum en hún verður nú haldin árlega. Ég ætla líka að fara hringinn um landið í sumar og setja upp þrautabrautir og fá fólk sem vinnur á lyftara til að lyfta sér aðeins upp. Þetta er bara svo skemmtilegt. Svona uppákomur krydda tilveruna,“ segir Magnús.

### Reynir á útsjónarsemi

Skilyrði til þátttöku í lyftararallýi eru að sjálfsögðu lyftararéttindi en hvað þarf annars að hafa til brunns að bera? „Þessi keppni reynir bæði á tækin og ökumanninn. Keppendur þurfa að búa yfir útsjónarsemi, þolinmæði og rökhugsun. Sérstaklega þurfti mikla þolinmæði við veltipéturinn,“ segir Magnús.

„Bráðræði varð mönnum helst að falli í rallýinu í fyrra, menn flýttu sér of mikið og keyrðu niður keilur í brautinni. Veltipéturinn reyndist líka mörgum erfiður og sá sem stóð uppi sem lyftarameistari eftir keppnina var einmitt sneggstur með þá þraut,“ segir Magnús sem sjálfur er þaulreyndur á lyftara.

„Ég var vöruhússtjóri í fimmtán ár áður en ég fór að selja lyftara og þekki þetta út og inn. Nú vona ég bara að veðrið verði gott í næstu keppnum. Þá get ég sett saman fleiri þrautir,“ segir hann glaðlega.



Magnús setti saman fjölbreytta þrautabraut sem keppendur fóru í gegnum, bæði á dísil- og rafmagnslyfturum. Meðal þrauta var að stafla upp fiskikörum á sem stystum tíma.



Kristinn Gunnarsson hjá Gjögri ehf. stóð uppi sem sigurvegari keppninnar í fyrra og fékk afhentan bikar úr hendi Magnúsar Jóns Björgvinssonar sem setti þrautirnar saman. MYND/KRAFTVÉLAR



Veltipéturinn stóð í mörgum keppendum en þrautin reyndi talsvert á þolinmæðina.

> **Lyftararallýið í fyrra var fyrsta keppnin sem við héldum en hún verður nú haldin árlega.**

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmenn auglýsinga: Bryndís Hauksdóttir, bryndis@365.is, s. 512 5434 Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson.

# GÆLUDÝR

FIMMTUDAGUR 30. APRÍL 2015



## Svartur Seifur kemur til bjargar

Labradorhundurinn Seifur auglýsti í blaði og reddaði eigendum sínum leiguíbúð á tveimur tímum. SÍÐA 2

## Gæludýravörur í verslunum Líflands

Verslunin Lífland hefur að geyma hafsjó af flottum vörum fyrir gæludýrin, allt frá ólum til fóðurs. SÍÐA 3

## Exótískt og skrítið gæludýr

Tálknsalamandran er skrítið dýr sem kemst aldrei alveg af lirfustiginu og lifa í vatni alla tíð. SÍÐA 4






„Takk kærlega fyrir, Seifur minn," gæti Ólafur verið að segja við vin sinn sem reddaði leiguíbúð á Akranesi á tveimur tímum. MYND/ERNIR

# Hundurinn Seifur reddaði íbúðinni

**Seifur er eins og hálfs árs gamall, fjörugur, kelinn og mannblendinn labradorhundur. Hann hefur bjargað eigendum sínum Ólafi Jónssyni og Katrínu Kjartansdóttur Arndal frá hreyfingarleysi og sófasetu og nýverið gerði hann gott betur og útvegaði þeim leiguíbúð á Akranesi á innan við tveimur tímum.**

Ég gaf Katrínu Seif í jólagjöf jólin 2013. Við höfðum talað um það í nokkur ár að fá okkur hund en aldrei látið verða af því. Þegar til stóð að ég færi í aðgerð og yrði heima í nokkra mánuði á hækjum sá ég fyrir mér að það væri sniðugt að taka feðraorlofið í leiðinni," segir Ólafur sem sótti hvolpinn nokkrum vikum fyrir jól og kom Katrínu sinni á óvart með loðna vininum. „Ég pakkaði honum nú ekkert inn í jólapakka samt," segir hann glettinn.

### Bjargað úr sófanum

Nafnið völdu þau saman. „Í fyrsta lagi þótti okkur Seifur flott nafn úr goðafræðinni. Í öðru lagi var það smá grín á milli okkar að hann myndi „Save us from the couch" með því að draga okkur út í göngutúra, og hann hefur fyllilega staðið undir því."

### Hræðileg hugmynd

Og hvernig hefur uppeldið gengið? „Mér finnst frábært að ég hafi prófað að vera með lítinn hvolp og sjálfur á hækjum. Þá get ég ráðlagt öllum að gera þetta aldrei," svarar Ólafur kíminn. „Þetta var arfaslæm hugmynd. Hann hljóp um allt, meig inni og ég á eftir honum á hækjunum. Það varð stórslys á hverjum degi," segir hann hlæjandi en bætir við að þeim Katrínu finnist stórskemmtilegt að eiga hund. „Þetta er, eins og allir segja, miklu meiri vinna en maður gerir sér grein fyrir. En þetta er ofsalega skemmtilegt og gefandi."

### Vaktaskipti á morgnana

Seifur er stuðbolti og vaknar alla daga klukkan sex á morgnana og vekur Ólaf og Katrínu með látum. „Það er engin lygi að við höfum vaknað klukkan sex í eitt og hálft ár. Það hefur reyndar myndast smá system og við skiptumst á að fara framúr."

Ólafur lýsir Seifi þó sem sérlega ljúfum og góðum. „Hann er gríðarlega mikil kelirófa og vill kúra eins og köttur. Hann hefur rosa gaman af öllu fólki og vill vera í kringum það öllum stundum. Hann er alveg klár á því að Katrín er húsbóndinn en ég er hinn hvolpurinn á heimilinu. Hann lítur á mig sem jafningja og vill gera allt eins og ég. Svo vekur hann mig alltaf fyrst á morgnana."

### Auglýsti eftir íbúð

Katrín og Ólafur eru bæði utan af landi en höfðu búið á höfuðborgarsvæðinu í mörg ár. Þau ákváðu að breyta til og flytja út fyrir höfuðborgina, til Akraness. „Við ákváðum að það væri sniðugt að leigja til að byrja með til að sjá hvernig okkur litist á," segir Ólafur en áttaði sig á því að ekki væri sjálfgefið að finna leiguhúsnæði þar sem þau gætu verið með hundinn. „Ég vinn við sölu og markaðssetningu þannig að við Seifur settumst saman og bjuggum til auglýsingu í hans nafni sem var birt í Póstinum, bæjarblaði á Akranesi. Hún hljóðaði svona:

*Kæru Skagamenn, ég heiti Seifur og er rúmlega árs gamall labrador.*

*Mig langar óskaplega mikið að flytja á Akranes og er því að leita að húsnæði til leigu þar sem ég get búið. En þar sem ég er ekki einn á ferð heldur með öldruðum (að mínu mati) eigendum mínum þarf ég að hafa pláss fyrir þau. Það er einn karl og ein kona, mjög snyrtileg og vel alin og alveg húsvön. Ég þarf að vera fluttur inn með þau í byrjun febrúar 2015 og þætti því vænt um ef þið hefðuð samband fljótlega. Hægt er að hafa samband við eigendur mína (ég má ekki tala við ókunnuga).*

„Ekki liðu nema tveir tíma frá því blaðið var borið út og þangað til við vorum komin með íbúð. Það var hringt og sagt að viðkomandi hefði íbúð sem hentaði fyrir Seif og við Katrín mættum koma með ef við stæðum við það að vera húsvön," segir Ólafur og hlær.

### Á nokkra göngufélaga

Þríeykið kann vel við sig á Akranesi. „Hér er stórt og gott hundasvæði þar sem Seifur getur leikið við aðra hunda. Svo auglýstum við á Facebook eftir fólki sem gæti farið með hann í göngutúr á daginn meðan við værum í vinnu og það voru fjölmargir sem gáfu sig fram. Hann á því nokkra göngufélaga á Akranesi."

*solveig@365.is*

> **„Mér finnst frábært að ég hafi prófað að vera með lítinn hvolp og sjálfur á hækjum. Þá get ég ráðlagt öllum að gera þetta aldrei.**

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmenn auglýsinga: Gunnhildur Geira Þorláksdóttir, geira@365.is, s. 512 5036
Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson.

# Glæsileg gæludýradeild Líflands

Flestir tengja nafn Líflands við hestavörur og landbúnað en verslanir Líflands hafa einnig að geyma hafsjó af vörum fyrir gæludýrin. Markmið Líflands er að koma til móts við sérhverja þörf gæludýraeigandans. Þar má fá allt frá ólum og taumum, búrum og dýnum til frábærs fóðurs fyrir hunda og ketti. Gæðafóðrið Arion verður á tuttugu prósenta afslætti allan maímánuð.



Unnur Elsa mælir heils hugar með Arion-fóðrinu enda notar hún það sjálf fyrir sína eigin hunda. MYND/GVA

Afar skemmtilegt er að koma í verslunina Lífland á Lynghálsi 3. Versluninni er skipt í nokkrar deildir þar sem finna má hestavörur, fallegan útivistarfatnað og ýmislegt fyrir landbúnað. Ein af stærri deildum verslunarinnar er gæludýradeildin þar sem lögð er áhersla á vörur fyrir hunda og ketti.

„Fjölbreytnin er mikil enda viljum við koma til móts við sem flestar þarfir gæludýraeigenda," segir Unnur Elsa Ingólfsdóttir hjá Líflandi og nefnir sem dæmi mikið úrval af fallegum ólum og taumum í ýmsum litum. „Flexítaumarnir eru vinsælir hjá okkur og fást í mörgum stærðum og gerðum, en þeir geta lengst upp í fimm til sex metra," segir Unnur. Einnig er í Líflandi að finna mikið úrval af gæludýranammi. „Nammið má nota í þjálfun en svo er líka bara gaman að gleðja dýrin með góðu nagbeini," segir hún brosandi.

## Stór sem smá búr

„Við erum með eitt besta úrval búra á landinu," upplýsir Unnur og nefnir sem dæmi bæði bílabúr og venjuleg grindarbúr fyrir heimilin. „Búrin koma í þremur stærðum en einnig erum við með kattabúr og búr fyrir smáhunda."

Unnur segir marga kjósa að hafa búr fyrir hunda sína inni á heimilum. „Hundum líður vel í búrunum sínum og líta á þau sem athvarf sitt," útskýrir hún. Búrin í bílana eru hins vegar fremur hugsuð til að tryggja öryggi bæði hundsins og annarra farþega enda getur laus hundur í bíl valdið sér og öðrum tjóni ef kemur til árekstrar.

„Ferðabúrin okkar uppfylla kröfur sem gerðar eru til að flytja dýr," segir Unnur. Hún segir einnig mikilvægt að vera með hunda í búri vegna reglna frá tryggingafélögunum. „Ef þú ert með hundinn tryggðan gera tryggingafélögin þá kröfu að hundar séu fastir í bílum, annaðhvort í búri eða í beisli sem festir þá í sætin," segir hún en Lífland hefur slík beisli til sölu.

Þar má einnig fá grindur til að skrúfa í gólfin á bílnum til að varna því að hundar fari á flakk í bílnum. „Grindurnar passa í margar tegundir bíla enda hægt að draga stangirnar út eftir því hve bíllinn er breiður," útskýrir Unnur.


Arion-línan er afar fjölbreytt og hægt að fá fóður eftir aldri, þyngd og eftir því hve hundurinn er hreyfður mikið.


Lífland er með eitt besta úrval hunda- og kattabúra á landinu. Þar má fá stór sem smá búr bæði í bílinn og á heimilið.


Chrisco-gæludýranammið er vinsælt meðal okkar ferfættu vina. Á laugardögum er 50% afsláttur af öllu Chrisco-nammi í Líflandi.

## Arion-gæðafóðrið

Fæða hefur mikil áhrif á heilbrigði hunda og katta og því mikilvægt að velja rétta fóðrið. Lífland býður upp á fóður frá Arion sem hefur verið þróað með það að markmiði að tryggja heilbrigði. Arion-fóðrið er nokkuð vinsælt enda hefur það sjö prósenta markaðshlutdeild á Íslandi.

„Arion-línan er afar fjölbreytt og hægt að fá fóður eftir aldri, þyngd og eftir því hve hundurinn er hreyfður mikið," segir Unnur og bendir á að í línunni megi einnig finna fóður sem sérstaklega sé ætlað hundum með viðkvæma meltingu, með húð- og feldvandamál eða sem þjást af ofnæmisviðbrögðum. Þá má einnig fá Arion-fóður fyrir ketti.

NAMMIDAGAR
50%
afsláttur af öllu Chrisco gæludýranammi alla laugardaga í öllum verslunum Líflands

„Það er afar nauðsynlegt að fólk velji rétt fóður. Til dæmis getur fóður sem ætlað er kjölturökkum ekki uppfyllt þarfir hunda af stærra kyni. Þá skiptir aldur hundsins einnig máli. Hundar sem orðnir eru eldri en sex ára ættu til dæmis að vera á „senior"-fóðri þar sem í því eru vítamín og fleira sem eldri hundar þurfa á að halda," segir Unnur sem sjálf á tvo stóra husky-hunda. „Þeir eru báðir á Arion Performance sem ætlað er fullvaxta hundum með mikla orkuþörf. Það er kjörið fæði fyrir þá enda hreyfa þeir sig mikið, ég fer með þá í langar fjallgöngur og þeir draga mig á hjóli," segir Unnur en telur að þetta fóður myndi alls ekki henta hundum sem hreyfa sig lítið. „Fyrir slíka hunda myndi ég mæla með Arion Adult Maintainance."

Þar sem úrvalið er mikið getur verið erfitt fyrir fólk að átta sig á hvað það eigi að velja. Starfsmenn Líflands geta þá veitt upplýsingar og miðlað af viðamikilli reynslu sinni.

ARION
Á AFSLÆTTI
20%
afsláttur af öllu Arion fóðri allan maí mánuð.

„Þeir sem vilja prófa Arion-fóðrið ættu að gera það í maí en þá verður veittur tuttugu prósenta afsláttur af öllu Arion-fóðri," segir Unnur

## Varnir gegn mítli og flóm

Þegar sumarið gengur í garð eykst hættan á því að hundar og kettir næli sér í flær eða það sem verra er hinn óvinsæla skógarmítil sem er vaxandi vandmál hér á landi. Lífland býður upp á ýmsar vörur til að verjast þessum plágum. „Við erum með efni sem á að varna því að hundar og kettir fái fló en á einnig að fæla frá skógarmítla. Kremið er borið á bert skinn í makkanum og látið vera í þrjá daga. Þá á efnið að vera komið inn í blóðrásina og á að fæla frá flær," segir Unnur og nefnir einnig hunda- og kattaólar sem eiga að hafa fælingarmátt.

„Við erum einnig með til sölu sérstakar tangir til að fjarlægja mítla sem hafa fest sig í feldi," segir Unnur sem lenti sjálf í því síðasta sumar að hundur hennar fékk mítil á augnlokið. „Ég þurfti að fara með hann á dýraspítala en ef ég hefði haft töngina hefði ég getað gert þetta sjálf," segir hún og býður alla velkomna í verslanir Líflands.

**Verslanir Líflands eru á Lynghálsi í Reykjavík, á Akureyri, í Borgarnesi og á Blönduósi.**
**Sími 540 1100**
**lifland@lifland.is**



## GEÐGOTT GÆLUDÝR

**Silkihænur eru** dýr sem skera sig úr. Ekki einungis er fiðrið sérstaklega dúskmikið og silkimjúkt heldur er skinn þeirra svart og einnig kjötið og beinin. Silkihænur hafa fimm tær á fæti, en aðrar hænur hafa fjórar, og einnig hafa þær bláa eyrnasnepla.



Silkihænur eru sagðar jafn silkimjúkar í skapi og þær eru á fiðrið og setja ekki fyrir sig að liggja á eggjum annarra tegunda og unga þeim út. Silkihænur eru sagðar frábær gæludýr, auðveldar í umgengni og í umönnun.

Stjörnurnar í Hollywood vilja gjarnan skera sig úr og óvenjuleg gæludýr eru ekki óvenjuleg í Hollywood. Leikkonan Tori Spelling sást um tíma oft á gangi með silkihænuna sína Coco og tók hana jafnvel með sér á verðlaunaafhendingar og aðrar samkomur.



## HUNDAR MEÐ KVÍÐA

**Þunglyndislyf fyrir** gæludýr voru seld fyrir rúmar sjö milljónir í Svíþjóð árið 2013 og hafði salan aukist um 35% á fjórum árum. Átta af hverjum tíu dýrum sem fá lyfið eru hundar. Svo virðist sem margir hundar þjáist af kvíða ef þeir eru einir heima, þá eru þeir sömuleiðis hræddir við hávaða.

Að mati sænsks dýralæknis eru lyfin alltaf síðasti kosturinn. Fyrst þarf að reyna að þjálfa dýrið en ef það hjálpar ekki fær það þunglyndislyf. Fólk gerir mikla kröfur til hunda sinna, þeir fara til hundaþjálfara og á hlýðninámskeið. Þrátt fyrir mikla þjálfun getur verið erfitt að ná tökum á kvíðanum. Gæludýraeigendur eru yfirleitt meðvitaðir um ástand dýra sinna og leita aðstoðar dýralækna ef hegðunin verður sérkennileg. Hundar eru félagsverur og þeir þurfa mikla hreyfingu. Margir þola illa að vera einir heima á meðan eigandinn er í vinnunni.

## ÓVENJULEGT GÆLUDÝR

**Hefðbundin gæludýr** eins og hundar, kettir, páfagaukar, fiskar og fleiri henta flestum dýravinum ágætlega. Þó eru þeir til sem vilja eiga meira exótísk gæludýr. Fyrir þá sem vilja eiga dýr sem er fyrst og fremst skrítið og frumlegt er tálknsalamandran (e. axolotl) góður kostur.

Tálknsalamandran er nærri því að vera í útrýmingarhættu í náttúrunni enda er mögulegt að fleiri slíkar séu hafðar sem gæludýr en lifa í náttúrulegum heimkynnum tálknsalamöndrunnar í Mexíkó.

Tálknsalamöndrur eru forvitnilegar að því leyti að fullorðnu salamöndrurnar komast aldrei alveg af lirfustiginu. Þær vaxa en breytast aldrei alveg í landdýr eins og flestar aðrar salamöndrur gera heldur lifa í vatni alla tíð. Eins og aðrar salamöndrur hafa tálknsalamöndrur þann hæfileika að á þær vaxa líkamshlutar aftur ef þær missa þá.

Tálknsalamöndrur geta orðið allstórar eða um þrjátíu sentimetrar. Þess má geta að þær fást í gæludýrabúðum hérlendis.



Tálknsalamöndrur eru í alls kyns litum, meðal annars eru til albinóa tálknsalamöndrur.




# Breið vörulína og úrvals þjónusta

Kraftvélar bjóða upp á heildarlausnir í vörumeðhöndlun. Helstu vörumerkin í lyfturum og vöruhúsatækjum eru Toyota og BT. Bæði merkin henta jafnt litlum og stórum fyrirtækjum í fjölbreyttum atvinnugreinum. Fyrirtækið rekur öfluga viðgerðarþjónustu.

Fyrirtækið Kraftvélar byggir á gömlum grunni en sögu þess má rekja aftur til ársins 1992. Kraftvélar bjóða upp á heildarlausn í vörumeðhöndlun og má þar meðal annars nefna hina vinsælu lyftara frá Toyota og fjölbreytt úrval vöruhúsatækja frá BT. Að sögn Viktors Karls Ævarssonar, sölu- og markaðsstjóra Kraftvéla, hafa vinsældir þessara tveggja vörumerkja verið miklar undanfarin ár hjá bæði litlum og stórum fyrirtækjum í fjölbreyttum atvinnugreinum. „Við bjóðum upp á nokkrar gerðir rafmagnslyftara frá Toyota sem ýmist eru þriggja- eða fjögurra hjóla. Lyftigeta þeirra er frá einu tonni upp í átta tonn og allt þar á milli. Allir lyftararnir frá Toyota koma með staðalbúnaði með hinu einstaka Toyota System of Active Stability (SAS), sem er framúrskarandi tækni hönnuð til þess að tryggja öryggi lyftarans við notkun hans.“

Kraftvélar selja einnig gott úrval vöruhúsatækja frá BT og má þar nefna úrval brettatjakka, rafmagnsstaflara, hillulyftara og dráttartæki. „Flest stóru vöruhúsin og flutningafyrirtækin hér á landi nota vöruhúsatækin frá BT enda um úrvals vörumerki að ræða sem einmitt er í eigu Toyota. BT er enn í dag frumkvöðull á sínu sviði í vörumeðhöndlun, býður upp á breiða vörulínu og getur oft og tíðum boðið upp á mun sérhæfðari búnað en keppinautarnir.“

Auk lyftaranna og vöruhúsatækjanna bjóða Kraftvélar líka upp á skotbómulyftara frá New Holland sem eru fáanlegir í ýmsum stærðum og gerðum. „Auk þess erum við með stærri lyftara frá Kalma. Það eru þessir stærri lyftarar sem til dæmis Eimskip, Samskip, Alcan og fleiri stórfyrirtæki nota enda fáanlegir upp í 45 tonna lyftigetu á gámalyfturum. Kalmar- og Toyota-lyftarar passa einstaklega vel saman þar sem Toyota býður mest átta tonna lyftigetu og Kalmar fer mest upp í 52 tonna lyftigetu. Því má sjá að fyrirtækið býður sannarlega upp á heildarlausnir fyrir allar stærðir fyrirtækja í öllum atvinnugreinum.“


Viktor Karl Ævarsson, sölu- og markaðsstjóri (t.v.), og Magnús Jón Björgvinsson, sölufulltrúi lyftara, taka vel á móti viðskiptavinum. MYND/GVA

### Öflug viðgerðarþjónusta

Einnig má nefna vörubílana frá Iveco en fyrirtækið framleiðir ýmsar stærðir vörubíla og hefur frá upphafi verið leiðandi á sviði nýsköpunar í sinni grein í heiminum. „Þannig má segja að við bjóðum upp á allt ferli vörumeðhöndlunar, lyftara sem lyfta vörum og vörubíla sem flytja þær.“

Kraftvélar taka eldri lyftara upp í nýja og því er alltaf töluvert úrval til af notuðum lyfturum sem skoða má á vefsíðu fyrirtækisins. Fjölmargir aukahlutir eru einnig í boði fyrir Toyota-lyftara að sögn Viktors sem til dæmis henta vel fyrir fiskvinnslu- og álfyrirtæki.

Viðgerðaþjónusta Kraftvéla er öflug enda starfa þar 20 reynslumiklir starfsmenn að sögn Viktors. „Við bjóðum upp á mjög góða þjónustu þar sem við getum bæði sótt tækin eða boðið upp á að fara á einum af sex fullbúnum viðgerðarbílum okkar á staðinn. Þessi kostur er oft þægilegri fyrir viðskiptavini sem sleppa fyrir vikið við að missa lyftarann. Menntunarstigið á verkstæðinu okkar er mjög hátt, en við erum t.d. með menntaða vélvirkja, vélfræðinga, vélstjóra, rafeindavirkja og bifvélavirkja svo eitthvað sé nefnt.“

Allar nánari upplýsingar má finna á www.kraftvelar.is/lyftarar.

KRAFTVÉLAR

Bjóðum heildarlausn í vörumeðhöndlun



IVECO

TOYOTA LYFTARAR

BT

Lítið notaðir Toyota lyftarar til sölu


Toyota Tonero 25 hydrostatic
2.500 kg. dísellyftari
4.150.000.- kr. án vsk.


Toyota Traigo 25
2.500 kg. rafmagnslyftari
4.690.000.- kr. án vsk.


Toyota Tonero 25
2.500 kg. dísellyftari
4.190.000.- kr. án vsk.


Toyota Tonero 25
2.500 kg. dísellyftari
4.290.000.- kr. án vsk.

KRAFTVÉLAR

Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnisgata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is



Frumnámskeið er 29 tímar sem kennt er á þremur dögum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Lært á lyftara

Á vef Vinnueftirlitsins er að finna upplýsingar um frumnámskeið sem þarf að sækja til að fá próf á lyftara. Frumnámskeiðið veitir bókleg réttindi fyrir lyftara með 10 tonna lyftigetu og minni en einnig fyrir einhverjar gerðir dráttarvéla, körfukrana, valtara og álíka vinnuvélar.

Námskeiðið er 29 tímar, haldið á þremur dögum, og yfirleitt á dagvinnutíma.

Fyrsti dagur á frumnámskeiði kallast fornám og fjallar um vinnuverndarmál, eðlisfræði, vökvafræði, vélfræði, rafgeyma og öryggi við skurðgröft. Dagar 2 og 3 fjalla um einstaka flokka vinnuvéla og fleira þeim tengt.

Frumnámskeiði lýkur með skriflegu krossaprófi.

### Verkleg þjálfun

Standist nemendur prófið geta þeir hafið verklega þjálfun hjá atvinnurekanda. Verkþjálfun skal fara fram undir leiðsögn leiðbeinanda sem hefur réttindi til kennslu.

Að því loknu er óskað eftir prófdómara frá Vinnueftirlitinu til að taka verklegt próf.

### Aldurstakmörk

Það er 16 ára aldurstakmark til að geta setið frumnámskeið en þremur mánuðum fyrir 17 ára afmælisdaginn getur viðkomandi farið að æfa sig á tæki undir leiðsögn einstaklings með kennararéttindi. Til að fá vinnuvélaréttindi verður viðkomandi að vera orðinn 17 ára og hafa bílpróf.

## FORKLIFTCUP HALDIN Í ÞÝSKALANDI Í HAUST

**Heimsmeistarakeppni í lyftarafimi, ForkliftCup,** verður haldin þann 17. september í Aschaffenburg í Þýskalandi. Þar munu etja kappi færustu lyftaraökumenn heims en þann 1. mars hófust keppnir innan hvers lands sem tekur þátt. Þrír bestu lyftaraökumenn hvers lands munu keppa um heimsmeistaratitilinn í haust.

ForkliftCup hefur verið haldin ár hvert síðan 2005. Keppendur fara í gegnum þrautabraut og leysa verkefni sem reyna á nákvæmni, hraða og stjórn. Þá reynir þrautabrautin einnig á þekkingu keppenda á reglum um öryggi.

Stjórnendur ForkliftCup segja tilgang keppninnar ekki einungis að verðlauna þá bestu í faginu heldur einnig að lækka tíðni slysa á lyfturum.

Þýskaland hefur oftast unnið titilinn frá árinu 2007 eða sex sinnum. Spánn vann 2012 og Kína árið 2007.

**www.staplercup.com**



Stephan Theissen lyftarameistari World Campionship single 2014.






### UPPHAF LYFTARANS

**Þróun lyftarans** má rekja aftur til miðrar 19. aldar og fram á upphaf þeirrar tuttugustu. Forveri hans var handknúinn lyftibúnaður sem notaður var til að lyfta þungum hlutum stuttar vegalengdir.

Árið 1906 kynnti lestafyrirtækið Pennsylvania Railroad nokkurs konar lestarpall sem knúinn var áfram með rafhlöðu. Hann hafði það hlutverk að flytja farangur við lestarstöð félagsins. Fyrri heimsstyrjöldin átti stóran þátt í þróun lyftarans en í Englandi ýtti mikill skortur á vinnuafli undir þróun hans. Þróunin hélt áfram árin eftir fyrri heimsstyrjöld, bæði í Evrópu og Bandaríkjunum. Smátt og smátt varð útbreiðsla þeirra meiri og undir lok fjórða áratugar síðustu aldar tók hún stökk fram á við þegar settir voru staðlar yfir brettastærðir. Seinni heimsstyrjöldin átti síðan stóran þátt í frekari þróun en þá voru stór vöruhús komin til sögunnar sem þörfnuðust stærri og öflugri lyftara.

**Lyftarar og** vörubretti höfðu innreið sína fyrir alvöru í íslenskt atvinnulíf við Sundahöfn í Reykjavík undir lok annars áratugar síðustu aldar. Þá voru það lyftarar sem leystu vörubílana af hólmi og fluttu vörur á brettum inn í skemmur sem stóðu við hafnarbakkann.



# Ódýrt fyrir sumarið



Kjólar stærðir S-XL
Verð frá 6.990 kr.



Kjólar stærðir S-XL
Verð frá 6.990 kr.



Kjólar stærðir S-XL
Verð frá 6.990 kr.



Skyrtur og mussur stærðir 38-48
Verð 5.000 kr.



Skyrtur og mussur stærðir 38-48
Verð 5.000 kr.



Skyrtur og mussur stærðir 38-48
Verð 5.000 kr.



Túnikkur stærðir 38-48
Verð 5.990 kr.



Túnikkur stærðir 38-48
Verð 5.990 kr.

**Opið**
1. maí 13-18

FLASH

**Laugaveg 54,**
**sími: 552 5201**

Fleiri myndir á Facebook




LAGERSALA

Vatnagörðum 8, 104 Reykjavík

Fimmtudaginn 30. apríl: 12:00 - 18:00
Föstudaginn 1. maí: 10:00 - 17:00
Laugardaginn 2. maí: 10:00 - 17:00
Sunnudaginn 3. maí: 12:00 - 17:00

| | |
|---|---|
| Garðhúsgögn | Sushi-sett |
| Hnífar | Barnahnífapör |
| Hnífapör | Diskar |
| Plastdiskar | Skálar |
| Plastglös | Könnur |
| Ofnföst mót | Glös |
| Pönnur | Geymslubox |
| Barnamatarsett | Luktir |
| Hitaplattar | Kælitöskur |
| Bollar | Diskamottur |

Allir hjartanlega velkomnir!
Komið og gerið frábær kaup!

Ásbjörn
Ásbjörn Ólafsson ehf.

Til hvers að flækja hlutina? 365

SJÁLFKRAFA
Í BESTA ÞREP!

365.is | Sími 1817




**FÁGUÐ** Lögfræðistarfið krefst vissrar fágunar sem er lítill vandi fyrir Amal. Hér er hún í appelsínugulri blússu frá Gucci og með veski frá Balenciaga.



**HLÝLEG** Það getur orðið kalt í New York. Þá er gott að eiga hlýja kápu frá Giambattista Valli og glansandi gallabuxur frá Citizens of Humanity.



**ÚTVÍTT** Amal er hér í mynstruðum, hippalegum buxum frá Giambattista Valli í apríl á þessu ári.

# ALLTAF SMART

**TÍSKA** *Amal Alamuddin Clooney mannréttindalögfræðingur hefur verið hundelt af papparössum eftir að hún giftist leikaranum heimskunna George Clooney. Áhuginn á klæðaburði þessarar snjöllu fegurðardísar er mikill enda hefur hún ekki stigið feilspor í tískunni hvort sem það er við hlið eiginmannsins á rauða dreglinum eða við hversdagsleg tækifæri á götum New York-borgar eins og hér sést.*



**TÖFFARI** Amal heimsækir stundum eiginmanninn á tökustað. Hér er hún í leðurjakka frá Balenciaga á tökustað Money Monster í NY.



**ÚT AÐ BORÐA** Skræpóttu, útvíðu buxurnar eru frá Giambattista Valli.



**SUMARLEG** Sumarið er komið í New York og Amal er sumarleg í blómatoppi frá Giambattista Valli sem er merki sem hún virðist halda mikið upp á.

# LAGAÐIST AF BLÖÐRUBÓLGUNNI

**ICECARE KYNNIR** *Bio-Kult Pro-Cyan inniheldur þrívirka formúlu sem hefur verið vísindalega þróuð og staðfest. Trönuber hindra að E. coli-bakterían nái fótfestu við slímhúð þvagrásar og skolar bakteríunni út með þvaginu.*

Edda Snorradóttir er 81 árs. Hún vill gjarnan deila reynslu sinni af Bio Kult Pro Cyan sem vinnur á þvagfærasýkingum. „Ég hef frá því að ég var rétt rúmlega 70 ára fengið þvagfærasýkingar og þurfti alltaf að vera á lyfjum vegna þess. Það er mjög hvimleitt að þurfa að kljást við blöðrubólgu og ég var orðin frekar þreytt á því. Ég kynntist Bio Kult Pro Cyan fljótlega eftir að það kom á markað eða fyrir um það bil tveimur árum. Ég hef ég notað það síðan. Ég tek 2 hylki á dag og sleppi aldrei úr degi því að mér líður svo vel að vera laus við blöðrubólguna. Ég er svo ánægð að vera laus við þetta vandamál og mæli heilshugar með Bio Kult Pro Cyan," segir Edda.

Hlutverk gerlanna og A-vítamíns í Bio Kult Pro Cyan hjálpar líkamanum að viðhalda eðlilegu bakteríumagni í þörmum, einnig til að viðhalda eðlilegri starfsemi í þvagrásarkerfinu. Háþróuð þrívirk formúla sem tryggir heilbrigða þvagrás.




**HYLKIN INNIHALDA:**
- Trönuberjaþykkni (Cranberry extract 36 mg PACs)
- Mjólkursýrugerla (Lactobacillus acidophilus PXN 35 og Lactobacillus plantarum PXN 47, Styrkur: 1 milljarður)
- A vítamín 320 µg (900 iu, 40% af RDS)



**BETRI LÍÐAN** Edda Snorradóttir er ánægð með Bio-Kult Pro Cyan. MYND/VILHELM

# LOKSINS LAUSN VIÐ ÞVAGFÆRASÝKINGU

*Bio-Kult Pro Cyan er háþróuð þrívirk formúla sem tryggir heilbrigða þvagrás. Guðlaug Jóna Matthíasdóttir hefur fengið endurteknar þvagfærasýkingar en er nú miklu betri.*

Þvagfærasýking er algengt vandamál og mun algengari hjá konum en körlum. Algengt er að sýkingin sé af völdum E. coli-bakteríunnar. Ein af hverjum þremur konum hefur þjáðst af þvagfærasýkingu fyrir 24 ára aldur og fjórðungur þeirra fær endurteknar sýkingar. Guðlaug Jóna Matthíasdóttir er ein þeirra.

- „Ég hef verið með króníska blöðrubólgu í rúmlega tvö ár og hefur það valdið mér mikilli vanlíðan og óþægindum. Læknarnir vildu setja mig á sýklalyfjakúr í tólf mánuði en ég var ekki alveg tilbúin til þess. Því ákvað ég að prófa Bio-Kult Pro Cyan. Ég fann fljótlega að það virkaði mjög vel gegn blöðrubólgunni. Ég tek tvö hylki um leið og ég finn fyrir óþægindum og stundum nokkrum sinnum yfir daginn þegar ég er verst."

**TRYGGIR HEILBRIGÐA ÞVAGRÁS**

Orsakir þvagfærasýkingar eru nokkrar, meðal annars utanaðkomandi áhrif á þarmaflóruna, breyttur lífsstíll, aukið stress, ýmsir sjúkdómar og aukin lyfjanotkun. Einkenni sýkingarinnar eru meðal annars tíð þvaglát, aukin þörf fyrir þvaglát án þess að kasta af sér þvagi, verkir við þvaglát og óeðlileg lykt og litur af þvaginu.



**LÍÐUR BETUR** Guðlaug Jóna tekur Bio-Kult Pro Cyan þegar hún finnur fyrir einkennum þvagfærasýkingar og virkar það vel. MYND/GVA

- Trönuber hafa lengi verið þekkt fyrir að virka vel sem fyrirbyggjandi meðhöndlun gegn þvagfærasýkingum. Trönuber hindra að E. coli-bakterían nái að festa sig við slímhúð þvagrásar. Þau drepa ekki bakteríuna heldur skolast hún út með þvaginu.




- Bio-Kult Pro Cyan er háþróuð þrívirk formúla sem tryggir heilbrigða þvagrás. Hylkin innihalda trönuberja-extrakt, vinveitta gerla og A-vítamín. Hlutverk A-vítamíns og vinveittu gerlanna er að hjálpa líkamanum að viðhalda eðlilegri bakteríuflóru í þörmum og einnig að viðhalda eðlilegri starfsemi í þvagrásarkerfinu.

# BIO-KULT CANDÉA BREYTTI LÍFINU

**ICECARE KYNNIR** *Bio-Kult Candéa er blanda af vinveittum gerlum, hvítlauk og þrúgukjarnaþykkni sem virkar sem öflug vörn gegn sveppasýkingu.*

Kolbrún Hlín Hlöðversdóttir var gjörn á að fá sveppasýkingar, hún var mjög viðkvæm og fékk kláða og óþægindi ef hún notaði dömubindi eða túrtappa.

„Ég varð himinlifandi þegar ég áttaði mig á því að ég fékk ekki kláða og pirring þegar ég var á sýklalyfjakúr, blæðingum eða eftir samfarir eins og ég var vön, og það eina sem ég hafði breytt út af vananum með var að nota hylkin frá Bio-Kult Candéa.

Venjulega þegar ég hef ég verið á sýklalyfjakúr hef ég tekið inn margfalda skammta af mjólkursýrugerlum (acidophilus), en það virkar miklu betur fyrir mig að nota Bio-Kult Candéa-hylkin. Eftir að ég kynntist Bio-Kult Candéa hef ég ekki notað neina aðra mjólkursýrugerla þar sem það virkar langbest fyrir mig. Ég er mjög ánægð með árangurinn af Bio-Kult Candéa."

**BIO-KULT FYRIR ALLA**

Bio-Kult Candéa-hylkin virka sem öflug vörn gegn candida-sveppasýkingu í meltingarvegi kvenna og karla og sem vörn gegn sveppasýkingu á viðkvæmum svæðum hjá konum. Candida-sveppasýking getur komið fram með ólíkum hætti hjá fólki, svo sem munnangur, fæðuóþol, pirringur og skapsveiflur, þreyta, brjóstsviði, verkir í liðum, mígreni eða ýmis húðvandamál.

Innihald Bio-Kult Candéa-hylkjanna er öflug blanda af vinveittum gerlum ásamt hvítlauk og Grape Seed Extract. Bio-Kult Candéa hentar vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Fólk með mjólkur- og sojaóþol má nota vörurnar. Mælt er með Bio-Kult í bókinni Meltingarvegurinn og geðheilsa eftir Dr. Natasha Campbell-McBride.






**ÁNÆGÐ MEÐ ÁRANGURINN** Kolbrún fær ekki sveppasýkingar eftir að hún fór að nota Bio-Kult Candéa.

IceCare
Þín heilsa

**SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR**

Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, **www.icecare.is**.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.
Uppl. í s. 663 5315.

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

Garðaþjónusta Íslands ehf
www.garda.is
Vönduð vinnubrögð
Róbert S. 866 9767

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**SKATTFRAMTAL 2015**
Framtalsþjónusta fyrir einstaklinga og rekstraraðila. Mikil reynsla - hagstætt verð. Uppl. í síma 517-3977 eða 897-1877. FOB Suðurlandsbraut 6. www.fob.is

## Málarar

**MÁLNINGI**
Alhliða málningarþjónusta. Fagmennska og vönduð vinnubrögð. Sími 659-2959 ingimalari@maxco.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðaflyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Rafvirkjun

Raflagnir
Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is
Ódýr blekhylki og tónerar í flesta prentara, Hagkaup Smáralind, Fjarðargata 11 Hf og í síma 517-0150

Hreinsa þakrennur, laga rið á þökumog tek að mér ýmis verkefni. S. 847 8704 & manninn@hotmail.com

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

**PARFNAST BÍLAPLANIÐ ÞRIFA EÐA VIÐHALDS?**
Við bjóðum upp á eftirfarandi:
Götusópun
Gangstéttarsópun
Þvott á götum, bílastæðum og gangstéttum Málun og merkingar á bílastæðum
Malbiks- og kantsteinaviðgerðir
Umhverfishreinsun
**Allar nánari upplýsingar veita ráðgjafar Íslenska Gámafélagsins. www.gamur.is S: 577 5757 eða gamur@gamur.is**

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**LAGERSPRENGJA**
**1. OG 2. MAÍ BARA ÞESSA TVO DAGA**
40% - 80% afsláttur Kjólar töskur leggings skart ofl. frá 495,- til 2.995,- 30% afsláttur af öllum öðrum vörum opið kl. 12 - 20 báða dagana. Erum á facebook Súpersól Hólmaseli 2 Seljahverfi Sími 567-2077 / 587-0077

myranaut
Ungnautakjöt beint frá býli. Nýjung minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## skemmtanir

BOLTINN Í BEINNI
Cafe Catalina
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

**LEIKIR HELGARINNAR**
LAUGARDAGURINN 2. MAÍ
13:50 LIVERPOOL - Q.PARK RAGNERS
13:50 SWANSEA CITY - STOKE CITY
16:20 MAN.UNITED - W.BROMW.ALBION
SUNNUDAGURINN 3. MAÍ
12:20 CHELSEA - CRYSTAL PALACE

**FIMMTUDAGURINN 30. APRÍL**



RÚNAR ÞÓR OG SIGGI ÁRNA SPILA Í KVÖLD. OPIÐ TIL 03:00
Allir velkomnir
http://www.facebook.com/cafecatalina
Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilin

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

• Jarðvegsvinna
• Steypusögun
• Kjarnaborun
• Múrbrot
• Húsarif
• Öll almenn verktakavinna
BROTAFL
STEINSÖGUN • BORUN • BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
brotafl@simnet.is

XPRENT - hönnun og merkingar
meira en 40 hulstur í boði!
ER SÍMINN ÞINN ÓVARINN?
Fáðu þér hulstur með persónulegri mynd!
PRENTUN | HÖNNUN | MERKINGAR | SKILTAGERÐ | XPRENT.IS
Sundaborg 1 - 104 Reyjavík - Sími: 777 2700 - xprent@xprent.is

**Geymsluskúrar/gestahús til sölu**



• Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9fm.
• Skúrar sem þola veður og vinda.
Tryggðu þér skúr á vetrarverðinu
Nánari uppl. reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

EYJALIND
GRAMMER
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta
Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

**ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?**
Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótorhjóla og snjósleðasætum. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.
Formbólstrun
Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

**Startarar og alternatorar**
Fyrir flestar gerðir fólksbíla, jeppa, vörubíla og vinnuvéla.
Varahluta og viðgerðaþjónusta, gerum föst verðtilboð í viðgerðir
55ár í þjónustu við bíleigendur!
Bíldshöfða 14 sími 553-1244
ljosboginnehf@simnet.is

**VARAHLUTIR**
Iveco • Benz • Man • Renault
Varahlutaþjónusta
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

· Hjólbarðaviðgerðir
· Smurþjónusta
· Bremsur
· Demparar
· Rafgeymar
· o.fl.
HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

Iveco
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

**REKSTRARVÖRUR – GOTT ÚRVAL**
Sjá nánar í vefverslun okkar á VBL.is undir beislishlutir
VB LANDBÚNAÐUR
Reykjavík: 414-0000
Akureyri: 464-8600
www.VBL.is
Krókháls 5f • 110 Reykjavík /// Baldursnes 2 • 603 Akureyri

viftur.is
viftur • blásarar • aukahlutir
-allt á einum stað
íshúsið ehf
Smiðjuvegur 4a, Græn gata, Kópavogur | 566 6000

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**

Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífssögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur ○ live spjall
908-6000 • 535-9999

Íslensk kona býður upp á gott nudd. Gefur upp símanúmer. Rauða Torgið, sími 905-2000 og 535-9920, augl. nr. 8412.

Kona á landsbyggðinni vill kynnast fjörugum karlmanni. Rauða Torgið, sími 905-2000 og 535-9920, augl. nr. 8269.

Ung kona, Carmen (Karmen?) vill spjalla við karla. Gefur upp símanúmer. Rauða Torgið, sími 905-2000 og 535-9920, augl.nr.8236.

**ERT ÞÚ NUDDKONA?**
Auglýstu þjónustu þína frítt á Rauða Torginu, sími 535-4321, og/eða hjá Íslendingum.eu, www.islendingar.eu

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.

**gsm 777 1313**

**leiga@leiguherbergi.is**

**TIL LEIGU Á AÐEINS 950 KR FM!**
Kistumelar 16, 116 Reykjavík
165 - 280 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsluhurðir, góð malbikuð lóð og greið aðkoma.
**Uppl. veitir Hafsteinn í s. 690-3031**

Studio í 101 og 105. Herbergi í 107. Uppl. í s. 860 0360

## Atvinnuhúsnæði

**AUÐBREKKA - LEIGA**
Herbergi og skrifstofur til leigu í Auðbrekku, 13-350 fermetrar. Hentar bæði sem skrifstofur og fyrir ýmiskonar aðra starfssemi, t.d. hönnuði og skapandi greinar. s 897 9743

## Geymsluhúsnæði

**SUMARTILBOÐ GEYMSLULAUSNIR.IS**
Verð frá 2900kr.mán Sækjum og sendum. S: 615-5005

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Olíudreifing

**MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRAR**
**OLÍUDREIFING EHF. ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA Í AFLEYSINGAR.**
Vana bílstjóra með CE meirapróf staðsetta í Reykjavík. Um fjölbreytt starf er að ræða við olíudreifingu beint á vinnuvélar, tanka og skip. Nánari upplýsingar veitir Helgi Marcher Egonsson í síma 550 9937.

Vana bílstjóra með CE meirapróf staðsetta á Akureyri. Um fjölbreytt starf er að ræða við olíudreifingu beint á vinnuvélar, tanka og skip og vinnu í birgðastöð. Nánari upplýsingar veitir Guðjón Páll Jóhannsson í síma 550 9910.

Vana bílstjóra með CE meirapróf staðsetta á Reyðarfirði. Um fjölbreytt starf er að ræða við olíudreifingu beint á vinnuvélar, tanka og skip og vinnu í birgðastöð. Nánari upplýsingar veitir Helgi Marcher Egonsson í síma 550 9937.
**Umsóknir sendist á odr@odr.is .**

**Olíudreifing greiðir ADR námskeið og laun á námskeiðstíma fyrir þá bílstjóra sem ekki hafa ADR réttindi. Störfin standa báðum kynjum jafnt til boða. Nánari upplýsingar um Olíudreifingu ehf. má nálgast á www.oliudreifing.is**

BJÖRGUN

**TÆKJAMAÐUR ÓSKAST.**
Björgun ehf óskar eftir að ráða tækjamann á hjólaskóflu. Upplýsingar í síma 8435611

Óska eftir vönum einstaklingum í hellulagnir og annan lóðafrágang. Vinnuvélaréttindi kostur. Uppl.s. 893-0173.

## tilkynningar

### Mýrdalshreppur - Fulltrúi skipulags- og byggingarmála

**Auglýsing um skipulagsmál í Mýrdalshreppi**

Í samræmi við 1.mgr.41.gr. skipulagslaga nr.123/2010, er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagstillögu.

### Ás og Hótel Dyrhólaey í Mýrdal – Deiliskipulag

Deiliskipulagið nær yfir um 11 ha svæði úr landi jarðarinnar Áss í Mýrdalshreppi auk lóða sem tilheyra Hótel Dyrhólaey. Innan skipulagssvæðisins er gert ráð fyrir stækkun núverandi starfsemi Hótel Dyrhólaeyar, stækkun á íbúðarhúsi og nýju íbúðarhúsi og skemmu.

Tillaga þessi liggur frammi hjá fulltrúa skipulags-og byggingarmála Mýrdalshreppi, Austurvegi 17, 870 Vík og á heimasíðu Mýrdalshrepps www.vik.is. Frá 30.apríl 2015 til og með 15.júní 2015. Að auki mun auglýsing þessi og göng vera sett inn á facebooksíðu skipulagsmála í Mýrdalshreppi https://www.facebook.com/Myrdalshreppur.skipulagsmal. Athugasemdum ef einhverjar eru skal skila skriflega á skrifstofu Mýrdalshrepps, Austurvegi 17, 870 Vík eða í tölvupósti á bygg@vik.is. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út föstudaginn 15.júní 2015. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögu þessa teljast samþykkir henni.

***Vigfús Þ. Hróbjartsson***
***Fulltrúi skipulags-og byggingarmála***
***Skaftár-og Mýrdalshreppi.***

## fasteignir

Stakfell FASTEIGNASALA STOFNUÐ 1984
STAKFELL.IS | 535 1000 | GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI
LÖGGILTIR FASTEIGNASALAR: Aðalheiður Karlsdóttir | Berta Bernburg | Grétar Haraldsson

### TIL SÖLU

### VEITINGASTAÐUR + VERSLUN

- **Frábær staðsetning, mjög miðsvæðis.**
- **Góð og vaxandi velta.**
- **Vandaðar innréttingar.**
- **Langtíma leigusamningur.**
- **Sanngjarnt verð.**
- **Einstakt tækifæri.**

Upplýsingar gefur Aðalheiður Karlsdóttir, löggiltur fasteignasali.
GSM 893 2495 adalheidur@stakfell.is

ÞÓRUNNARTÚNI 2 | 105 RVK | stakfell@stakfell.is | Félag Fasteignasala

GIMLI GIMLI

**Sveinbjörn Halldórsson** Löggiltur fasteignasali
**Árni Stefánsson** Viðskiptafræðingur - löggiltur fasteignasali.
**570 4800**

### Sumar á Gimli - Sala sumarhúsa komin á fullt

**SUMARHÚS SKORRADAL**



Mjög fallegur og vel viðhaldinn sumarbústaður á eignarlóð í landi Dagverðarness. Tvö svefnherbergi og svefnloft. Baðherbergi með sturtu. Eldhús með ágætri innréttingu. Stofa þaðan sem útgengt er á stóra verönd til suðurs með heitum potti og geymsluskúr. **Verð 18,3 millj.**

**SUMARHÚS SELFJALL V/ GÍSLHOLTSVATN**



Sumarhús við Selfjall / Gíslholtsvatn Fallegt umhverfi, trjágróður og útsýni niður að Gíslholtsvatni.Húsið skiptist í forstofu, stofu með eldhúsi í sama rými tvö svefnherbergi, baðherbergi. Verrönd úr stofu, kamína. Gestahús. Stærð lóðar 1,5 hektari. **Verð 17,8 millj**

**SUMARHÚS BERJARHOLTSLÆK**



Fallegt sumarhús í Grímsnesi. Um er að ræða sumarhús 25,6 fm ásamt 14 fm óinnréttuðu gestahúsi og 4,4 fm geymslu. Lóðin er úr landi Hæðarenda 6000 fm eignalóð. Seljandi er tilbúinn að athuga að taka uppí sem greiðslu, húsbíl, bíl eða hjólhýsi. **Verð 7.8 millj**

**SUMARHÚS - HÚSAFELLI**



Glæsilegt 81 fm heilsárshús á góðum stað í Húsafelli. Þrjú mjög góð svefnherbergi. Stór stofa með mikilli lofthæð. Elhús samliggjandi við stofu. Vel innréttað baðherbergi. Stórir pallar og heitur pottur. Birkivaxið land með hitaveitu. **Verð 23,9 millj.**

**Skoðum sumarhús á Suðurlandi og í Borgarfirði næstu vikurnar.**
**Hringdu núna í síma 570 4800 og bókaðu skoðun**

## atvinna

**Mekonomen**
Smiðsbúð 2, 210 Garðabær
Sími 527 2300
gardabaer@mekonomen.is
www.mekonomen.is

### Mekonomen leitar að öflugum sölumanni

Mekonomen er brautryðjandi á Íslandi í notkun rafrænna lausna við sölu á bílavörum og varahlutum. Vegna aukinna umsvifa þurfum við að bæta við öflugum sölumanni. Um er að ræða fjölbreytt framtíðarstarf í vaxandi fyrirtæki.

**Helstu verkefni:**
# Ráðgjöf og sala í verslun
# Meðhöndlun rafrænna pantana
# Pantanir á vörum frá erlendum birgjum
# Vörumóttaka og vörusendingar

**Hæfniskröfur:**
# Staðgóð þekking á bílum og varahlutum
# Skipulagshæfileikar og yfirsýn
# Tala og skrifa ensku
# Góð almenn tölvuþekking

**Nánari upplýsingar:**
# Umsóknarfrestur er til og með 11. maí 2015
# Starfshlutfall er 100%
# Umsókn ásamt ferilskrá skal senda í tölvupósti á sala@mekonomen.is

Mekonomen á Íslandi er hluti af stærsta fyrirtæki á Norðurlöndum í sölu á bílavörum og varahlutum. Á vef okkar www.mekonomen.is má sjá meira um fyrirtækið.

Vinakot ehf. rekur skammtíma- og langtíma búsetu fyrir börn og unglinga með fjölþættan vanda. Auk þess veitum við ýmisskonar ráðgjöf og fræðslu, starfrækjum inngripsteymi og sértækt hópastarf. Einnig bjóðum við upp á öfluga heimaþjónustu þar sem staða barns og fjölskyldu er þarfagreind og í framhaldi veitum við viðeigandi úrræði á borð við sálfræðiviðtöl, foreldraráðgjöf, morgunhana og vin í raun.

Vinakot

**Vinakot leitar af öflugu starfsfólki í búsetuúrræði sem opnar um mánaðarmót maí-júní 2015. Um er að ræða vaktavinnu með unglingum með fjölþættan vanda.**

**Hæfniskröfur:**
- Áhugi og metnaður í að starfa með unglingum með fjölþættan vanda.
- Reynsla af starfi með unglingum.
- Þekking á einhverfu er æskileg.
- Sveigjanleiki og færni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, jákvæðni og áhugasemi í starfi.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Heilsuhraustur.
- Hreint sakavottorð í samræmi við lög.

**Umsóknarfrestur er til 8. maí**

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf eigi síður en 1. júní 2015.

Upplýsingar gefur Aðalheiður Þóra Bragadóttir, framkvæmdarstjóri á netfangið adalheidur@vinakot.is

Umsóknir ásamt ferilskrá er eingöngu hægt að senda með tölvupósti.
Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um starfið.
Laun eru samkvæmt kjarasamningi SFR við Vinakot ehf.




SPORT

*Í sérstökum upphitunarþætti Pepsi-markanna fara sérfræðingar okkar ásamt góðum gestum yfir Pepsi-deildina sem er að hefjast. Hvernig koma liðin undan vetri? Liðin, leikmennirnir, þjálfararnir og allt hitt sem kemur til með að skipta máli í sumar.* ***Ekki missa af fjörugri umræðu og líflegum skoðanaskiptum í upphitunarþætti Pepsi-markanna í kvöld á Stöð 2 Sport.***

pepsi MÖRKIN

365.is | Sími 1817

365

## Veðurspá

### Fimmtudagur

**Austan 3-10 m/s í dag,** en norðlægari vindur vestan til. Slydda eða rigning á Suður- og Suðausturlandi, annars stöku él. Í kvöld er spáð dálítilli snjókomu norðaustan- og austanlands. Hiti 1 til 7 stig, en um eða undir frostmarki fyrir norðan og austan.




### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 3° | -1° | -1° |
| ↓3 | ↙2 | ↓1 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 0° | 3° | -6° |
| ←8 | ←1 | ↓6 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 5° | 1° | -2° |
| ↖1 | ←8 | ↓2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 1° | 3° | -2° |
| ↙9 | →1 | ↗0 |

## KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** íþrótt, **6.** einnig, **8.** þvottur, **9.** gilding, **11.** kringum, **12.** frárennsli, **14.** samband, **16.** skóli, **17.** ái, **18.** angan, **20.** pfn., **21.** stígur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** bera að garði, **3.** pot, **4.** reiðufé, **5.** óðagot, **7.** heykvísl, **10.** bjálki, **13.** árkvíslir, **15.** sjúkdómur, **16.** skjön, **19.** svörð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** golf, **6.** og, **8.** tau, **9.** mat, **11.** um, **12.** afrás, **14.** félag, **16.** MA, **17.** afi, **18.** ilm, **20.** ég, **21.** slóð.
**LÓÐRÉTT: 1.** koma, **3.** ot, **4.** lausafé, **5.** fum, **7.** gaffall, **10.** tré, **13.** ála, **15.** gigt, **16.** mis, **19.** mó.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Gylfi Þórhallsson (2084) hafði hvítt gegn Ingvari Erni Birgissyni (1887) í áskorendaflokki Íslandsmótsins í skák.**

**Svartur á leik**

**30. He6!** Leikur hróknum ofan í tvo menn sem hvorugur má drepa þar sem svartur verður þá mát. Svartur gafst upp enda mikið liðstap fram undan.

**www.skak.is:** Landsmótið í skólaskák á Selfossi



FRÁBÆRT TILBOÐ TIL
RIGA Í LETTLANDI
14. -17. MAÍ Á SÍÐUSTU SÆTUNUM

Riga er meira en 800 ár gömul borg eða frá árinu 1201. Þar blandast saman miðaldarmiðbær og nútímaborg. Gamli borgarhlutinn með sinn sjarma og hefðbundin nútímaborg í hraðri þróun. Hvort sem það er menningin - söfn eða fallegar byggingar, listaviðburðir og verslanir með allt það nýjasta á góðu verði - þá finnur þú það í Riga. Í Riga má finna eitt mesta samsafn af Art Noveau eða Jugend byggingalist. Þá er næturlíf Riga orðið þekkt fyrir að vera fjörugt og dregur til sín fjölda fólks víða að.

Verð aðeins kr. 69.900.-

Innifalið: flug frá Keflavík og Akureyri, 4★ hótel á besta stað með morgunmat, rúta frá flugvelli og íslenskur fararstjóri.

Trans-Atlantic
588-8900
Transatlantic.is




## Myndasögur

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | | | | | 4 | 7 | 1 |
| 9 | | 2 | | 3 | | | | 6 |
| | 5 | | | 8 | | 2 | | |
| | | | 1 | | | 5 | 8 | 7 |
| | 7 | 3 | 4 | | | | 1 | |
| | | | 9 | | 2 | | 3 | |
| | | | | | | 7 | | 8 |
| | 2 | | | | | | 6 | |
| 5 | | 4 | | 1 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 4 | | | | 6 | | 2 | 7 |
| 6 | | | | | | 5 | | |
| | | 7 | | 5 | | | | 9 |
| | 5 | | | | | | 9 | |
| 8 | | 4 | 9 | | 2 | | 7 | |
| 2 | | | | 6 | | 1 | | 8 |
| 3 | | 8 | 4 | | | 7 | 5 | |
| | | 6 | | | | | | |
| | | | | 8 | | | 3 | 1 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | | 8 | | | 6 | | 5 |
| | 2 | 8 | 1 | | 7 | | | 9 |
| | | | 9 | 2 | | | 8 | |
| 7 | | | | | | 5 | | |
| | | | | 6 | | | | 2 |
| | 4 | | 5 | | 9 | 8 | 6 | |
| | | | 6 | 3 | 2 | 4 | | |
| | 5 | | | | | | | 7 |
| | | | | | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 6 | 2 | 8 | 9 | 3 | 1 | 5 | 4 |
| 5 | 1 | 4 | 6 | 2 | 7 | 9 | 3 | 8 |
| 8 | 9 | 3 | 1 | 4 | 5 | 2 | 6 | 7 |
| 1 | 8 | 6 | 7 | 5 | 4 | 3 | 9 | 2 |
| 3 | 5 | 7 | 9 | 6 | 2 | 4 | 8 | 1 |
| 4 | 2 | 9 | 3 | 8 | 1 | 5 | 7 | 6 |
| 2 | 7 | 5 | 4 | 3 | 8 | 6 | 1 | 9 |
| 9 | 3 | 8 | 2 | 1 | 6 | 7 | 4 | 5 |
| 6 | 4 | 1 | 5 | 7 | 9 | 8 | 2 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 3 | 4 | 7 | 9 | 2 | 8 | 6 |
| 4 | 2 | 8 | 3 | 6 | 1 | 5 | 7 | 9 |
| 7 | 6 | 9 | 8 | 2 | 5 | 4 | 1 | 3 |
| 5 | 3 | 2 | 1 | 8 | 6 | 7 | 9 | 4 |
| 6 | 4 | 7 | 5 | 9 | 3 | 1 | 2 | 8 |
| 8 | 9 | 1 | 7 | 4 | 2 | 6 | 3 | 5 |
| 3 | 7 | 5 | 6 | 1 | 8 | 9 | 4 | 2 |
| 9 | 1 | 6 | 2 | 3 | 4 | 8 | 5 | 7 |
| 2 | 8 | 4 | 9 | 5 | 7 | 3 | 6 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 7 | 3 | 6 | 8 | 4 | 2 | 9 | 5 |
| 8 | 4 | 9 | 1 | 5 | 2 | 3 | 6 | 7 |
| 2 | 5 | 6 | 3 | 9 | 7 | 8 | 4 | 1 |
| 3 | 1 | 8 | 9 | 7 | 6 | 4 | 5 | 2 |
| 6 | 2 | 4 | 8 | 1 | 5 | 9 | 7 | 3 |
| 5 | 9 | 7 | 2 | 4 | 3 | 1 | 8 | 6 |
| 4 | 6 | 1 | 5 | 2 | 8 | 7 | 3 | 9 |
| 7 | 3 | 2 | 4 | 6 | 9 | 5 | 1 | 8 |
| 9 | 8 | 5 | 7 | 3 | 1 | 6 | 2 | 4 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausn verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# SPJALDTÖLVUR Á BETRA VERÐI

## ÚRVALIÐ ER Í STÆRSTU TÖLVUVERSLUN LANDSINS

ÓMISSANDI FERÐAFÉLAGI Í SUMARBÚSTAÐINN, FERÐALAGIÐ EÐA ÚTILEGUNA!

JXD

### LEIKJATÖLVA

**ANDROID SMART CONSOLE**

Fyrsta Android leikjatölvan í heimi með öllum klassísku tökkunum ásamt 5" kristaltærum HD snertiskjá og ótrúlegu úrvali af leikjum.

ÓGRYNNI LEIKJA — NÆR ÓTAKMARKAÐ ÚRVAL AF LEIKJUM OG FORRITUM FYRIR ÞESSA ÓTRÚLEGU GRÆJU

- Leikjatölva og Android spjaldtölva
- 5" HD 5-punkta fjölsnertiskjár 800x480
- Dual Core 1.3GHz ARM A9 Cortex örgjörvi
- Multi Core Mali 400MP HD 3D skjákjarni
- 8GB FLASH og allt að 32GB microSD
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- HDMI 1.4 mini, USB2 mini og microSD
- Android 4.1 stýrikerfi og fjöldi forrita
- Allir gömlu leikirnir spilast í þessu litla tæki;)

**14.900**

ALLIR GÖMLU GÓÐU LEIKIRNIR

ICONIA — acer

3 LITIR

NÝ KYNSLÓÐ — ÖRÞUNN AÐEINS 8.6mm OG 320gr

### B1-750

- 7" HD IPS fjölsnertiskjár 1280x800
- Intel Quad Core Z3735G 1.83GHz Burst
- Intel HD Graphics DX11 skjákjarni
- 8GB flash og allt að 64GB Micro SD
- 300Mbps WiFi net, Bluetooth 4.0, GPS
- Li-Polymer rafhlaða allt að 7 tímar
- USB2 micro og Micro SD kortalesari
- Tvær vefmyndavélar 5MP og 0.3MP
- Android 4.4 stýrikerfi og fjöldi forrita

**19.900**

FÆST Í 3 LITUM

ICONIA — acer

250% ÖFLUGRI — Í NÝJUSTU 3D LEIKJUM MEÐ INTEL CLOVER-TRAIL+ ÖRGJÖRVA

### A1-830

- 8" IPS HD fjölsnertiskjár 1024x768
- Intel Dual Core Z2560 1.6GHz Turbo, 4xHT
- PowerVR SGX 544 Dual Core skjákjarni
- 16GB FLASH og allt að 64GB micro SD
- 300Mbps WiFi net, Bluetooth 3.0, GPS
- Li-Polymer rafhlaða allt að 7.5 tímar
- USB2 micro og microSD kortalesari
- Tvær HD vefmyndavélar 5MP og 2MP
- Android 4.2 og tilbúin fyrir 4.4 KitKat

**29.900**

NÝ OG ÖFLUGRI KYNSLÓÐ

S6000-F — lenovo

1280x800 IPS — ÓTRÚLEGA NÁKVÆMUR 178° SJÓNARHORN

### IDEATAB

- 10" HD IPS fjölsnertiskjár 1280x800
- Quad Core 1.2GHz ARM A7 Cortex örgjörvi
- PowerVR SGX 544 Dual Core skjákjarni
- 16GB SSD Flash og allt að 32GB microSD
- Hágæða stereo hátalarar og hljóðnemi
- 300Mbps þráðlaust net, Bluetooth 4.0
- Li-Polymer rafhlaða allt að 9 tímar
- Tvær myndavélar 5MP og VGA að framan
- Android 4.2.2 stýrikerfi og fjöldi forrita

**34.900**

OFUR ÖFLUG QUAD CORE!

T530 — SAMSUNG

1280x800 WXGA — OFUR SKARPUR FJÖLSNERTISKJÁR

AÐEINS 9mm ÖRÞUNN OG FISLÉTT

### GALAXY TAB4

- 10" HD LED fjölsnertiskjár 1280x800
- Quad Core 1.2GHz Snapdragon örgjörvi
- Adreno 305 Quad Core skjákjarni
- 16GB FLASH og allt að 64GB microSD
- Hágæða stereo hátalarar og hljóðnemi
- 300Mbps WiFi net og Bluetooth 4.0
- Li-Polymer rafhlaða allt að 10 tímar
- 2x HD vefmyndavélar 3.15MP og 1.3MP
- Android 4.4.2 stýrikerfi og fjöldi forrita

**49.900**

10" TAB4 MEÐ 4G 74.900

SW5 — acer

1280x800 IPS — HD SKJÁR MEÐ ALLT AÐ 178° SJÓNARHORN

NÝ KYNSLÓÐ — ÖRÞUNN AÐEINS 8.9mm OG 580gr

### SWITCH

**FRÁBÆR FYRIR FERÐALANGA**

Sumarvélin í ár er þessi öfluga og fjölhæfa spjaldtölva sem breytist í fartölvu þegar henni er smellt í lyklaborðsvöggu, sem fylgir með;)

- 10" HD IPS fjölsnertiskjár 1280x800
- Intel Quad Core Z3735F 1.83GHz Burst
- Intel HD 3D Graphics grafískur kjarni
- 2GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 64GB FLASH SSD og allt að 64GB microSD
- 300Mbps WiFi Nplify og Bluetooth 4.0
- FullHD 1080p vefmyndavél að framan
- Örþunn lyklaborðsvagga með Snap Hinge
- Windows 8.1 og Office 365 árs áskrift

**69.900**

MEÐ 500GB DISK Í VÖGGU 79.900

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

ÚRVAL SPJALDTÖLVA Á VERÐI FRÁ 9.990

POINT OF VIEW **9.990**

### 7" SPJALDTÖLVA

P722 KIDS **16.900**

ROCK100 HEYRNARTÓL FYLGJA

SILICON BUMPER VARNARHLÍF

### FYRIR KRAKKANA:)

6" KINDLE **16.900**

AMAZON KINDLE — Ný og enn glæsilegri Kindle lestölva með 6" E-ink skjá sem glampar ekki á og 15% hraðari síðuflettingar!

### KINDLE LESTÖLVA!

VERÐVÖRN

Verð frá: **49.900**

ALMENGT VERÐ 62.990

2 LITIR

### iPad Mini 2 Retina

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

2011 - 2014 Framúrskarandi fyrirtæki

acer lenovo SAMSUNG SONY LG Apple Microsoft kindle kobo

# MENNING

# Ljóðin reyndust betur en strákarnir

Í dag kemur út ljóðasafn Ingunnar Snædal af tuttugu ára ferli skáldsins af Jökuldalnum. Skáldinu finnst dálítið skrítið að sjá þetta allt komið saman í eina bók en svo ætlar hún að flytja til Dyflinnar ásamt hálfírskri unglingsdóttur sinni með haustinu.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

„Mér finnst þetta vera óskaplega mikill heiður. Forlagið mitt bara sér um þetta allt saman og ég er bara glöð og reyni að standa mig," segir Ingunn Snædal ljóðskáld en í dag kemur út heildarsafn ljóða metsöluskáldsins af Jökuldal, frá 1995 til 2015, ásamt áður óbirtum ljóðum. Ingunn hefur sent frá sér fimm ljóðabækur á ferlinum sem hafa allar notið mikilla vinsælda og skáldið margverðlaunað fyrir ljóð sín. Ingunni finnst þó dálítið skrítin tilhugsun að nú skuli ljóðin hennar vera komin í eina svona stóra fallega bók. „Mér fannst þetta allt saman meinleysislegra og nettara þegar það voru að koma svona stakar ljóðabækur sem fara vel í vasa. En nú eru þau hjá Bjarti búin að gera þessa stóru og fallegu bók úr þessu öllu saman og ég reyni bara að standa mig fyrir þau og fara í viðtöl og útgáfuhóf. Ljóðabækurnar eru víst meira og minna uppseldar svo vonandi finnst einhverjum gott að geta fengið þetta svona í einum pakka.



**BLESS ÍSLAND** Ingunn Snædal ljóðskáld ætlar að breyta til og flytja til Dyflinnar ásamt dóttur sinni þegar líður að hausti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Meiri húmor í dag

Ingunn segist vissulega sjá þessar fimm bækur á tuttugu árum sem ákveðinn þroskaferil og að reyndar hafi hún óttast að kjánahrollurinn ætti eftir að flæða upp fyrir axlir þegar hún kæmi aftur að elstu ljóðunum. „En það var nú í sjálfu sér alveg óþarfi. Það var óneitanlega mikil dramatík í gangi svona framan af ferlinum og mér finnst ég nú blessunarlega vera meiri húmoristi í dag. Oftar en ekki þá voru nú einhverjir strákar sem stóðu þarna á bak við ljóðin með tilheyrandi dramatík en svo þegar upp er staðið þá reyndust nú ljóðin betri en strákarnir. Ég held að ég hafi meiri húmor fyrir sjálfri mér í dag. Auðvitað lendir maður í alls konar áföllum á lífsleiðinni og þá hjálpar húmorinn og sem ljóðskáld þá fer maður í að skrifa sig frá því sem á manni dynur. Ást, skilnaður og sorg; allt þetta sammannlega er það sem fólk tengir við og þannig er þetta græðandi ferli, vonandi fyrir bæði mig og lesandann."

### Ingunn á Skjöldólfsstöðum

Síðustu sjö ár hefur Ingunn búið austur á Skjöldólfsstöðum á Jökuldal þar sem hún hefur starfað sem kennari. En nú hefur Ingunn sagt upp kennslunni, ákveðið að breyta til og flytjast til Dyflinnar næsta haust. „Ég var orðin dálítið þreytt, svona eins og kennarar verða, og fannst því orðið tímabært að breyta til. Dóttir mín er orðin unglingur og mér fannst gott að hafa hana fyrir austan þessi æskuár en nú langar okkur að prófa eitthvað nýtt. Hún er írsk í föðurættina og mér finnst gott fyrir hana að fá að kynnast sínu föðurlandi.

**Ást, skilnaður og sorg; allt þetta sammannlega er það sem fólk tengir við og þannig er þetta græðandi ferli, vonandi fyrir bæði mig og lesandann.**

Málið er að ég hef alltaf haft einhvern brennandi áhuga á Írlandi sem enginn veit hvaðan er kominn. Ég var ekki nema um fimm ára gömul þegar ég tók upp á því að klippa út myndir af írskum kindum og líma á vegginn í herberginu mínu heima á Skjöldólfsstöðum. Mamma botnaði ekkert í þessu, efaðist um að ég vissi hvar Írland væri að finna. En það breytti engu um áhugann sem fylgdi mér áfram til fullorðinsáranna.

### Írsk í fyrra lífi

Þegar ég var svo um tuttugu og fjögurra ára gömul þá fór ég loks til Írlands og í þeim tilgangi að læra írsku. Þetta forna keltneska tungumál sem var við það að deyja út með öllu. Þarna kemur saman alls konar skrítið og skemmtilegt fólk frá öllum heimshornum sem átti aðeins sameiginlega þessa einu ástríðu og það var dálítið sérstakt. En kennarinn okkar var á því að við sem værum þarna saman komin hefðum í raun öll verið Írar í fyrra lífi og því væri þetta fullkomlega eðlilegt.

Þarna kynntist ég líka manninum mínum og það sem mér finnst svo heillandi við þetta samfélag er að þarna er fólk alltaf að segja sögur. Þannig er það líka heima á Jökuldal svo þessi sameiginlega taug liggur eflaust í gegnum þessa ástríðu. Við dóttir mín komum svo til með að flytja til Dyflinnar í ágúst og ég ætla að reyna að draga fram lífið á því að þýða, prófarkalesa og vonandi skrifa. Ég vona að minnsta kosti að hugurinn og sköpunarkrafturinn fái góða innspýtingu við það að koma í nýtt og skemmtilegt umhverfi."

# Ólga um ráðningu óperustjóra

Stjórn Íslensku óperunnar sendi í gær frá sér greinargerð um ráðningu nýs óperustjóra. Gunnar Guðbjörnsson er ósáttur við hvernig staðið var að ráðningunni.

Gunnar Guðbjörnsson, óperusöngvari og skólastjóri Söngskóla Sigurðar Demetz, var á meðal þeirra sem sóttu um starf óperustjóra og hefur gagnrýnt það hvernig staðið var að ráðningunni.

Í gær sendi svo stjórn Íslensku óperunnar frá sér greinargerð um ráðningu nýs óperustjóra. Þar er farið yfir ráðningarferlið sem lauk með því að Steinunn Birna Ragnarsdóttir, tónlistarstjóri Hörpu, var ráðin til næstu fjögurra ára.

Ólgu hefur gætt í óperuheiminum vegna þess hvernig staðið var að ráðningu Steinunnar Birnu en hún var sú eina úr hópi umsækjenda sem var tekin til viðtals við stjórn Óperunnar. Í yfirlýsingu stjórnarinnar kemur fram að í auglýsingunni fyrir starfið hafi verið tilgreint að Capacent myndi aðstoða við ráðninguna. Alls bárust sextán umsóknir en tvær voru dregnar til baka.

Stjórn Íslensku óperunnar bendir á að allir fjórtán umsóknaraðilarnir hafi verið metnir hæfir til starfsins og ákvað stjórnin í framhaldinu að boða alla umsækjendur í viðtöl við Capacent.

Í yfirlýsingu stjórnarinnar kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Stjórn Óperunnar hitti fulltrúa Capacent á fundi þar sem farið var yfir umsóknirnar og viðtöl sem tekin höfðu verið við alla umsækjendur. Stjórnarmenn spurðu um mörg atriði og kafað var ofan í feril umsækjenda, menntun, stjórnunarreynslu og framtíðarsýn hvers um sig varðandi óperuna á Íslandi. Spurningar vöknuðu og þess var óskað að einstök atriði yrðu könnuð betur varðandi nokkra umsækjendur. Upplýsingar bárust um þessi atriði og stjórnarmenn fóru í kjölfarið aftur yfir umsóknirnar með hliðsjón af þeim.

Eftir þessa yfirferð ákvað stjórn að kalla Steinunni Birnu Ragnarsdóttur, tónlistarstjóra Hörpu, til viðtals. Daginn eftir var ákveðið að ganga til samninga við hana."

Gunnar Guðbjörnsson segir að í raun komi fátt nýtt fram í umræddri yfirlýsingu. „Þetta er svona öllu ítarlegra en verið hefur en það eina sem mér sýnist nýtt þarna er að umsækjendur eru nú sextán en tveir drógu umsóknir sínar til baka. Það er umhugsunarvert að það sé rót á þessum nýjustu tölum úr Hörpu," segir Gunnar og það leynir sér ekki að hann er ekki sáttur við stöðu og þróun mála innan Íslensku óperunnar. „Þetta skýrir í raun ekki þetta vinnuferli umsókna og maður er eitt spurningarmerki enn um það hvernig var staðið að ráðningunni. Það er kannski ekki mitt að dæma ráðninguna en þegar um er að ræða ríkisfjármuni þá þarf þetta að vera faglegt.

**Ég vonaðist eftir því að finna fyrir einhverjum áhuga og deila hugmyndum. Hugmyndum og framtíðarsýn sem ég hef lagt mikla vinnu í.**

Fyrir mig persónulega þá hefði breytt miklu að fá að viðra mínar hugmyndir í beinu sambandi við stjórnina. Ég vonaðist eftir því að finna fyrir einhverjum áhuga og deila hugmyndum. Hugmyndum og framtíðarsýn sem ég hef lagt mikla vinnu í. Ég vildi sem sagt eiga virkt og opið samtal sem gæti verið óperunni til góðs en það var einfaldlega ekki í boði. Ég kláraði menningarstjórnunarnám og hef starfað lengi innan söng- og óperuheimsins en það breytti greinilega engu.

Ég hef verið opinn með mínar hugmyndir um framtíð Íslensku óperunnar. Mín hugmynd hefur lengi verið að óperan yrði deild innan Sinfóníuhljómsveitarinnar, einfaldlega vegna þess að peningarnir ganga ekki upp með öðrum hætti. Eins og staðan er þá fer stór hluti peninganna í húsaleigu innan Hörpu og annar stór hluti í starfsmannahald þannig að þegar upp er staðið er afskaplega lítið eftir til þess að setja upp óperur. Því miður. Þannig að nú er víst ekki annað eftir en að vonast eftir breytingum á starfsháttum og auðvitað vill maður sjá Íslensku óperuna dafna í framtíðinni."



**ÓSÁTTUR** Gunnar Guðbjörnsson er á meðal þeirra sem eru ósáttir við ráðningarferlið á nýjum óperustjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fréttablaðið hefur staðfestingu á því að Arnbjörg María Daníelsen hafi einnig verið á meðal umsækjenda. Arnbjörg María er með mastersgráðu í óperu og músík teater frá Austurríki og þriggja ára mastersnám í rekstri opinberra leikhúsa frá háskólanum í Zürich. Arnbjörg María starfar einkum í Þýskalandi þar sem hún er búsett í Berlín og m.a. sem framleiðandi að óperum og listrænn stjórnandi í tónlistarleikhúsi þar og víðar um álfuna. Arnbjörg María kaus að tjá sig ekki um málið að svo stöddu.

magnus@frettabladid.is

# Hjartað í söngljóðum Jónasar Árna

Leitin að Jörundi verður á fjölum Þjóðleikhúskjallarans þrjá sunnudaga í maí.

„Við segjum söguna af heimsókn ævintýramannsins Jörgens Jörgensens til Íslands 1809 á gamansaman hátt. Hjarta sýningarinnar eru þó söngljóð Jónasar Árnasonar um hundadagakonunginn og eins er mikið myndefni frá þessum tíma,“ segir Edda Þórarinsdóttir leikkona um kabarettinn Leitin að Jörundi sem hún er höfundur að. Segir líka brot flutt úr nokkrum lögum sem tengja söguna nútímanum.

Kabarettinn var sýndur sex sinnum við góðar undirtektir síðasta haust en vegna anna flytjenda varð hlé á sýningum. Nú hefjast þær aftur og eru fyrirhugaðar sunnudagana 3., 10. og 17. maí klukkan 20.

Flytjendur kabarettsins eru hljómsveitin Fjögur á palli; Edda Þórarinsdóttir, Karl Olgeirsson, Magnús Pálsson og Páll Einarsson, ásamt leikaranum Baldri Trausta Hreinssyni.

„Við bjóðum upp á kaffihúsastemningu með dillandi tónlist og góðu gríni,“ segir Edda.

- gun

➜ **Jörgen Jörgensen** var rekinn úr skóla 14 ára gamall. Árið 1809 sigldi hann með Samuel Phelps til Íslands að kaupa lýsi og tólg. Hann gerði byltingu á Íslandi gegn dönskum yfirvöldum sem höfðu meinað Íslendingum að versla við útlendinga, tók sér konungsvald og ríkti yfir Íslandi í tvo mánuði.



**FJÖGUR Á PALLI** Karl, Magnús, Baldur Trausti, Edda og Páll krydda söguna með góðri tónlist.



**SAGNFRÆÐINGURINN** Stefán ræðir um varnarliðið á samnefndri sýningu.

## Hádegisspjall um hersetuna

Stefán Pálsson sagnfræðingur verður með hádegisfyrirlestur í Ljósmyndasafni Reykjavíkur á 6. hæð að Tryggvagötu 15 í dag, innan um myndir Braga Þórs Jósefssonar ljósmyndara á sýningunni Varnarliðið.

Vera hersins á Miðnesheiði var viðkvæmasta deiluefni íslenskra stjórnmála um áratuga skeið og á ýmsu gekk í samskiptum herstöðvaandstæðinga og setuliðsins. Stefán, sem er fyrrverandi formaður Samtaka hernaðarandstæðinga, mun eflaust gefa gestum nýtt sjónarhorn á myndir Braga Þórs sem tók þær eftir að herinn hafði yfirgefið herstöðina árið 2006. Sýningunni lýkur 10. maí.

Stefán byrjar erindi sitt klukkan 12.10 í dag og aðgangur er ókeypis.

- gun



**SÝNISHORN** Tréfólk er meðal þess sem sýnt er í Gerðubergi.

## Vorsýning í Gerðubergi

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri opnar vorsýningu handverkshópanna í Gerðubergi laugardaginn 2. maí klukkan 14. Sýnendur skipta tugum og verkin eru af fjölbreyttum toga því í handverkshópunum er stundað bókband, bútasaumur, glervinna, hannyrðir, málun, pappamódelgerð, postulínsmálun, tálgun og útskurður. Við opnun sýningarinnar verður tekið á móti gestum með harmóníkuleik og Gerðubergskórinn syngur vel valin lög. Sýningin stendur í fjórar vikur og þar mun markaðsstemning ríkja.




**Á LOFTI HOSTELI** Karen Köhler kemur fram ásamt dj. flugvél og geimskipi á Lofti hosteli í kvöld.

# Munu leiða saman tón- og orðlist

Karen Köhler og dj. flugvél og geimskip munu koma fram á Lofti hosteli í kvöld.

Þýski rithöfundurinn, myndskreytirinn og leikkonan Karen Köhler verður á Lofti hosteli í Bankastræti í kvöld.

Þar mun Köhler ásamt dj. flugvél og geimskipi leiða saman tónlist og orðlist á ævintýralegan máta.

Köhler og dj. flugvél og geimskip munu rannsaka list hvor annarrar og boðið verður upp á upplestur, tónlist og spjall.

Köhler dvelur um þessar mundir í Reykjavík sem gestarithöfundur á vegum Goethe-stofnunarinnar í Kaupmannahöfn og Reykjavíkur Bókmenntaborgar UNESCO.

Hún átti sér þann draum að verða geimfari og hefur lært fallhlífarstökk og menntaði sig í leiklist. Dj. flugvél og geimskip er sviðsnafn tónlistarkonunnar Steinunnar Eldflaugar Harðardóttur en sjálf segir hún tónlist sína með geimívafi og er sviðsframkoma hennar leikræn og litrík en hún gaf út plötuna Glamúr í geimnum árið 2013 en lögin á plötunni fjalla um furður alheimsins og óendanleika geimsins.

Köhler flytur söguna Il Comandante og verður tónlistin unnin sérstaklega fyrir viðburðinn sem fer fram á ensku.

Viðburðurinn hefst klukkan 20.00 á Lofti hosteli í Bankastræti en einnig mun dj. flugvél og geimskip spila á tónleikum á Dillon í kvöld klukkan 22.00 og er aðgangseyrir á tónleikana 500 krónur.



**LEIÐSÖGN** Sýningu Jan Voss í Listasafninu á Akureyri lýkur þann 10. maí næstkomandi.

# Leiðsögn um Með bakið að framtíðinni

Hádegisleiðsögn um sýningu Jan Voss, Með bakið að framtíðinni, verður í Listasafninu á Akureyri í dag.

Á sýningunni Með bakið að framtíðinni í Listasafninu á Akureyri má sjá verk eftir þýska listamanninn Jan Voss og mun Guðrún Pálína Guðmundsdóttir fræðslufulltrúi taka á móti gestum og gangandi og fræða þá um sýninguna og einstaka verk á henni.

Jan Voss er fæddur í Þýskalandi og búsettur í Amsterdam þar sem hann hefur síðustu þrjátíu ár rekið jaðarbókaverslunina Boekie Woekie ásamt Henriëtte van Egten og Rúnu Thorkelsdóttur en í búðinni eru seldar bækur eftir listamenn. Sem ungur maður vann hann við að teikna teiknimyndasögur sem hann prentaði og gaf sjálfur út.

Spurningin Hvað er mynd? er undirliggjandi þema í viðfangsefnum Voss sem notfærir sér ólíka miðla og óhefðbundnar vinnuaðferðir við leit að svörum.

> ➜ Næstkomandi laugardag klukkan 15.00 verður listamannaspjall við Voss sjálfan í Listasafninu og einnig slegið upp lokunarteiti sýningarinnar.

Næstkomandi laugardag klukkan 15.00 verður listamannaspjall við Voss sjálfan í Listasafninu og einnig slegið upp lokunarteiti sýningarinnar en lokasýningardagur er þann 10. maí næstkomandi.

Leiðsögnin í dag hefst klukkan 12.15 og aðgangur er ókeypis. Sýningin er opin til 10. maí og er opin þriðjudaga til sunnudaga frá klukkan 12.00 til 17.00.

## EKKI MISSA AF

### Andrea Gylfadóttir

**Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8.**



Andrea Gylfadóttir efnir til tónleika ásamt þeim Birgi Baldurssyni, Eðvarð Lárussyni og Pétri Sigurðssyni á Ob-La-Dí-Ob-La-Da. Miðaverð er 1.000. kr

### Ármann Jakobsson og Helga Kress

**Stofa 101 í Odda, Háskóla Íslands**



Ármann Jakobsson og Helga Kress flytja fyrirlestra á fyrirlestraröð Miðaldastofu Háskóla Íslands. Aðgangur ókeypis.

# FIMMTUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**30. APRÍL 2015**

### Tónleikar

**19.30** Hjónin Viktoria Postnikova og Gennadíj Rozhdestvenskíj heiðra Sinfóníuhljómsveit Íslands og tónlistarunnendur með flutningi á rússneskum öndvegisverkum í Eldborgarsal Hörpu. Flutt verður svíta úr ballettinum Pulcinella, 4. píanókonsert Rakhmaníovs og 3. hljómsveitarsvíta Tsjajkovskíjs. Miðaverð frá 2.400 krónum.

**19.30** Kvennakórinn Katla heldur tvenna vortónleika í Aðventkirkjunni í Reykjavík. Seinni tónleikarnir hefjast klukkan 21.00. Miðaverð er 2.200 krónur.

**20.00** Karlakórinn Fóstbræður heldur sína 99. vortónleika í Norðurljósasal Hörpunnar. Flutt verða verk eftir Schubert, Poulenc, Sibelius, Alfvén, Hjálmar H. Ragnarsson og fleiri auk íslenskra og erlendra þjóðlaga. Miðaverð frá 3.000 krónum.

**20.00** Vortónleikar Karlakórs Kópavogs í Salnum í Kópavogi. Sérstakir gestir verða Viðar Gunnarsson, Garðar Thor Cortes, Gissur Páll Gissurarson og Bergþór Pálsson ásamt harmóníkubræðrunum Braga Fannari og Andra Snæ Þorsteinssonum en stjórnandi kórsins er Carðar Cortes. Miðaverð er 4.500 krónur.

**21.00** Þjóðlagahljómsveitin Vikivaki spilar nýjar og djassskotnar úrvinnslur á íslenska þjóðlagaarfinum á Björtuloftum í Hörpunni. Miðaverð frá 2.000 krónum.

**21.00** Guðmundur Pétursson og Ragnheiður Gröndal halda tónleika í Mengi í kvöld. Miðaverð er 2.000 krónur.

**21.00** Hljómsveitin Kriki heldur tónleika á Hlemmur Square. Aðgangur ókeypis.

**21.00** Hljómsveitirnar Oyama og Agent Fresco spila á Húrra í kvöld. Miðaverð er 1.500 krónur og 20 ára aldurstakmark.

**22.00** Andrea Gylfadóttir, Birgir Baldursson, Eðvarð Lárusson og Pétur Sigurðsson halda tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er 1.000 kr.

**22.00** Dj. flugvél og geimskip spilar á Dillon í kvöld. 500 krónur inn.

**23.30** In The Company Of Men, Muck og Distill The World á Íslenska rokkbarnum, Hafnarfirði. Frítt inn.

### Leiklist

**19.00** Söngleikurinn Billy Elliot sýndur í Borgarleikhúsinu. Miðaverð er 6.200 krónur.

**20.00** Leiksýningin Er ekki nóg að elska? Sýnd í Borgarleikhúsinu. Miðaverð er 4.950 krónur.

### Örnámskeið

**20.00** Draumakvöld Vanadísar í Foreldrahúsi, Suðurlandsbraut 50. Fjallað verður um forspár og fyrirboða í draumum. Leiðbeinandi er Valgerður H. Bjarnadóttir. Miðaverð 3.000 krónur.

### Sýningar

**20.00** 50 ára afmælisýning Hestamannafélagsins Mána í Mánahöllinni.

### Sýningarspjall

**12.10** Hádegisspjall með Stefáni Pálssyni sagnfræðingi á Ljósmyndasafni Reykjavíkur í tengslum við ljósmyndasýningu Braga Þórs Jósefssonar, Varnarliðið. Frítt inn.



### Uppákomur

**17.00** Ásdís Jóelsdóttir lektor kynnir helstu niðurstöður rannsóknar sinnar um uppruna íslensku lopapeysunnar í Hönnunarsafni Íslands.

**20.00** Orð og tónlist á Lofti Hosteli, Bankastræti, í kvöld. Rithöfundurinn Karen Köhler og dj. flugvél og geimskip spila, lesa upp og spjalla við gesti. Viðburðurinn fer fram á ensku, allir velkomnir og frítt inn.

**22.00** Ljóðakvöld á Gauknum í kvöld. Frítt inn.

### Uppistand

**21.00** Uppistandskvöld í Stúdentakjallaranum á vegum GOmobile og Stúdentakjallarans. Kynnir kvöldsins er Bylgja Babýlons.

**22.45** Uppistand á A. Hansen, Hafnarfirði. Frítt inn.

### Tónlist

**21.00** Dj Eyfjörð þeytir skífum á Frederiksen Ale House í kvöld.

**21.00** Dj Logi Pedro þeytir skífum á Prikinu í kvöld.

**21.00** Dj Sigrún Skafta þeytir skífum á BarAnanas í kvöld.

**21.00** Dj De La Rósa þeytir skífum á Boston í kvöld.

**21.00** Dj Smutty Smiff þeytir skífum á Lebowski bar í kvöld.

**21.00** Lagaffe Tales dj-set á Kaffibarnum í kvöld.

**21.00** Trúbadorarnir Hjálmar og Dagur verða á English Pub í kvöld.

**22.00** Trúbadorinn Hreimur verður á American Bar í kvöld.

**23.00** Dj Hið myrka man þeytir skífum á Gauknum í kvöld.

### Djasshátíð

**12.00** Haldið verður upp á hinn alþjóðlega dag djassins víðsvegar um Hörpuna í dag. Dagskrá hefst í hádeginu og stendur fram á kvöld. Frítt er inn á viðburðina á meðan húsrúm leyfir.

### Leiðsögn

**12.15** Leiðsögn í Listasafninu á Akureyri um sýningu Jan Voss, Með bakið að framtíðinni. Guðrún Pálína Guðmundsdóttir fræðslufulltrúi tekur á móti gestum og fræðir þá um sýninguna og einstaka verk. Aðgangur ókeypis.



### Fyrirlestrar

**16.30** Ármann Jakobsson og Helga Kress flytja fyrirlestra í fyrirlestraröð Miðaldastofu Háskóla Íslands um Landnám Íslands í stofu 101 í Odda.

**20.00** Mary Jane Jacob, sýningarstjóri og prófessor við School of the Art Institute í Chicago, flytur fyrirlesturinn Experiencing Social Practice í Hafnarhúsi. Fyrirlesturinn er hluti af fyrirlestraröðinni TALK series, fer fram á ensku og er öllum opinn. Aðgangur ókeypis.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*

# GÓÐAR BÆKUR TVÖ PARTÝ FRÁBÆRT ÚRVAL!




**Hryðjuverkamaður snýr heim**
Vildarverð: 2.799.-
Verð: 3.499.-




**Hilma**
Vildarverð: 3.149.-
Verð: 3.499.-

MAÍ
BÓK MÁNAÐARINS




**Almanakið**
Vildarverð: 4.999.-
Verð: 6.299.-




**Andersen skjölin**
Vildarverð: 3.599.-
Verð: 3.999.-



**Ingunn Snædal - Ljóðasafn**
Vildarverð: 5.669.-
Verð: 6.299.-

Vildarverð:
3.199.-
Verð:
3.999.-




**Ástin, drekinn og dauðinn**
Vildarverð: 3.199.-
Verð: 3.999.-




**Vertu úlfur**
Vildarverð: 3.599.-
Verð: 3.999.-




**Bylting - og hvað svo?**
Vildarverð: 3.599.-
Verð: 3.999.-




**Mannorðsmorðingjar?**
Vildarverð: 3.199.-
Verð: 3.999.-




1. Metsölulisti Eymundsson

**Mörk**
Vildarverð: 3.599.-
Verð: 3.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Vildarverð gilda frá og með 30. apríl til og með 4. maí. Tilboð á bók mánaðarinns gildir út maí-mánuð. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

## AFMÆLISBARN DAGSINS



**33 ára Kirsten Dunst, leikkona**

**Þekktust fyrir:** Interview with the Vampire, The Virgin Suicides, Bring It On og Spider-Man-þríleikinn.

## BÍÓFRÉTTIR

### Sló met Fifty Shades of Gray

Kvikmyndin Avengers: Age of Ultron var frumsýnd í Bretlandi í síðustu viku var mest sótta kvikmyndin um helgina þar í landi og sló met Fifty Shades of Gray og er stærsta frumsýning á árinu til þessa og sú stærsta í Bretlandi síðan Skyfall var frumsýnd árið 2012 en miðasala nam 18 milljónum punda. Í aðalhlutverkum eru Robert Downey Jr., Chris Hemsworth, Mark Ruffalo, Chris Evans og Scarlett Johansson.



### Aubrey Plaza aftur með Zac Efron

Aubrey Plaza, sem þekktust er fyrir hlutverk sitt í Parks and Recreation fer með hlutverk í kvikmyndinni Mike and Dave Need Wedding Dates. Þeir leikarar sem þegar hefur verið staðfest að fari með hlutverk í myndinni eru Zac Efron, Anna Kendrick og Adam Devine. Plaza og Efron léku einnig saman í myndinni Dirty Grandpa. Áætluð frumsýning er 8. júlí 2016 í Bandaríkjunum.



## FRUMSÝNINGAR



**Age of Adaline**
**Rómantík**
**Aðalleikarar:** Harrison Ford, Blake Lively og Michiel Huisman.

IMDb 7,5/10 Rotten Tomatoes 54%



**The Water Diviner**
**Drama, stríðsmynd**
**Aðalhlutverk:** Russell Crowe, Olga Kurylenko, Yilmaz Erdogan og Jai Courtney.

IMDb 7,3/10 Rotten Tomatoes 60%

# Sakamálið varð að þáttaröð og svo aftur að sakamáli

**Auðkýfingurinn Robert Durst, sem sakaður er um að hafa myrt að minnsta kosti tvær konur og einn karl sem honum tengdust, er nú kominn aftur í fangelsi. Hann var til umfjöllunar í vinsælli þáttaröð á HBO.**


2 DEMS TOP BUSH IN POLL
TEEN NEAR DEATH AFTER GANG ATTACK
DAILY NEWS
Defense tells trial why he butchered neighbor in 'self-defense'
HOW DURST DID IT


DAILY NEWS
DURST CASE: BIGAMY, TOO
CARRYING THE TORCH


DAILY NEWS
NABBED
Millionaire murder suspect Robert Durst caught stealing sandwich

Auðkýfingurinn Robert Durst hefur lengi verið til umræðu í Bandaríkjunum. Athyglin minnkaði ekki þegar hann veitti leikstjóranum Jarecki fjölda viðtala sem voru uppistaðan í þáttaröð sem framleidd var af HBO og bar titilinn The Jinx: The Life and Deaths of Robert Durst. Þáttaröðin var frumsýnd vestanhafs í febrúar og var síðasti þátturinn sýndur um miðjan mars. Tveimur dögum áður en síðasti þátturinn fór í loftið var Durst handtekinn fyrir morð sem var til umfjöllunar í þáttunum. Morðið á Susan Berman, sem var eins konar talsmaður Durst þegar hann var sakaður um að eiga þátt í hvarfi eiginkonu sinnar.



**FYRIR DÓMI** Robert Durst er nú enn einu sinni kominn í slag í réttarsal. Nú fyrir morð á vinkonu sinni.



**VETTVANGURINN** Hér má sjá heimili Susan Berman, þar sem einhverjir telja að Durst hafi banað henni.

### Ótrúleg framvinda

Þáttaröðin sem Andrew Jarecki vann fyrir HBO-sjónvarpsstöðina varð til í kjölfar þess að Durst hafði samband við leikstjórann. Jarecki leikstýrði og skrifaði handritið að myndinni All Good Things, með þeim Ryan Gosling og Kirsten Dunst í aðalhlutverkum. Handrit myndarinnar var meðal annars byggt á ævi Durst. Gosling þótti túlka auðkýfinginn vel, raunar svo vel að Durst hafði sjálfur samband við Jarecki og bauðst til að koma í viðtal, ef leikstjórinn vildi vinna ítarefni fyrir myndina. Úr varð þáttaröð sem hristi verulega upp í hlutunum í Bandaríkjunum, enda framvinda þeirra sakamála sem Durst hefur verið sakaður um að eiga þátt í með öllu ótrúleg.

### Afhausaði nágranna sinn

Í þáttaröðinni er farið ítarlega í þau þrjú morð sem Durst er sakaður um að hafa framið. Síðasta morðið sem Durst er sakaður um var á nágranna hans, Morris Black. Durst viðurkennir að hafa orðið Black að bana en segir það hafa verið í sjálfsvörn. Durst viðurkennir einnig að hafa bútað líkið af nágranna sínum niður, sett í poka og hent á haf út. Durst og Black voru nágrannar í borginni Galveston í Texas, en þangað segist Durst hafa flúið; honum fannst hann vera ofsóttur af saksóknara í New York.

Durst réði til sín feykilega öflugt teymi lögfræðinga sem náði að bjarga Durst frá dómi.

### Hvarf eiginkonunnar

Durst hefur lengi verið sakaður um að eiga þátt í hvarfi Kathleen McCormack Durst, þáverandi eiginkonu sinnar, sem hvarf í janúar árið 1982. Eins og rakið er í þáttaröðinni var ekki samræmi í frásögn Durst frá kvöldinu. Durst viðurkennir að hafa logið til um ákveðna þætti í frásögn sinni, því hann vissi að hann myndi liggja undir grun. Fjölmiðlar vestanhafs hafa sagt frá rifrildi hjónanna kvöldið áður. Durst segist hafa keypt lestarmiða handa konu sinni og fylgt henni á lestarstöð þar sem hún ætlaði heim til þeirra í New York, en hjónin voru í húsi í þeirra eigu í Newton í Connecticut. Kathleen McCormack hefur ekki sést síðan og eru vinir hennar margir sannfærðir að Durst eigi þátt í því, þótt hann neiti því.

### Mafíulegt morð

Daginn áður en síðasti þátturinn af The Jinx fór í loftið var Robert Durst handtekinn. Lögreglumenn FBI fundu hann á hóteli í New Orleans, þar sem Durst hafi skráð sig inn undir dulnefni. Hann þóttist vera kona, eins og hann hefur áður gert. Durst var handtekinn fyrir morðið á Susan Berman, vinkonu sinni og talskonu um tíma, þegar fjölmiðlar sóttu að honum vegna hvarfs Kathleen McCormack. Berman var skotin tvisvar í höfuðið um jólin 2000. Berman var dóttir þekkts meðlims mafíunnar og var morðið upphaflega talið tengjast föður hennar. En ýmis sönnunargögn hafa fundist sem þykja ýta undir grunsemdir um að Durst hafi átt þátt í morðinu. Framkoma hans í síðasta þættinum af the Jinx hefur heldur ekki orðið til þess að bæta álit almennings á honum.

Lögreglan fann tvær skammbyssur og 40 þúsund Bandaríkjadali inni á hótelherbergi hans. Einnig fannst marijúana í herberginu. Durst mátti samkvæmt lögum ekki vera með byssur, því hann er með dóm á bakinu. Yfirvöld í Louisiana vildu fyrst rétta yfir Durst í ríkinu, vegna vopnaburðarins. En þau hafa nú fallist á að leggja kæruna niður og færa málið í hendur alríkisdómstólsins. Þar sem Durst mun enn einu sinni reyna að halda fram sakleysi sínu.

kjartanatli@365.is




Láttu draumagarðinn verða að veruleika

Pantaðu landslagsráðgjöf í dag!

Halla Pétursdóttir, landslagsarkitekt FILA, hjálpar þér við að skipuleggja draumagarðinn þinn.

Pantaðu tíma og fáðu nánari upplýsingar hjá söludeild Steypustöðvarinnar í síma

4 400 400

Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.

CE Allar hellur Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt viðurkenndum stöðlum.

STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

Malarhöfða 10, 110 Reykjavík | Hringhellu 2, 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8, 800 Selfoss | Berghólabraut 9, 230 Reykjanesbær | Smiðjuvegi, 870 Vík | Sími 4 400 400, www.steypustodin.is



FRÁ ÞEIM SÖMU OG FRAMLEIDDU HEIÐURSTÓNLEIKA FREDDIE MERCURY OG MEATLOAF
BRYNDÍS ÁSMUNDS
STEFANÍA SVAVARS
SIGGA BEINTEINS
REGÍNA ÓSK
ERNA HRÖNN
TÓNLEIKASÝNING RIGG VIÐBURÐA
TINA
DROTTNING ROKKSINS
HLJÓMSVEIT RIGG VIÐBURÐA ÁSAMT DÖNSURUM
DANSHÖFUNDUR: YESMINE OLSSON
BÚNINGAMEISTARI: FILIPPÍA ELÍSDÓTTIR
STJÓRNANDI: FRIÐRIK ÓMAR
2. MAÍ ELDBORG
KL. 19:30 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
AÐEINS EIN SÝNING
9. MAÍ HOF
KL. 20:00 - UPPSELT
KL. 23:00 - AUKASÝNING
MIÐASALA Í FULLUM GANGI Á MIDI.IS HARPA.IS OG Á MENNINGARHUS.IS
HARPA
HOF
RIGG VIÐBURÐIR


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
JARÐARBER MANGÓ ANANASBITAR BLÁBER
498
kr. 1.2 kg
Frosin Jarðarber 1,2 kg.
498
kr. 1 kg
Frosnir Mangóbitar 1 kg
498
kr. 1 kg
Frosnir Ananasbitar 1 kg.
259
kr. 250g
Frosin bláber 250g.
189
kr. 250g
FRÓN Pólokex 250g
698
kr. 24 stk.
BÓNUS íspinnakassi 24 stk.
498
kr. 10 stk.
KJÖRÍS Vanillu íspinnar 10 stk
Pepsi-Pepsi MAX -7up 330ml.
69
kr. 330ml
Pepsi og pepsi MAX kippur 4 x 2 ltr.
698
kr. 4 x 2 ltr.
Bónus vatn 2 ltr. Kristall blár 2 ltr.
129
kr. 2 ltr.
179
kr. 2 ltr.
VERÐ Í ÞESSARI AUGLÝSINGU
Gilda a.m.k. til 3.maí
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •




**Afgreiðslutími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •

# LÍFIÐ

## TREND KREMAÐ OG KARAMELLULITAÐ

Hækkandi sól kallar á léttari liti. Stjörnurnar hafa verið hrifnar af kremuðum og karamellulitum fötum, sem fara einstaklega vel með hvítu.


ANGELINA JOLIE


CHIARA FERRAGAN


SUKI WATERHOUSE


KIM KARDASHIAN


OLIVIA PALERMO

# Margverðlaunaður lífsstílsbloggari á landinu

Hin norska Camilla Pihl þykir afar smekkleg í því sem hún gerir og hefur meðal annars hannað eigin skólínu fyrir Bianco. Hún spókar sig á Íslandi um þessar mundir og birtir myndir af sér um land allt.

Norski verðlaunabloggarinn Camilla Pihl er stödd hér á landi og nýtur sín í hvívetna ef marka má Instagram-reikning bloggarans.

Hefur þessi bloggstórstjarna Norðmanna flogið um í þyrlu og skoðað eldstöðvar okkar fallega lands, baðað sig í náttúrulaugum á Laugarvatni og notið sín á veitingahúsum borgarinnar. Þá hefur henni tekist að fjúka af hrossi, sem hún hugðist ríða út í íslensku veðurófreskjunni sem farið hefur um landið upp á síðkastið. Hún var þó fljót að fyrirgefa þar sem hún er gjörsamlega heltekin af Íslandi og segist yfir sig ástfangin af landinu.

Camilla þykir ein af þeim flottari í bransanum sé horft til skandinavískra lífsstílsbloggara. Hún er einnig liðtæk á Instagram þar sem hún hefur komið sér upp tæplega áttatíu þúsund fylgjendum.


**SÆL** Camilla leit við á Reykjavik Roasters og lofsamaði kaffibollann þar í bak og fyrir. Hún var ekki síður sátt með hundinn.


**FJÖRIÐ** Camilla var afar ánægð með sig þegar hún sagði fylgjendum frá að hún hefði tekið pásu á eldfjalli.

FRÉTTABLAÐIÐ/CAMILLE PIHL

Camilla hefur einnig gert garðinn frægan fyrir að hanna sína eigin skólínu fyrir skórisann Bianco. Þá hefur hún látið til sín taka í hönnun skartgripa og lagði nafn sitt við línu sjálfs Davids Andersen. Ekki liggur ljóst fyrir hvað hún er að gera hérlendis en hún merkir myndirnar sínar samviskusamlega #sponsored, eða eins og það útleggst á íslensku, #kostað, svo gera má ráð fyrir að henni sé boðið hingað til lands af einhverju fyrirtæki.

Ekki liggur ljóst fyrir að svo stöddu um hvaða fyrirtæki ræðir, en verður vissulega spennandi að fylgjast með. - ga

# Fjöldi tölvupósta vegna nýs Omaggio-vasa

Ný útgáfa af Omaggio-vasanum vinsæla er komin í verslanir hérlendis stutt er síðan allt ætlaði um koll að keyra þegar afmælisútgáfa af vasanum í takmörkuðu upplagi með koparröndum kom í sölu.

Ný útgáfa af Omaggio-vasanum er komin í sölu hér á landi. Þegar vasinn kom í takmörkuðu upplagi með koparlituðum röndum í fyrra ætlaði allt um koll að keyra og vasinn seldist fljótlega upp. Nýja útgáfan er með silfurröndum og kemur ekki í takmörkuðu upplagi og því ætti ekki að vera eins erfitt að næla sér í eintak.



Talsverð spenna er þó fyrir vasanum og segir Jón Hjörtur Oddsson, framkvæmdastjóri Lífs & listar í Smáralind, verslunina hafa fengið talsvert mikið af símtölum og tölvupósti með fyrirspurnir varðandi vasann, einnig sé talsverður fjöldi þegar búinn að tryggja sér eintak í netverslun Lífs & listar.

„Íslendingar almennt myndi ég telja að hafi gott auga fyrir góðri hönnun,“ segir Jón Hjörtur um ástæður vinsældanna. Hann segir vinsældir Kähler-varanna ekki eingöngu bundnar við Ísland, vörurnar séu einnig mjög vinsælar í Danmörku, Svíþjóð og Noregi. Íslendingar séu að hans mati ekki sérlega ginnkeyptir fyrir slíkum trendum. „Íslendingar eru það ekkert meira en aðrar þjóðir held ég. Það er alltaf verið að tala um þetta með Timberlandskóna, 66°N-úlpurnar og annað en þetta er svona í öðrum löndum líka.“ - gló


**VASINN VINSÆLL** Jón Hjörtur segir verslunina hafa fengið talsvert af fyrirspurnum varðandi nýja útgáfu Omaggio-vasans. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR


**ORÐIN FYRIRSÆTA** Donatella situr fyrir í nýjum auglýsingum Givenchy.

# Donatella Versace orðin fyrirsæta

Tískudrottningin Donatella Versace situr fyrir í nýjustu auglýsingaherferð tískurisans Givenchy. Versace, sem er 59 ára og er listrænn stjórnandi samnefnds tískuhúss, situr fyrir í auglýsingunni ásamt yfirhönnuði Givenchy, Riccardo Ticci. „Það er mér mikill heiður að kynna tískufyrirmyndina mína sem andlit haustlínunnar,“ sagði Ticci á Instagram-síðu sinni, þar sem hann birti eina myndanna. Herferðin var stíliseruð af fyrrverandi ritstjóra franska Vogue, Carine Roitfeld, og mynduð af tískuljósmyndurunum Mert Alas og Marcus Piggott.


**EKKI SÁTT** Witherspoon vill breyta viðhorfi leikara.

# Allir geta leikið samkynhneigða

Leikkonan Reese Witherspoon segir að þeir leikarar sem neiti að leika samkynhneigða þurfi aðeins að endurskoða þá skoðun sína. „Samkynhneigðir leikarar fara oft með hlutverk gagnkynhneigðra. Það sama ætti að gilda fyrir gagnkynhneigða sem ættu þá alveg eins að geta leikið samkynhneigða,“ segir leikkonan og bætir við: „Ef fólk skilur ekki að við þurfum að vera sveigjanleg í þessum efnum, þá þarf það aðeins að endurskoða viðhorf sín og fríska upp á þau.“ Hún segir það vera hlutverk leikara að umbreyta sér til þess að geta tekið að sér fjölbreytt hlutverk.


KOMDU ROTÞRÓNNI Í LAG MEÐ SEPT-O-AID

UMHVERFISVÆN VARA FRÁ KEMI



SEPT O AID eru þurrfrystar örverur tilbúnar til að brjóta niður allan lífrænan úrgang í rotþróm.

Samsetning 13 mismunandi örvera hjálpar til að vinna á og minnka fastan úrgang og breyta í fljótandi form ásamt því að eyða allri ólykt frá rotþrónni. Einfalt í notkun; sett í klósettskálina og beðið í 20 mínútur, því næst er efninu skolað niður.



VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2014

kemi

Kemi • Tunguhálsi 10, 110 Reykjavík • www.kemi.is • Sími: 415 4000
Opið: Mánudag - fimmtudags: Frá kl. 8.00-17.30. Föstudaga: Frá kl. 8.00-17.00.

# brabantia

# Til hagræðingar fyrir heimilin í landinu

## Touch Bin
30 lítra fötur eru til í rauðu, gulu, appelsínugulu og stál.





**Brabantia Touch Bin** ruslaföturnar eru heimilisprýði um leið og þær gegna sínu hlutverki. Opnast með einni snertingu og lokast með annarri. Pokar með reimum sjá til þess að ekkert fari úrskeiðis við tæmingu. Ilmspjöld minnka líkur á því að sorplykt finnist.

## Touch Bin
45 lítra fötur eru til í rauðu, gulu, fjólubláu og stál.



## Pedal Bin
Þessi sem opnuð er með því að stíga á pedalann. Eru til í ýmsum stærðum.



## Fyrir óhreinatauið
Þessar litríku körfur sem þú breytir í tösku er skemmtileg lausn á óhreinu fötum fjölskyldunnar, hver með sinn lit.



## Margar gerðir, litir og stærðir



## Potta og pönnusett
Bæði stakir og í setti eru pottarnir og pönnurnar gæðagripir.



## WOK - panna
Eðal panna sem er ómissandi fyrir þá sem hafa prófað einu sinni.



## Mæliskálar
**Mæliskálar** úr stáli, eldhúsprýði sem endist.



## Eldhúskrukkur
Allt á sinn stað í eldhúsinu.



## Straubretti
Brettin eru öll með skrautlegu áklæði og með mismunandi palli fyrir mismunandi straujárn.



## Sterk eldhúsáhöld
Ostaskeri, hvítlaukspressa, pizzuhnífur, þeytari eða dósaopnari, allt á sínum stað í eldhúsinu.



## Tappatogarar í mörgum litum



## Stafrænar eldhúsvogir
Ómissandi gæðagripir og sannkölluð eldhúsprýði. Til í nokkrum litum.



## Eldhúsáhöld
Allt til alls.



## Hnífar, brýni og kubbar



## Brauðkassar
Hentugir og einstaklega smekklegir. Góð geymsla fyrir brauð og bakkelsi.



## Hnífapör
Maður kaupir hnífapör bara einu sinni.



ormsson.is

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

# ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

*OPIÐ VIRKA DAGA KL. 10-18*
*OG LAUGARDAGA KL. 11-15*

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR BYGG** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** | **TÆKNIBORG** | **OMNIS** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 |



**STUTT Í GRÍNIÐ** Leikarinn og sprelligosinn John Cleese var hress þegar hann mætti á sérstaka sýningu Monty Python and The Holy Grail á Tribeca-kvikmyndahátíðinni í New York.



**HVOR ER EKTA?** Stjörnukokkurinn Gordon Ramsey stillti sér upp með pappaútgáfu af sjálfum sér, þegar hann mætti á fagnað hjá Disney.



**BROSA!** Fyrirsætan Karlie Kloss og sjónvarpsstjarnan Martha Stewart brostu fyrir sína eigin myndavél, þegar þær mættu á gala-hátíð Time-tímaritsins, vegna vals á 100 áhrifamestu einstaklingum í heimi.

**EKKI ALLTAF FJÖR** Það tekur greinilega á að tala við viðskiptajöfra, því forsætisráðherra Breta, David Cameron, þurrkaði svitann af enninu þegar hann hélt fyrirlestur í fjármálahverfi London í vikunni.

# FJÖR HJÁ FRÆGUM

Líkt og áður var ekki lognmolla í heimi fræga fólksins þessa vikuna. Kvikmyndahátíðir, ráðstefnur og gala-kvöldverðir voru meðal þess sem stjörnurnar mættu á í þetta skiptið, og virtust þær, af myndunum að dæma, skemmta sér konunglega.



**ALLT Í PLATI** Uppistandarinn Amy Schumer sat fyrir í ansi óvenjulegum aðstæðum fyrir tímaritið Vanity Fair í vikunni, en hún stillti sér skemmtilega upp á sjúkrabörum.

**GÓÐ GRETTA** Leikarinn Chris Pratt flutti erindi sitt á tilkomumikinn hátt á ráðstefnu á vegum Universal Pictures í Caesars Palace í Las Vegas.



**ALSÆLAR** Leikkonurnar Reese Witherspoon og Sofia Vergara gæddu sér á veitingum í þættinum Despierta America þar sem þær kynntu nýjustu mynd sína, Hot Pursuit.



**SÚPER-SELFIE** Leikararnir Michael B. Jordan, Kate Mara og Jamie Bell smelltu í þessa grettnu sjálfsmynd á hátíðarkvöldverði í Caesars Palace í Las Vegas í vikunni.

# DEBENHAMS

# CLINIQUE

## Clinique dagar í Debenhams 30. apríl – 6. maí

### Glæsilegur kaupauki fylgir ef keyptar eru vörur frá Clinique fyrir 6.900 kr. eða meira*

**Kaupaukinn inniheldur:**

- Take the day off - augnfarðahreinsi 50 ml
- 7 day scrub - kornaskrúbb 30 ml
- Superdefense spf 20 - dagkrem
- All about eye shadow - 2 augnskugga
- High impact maskara - svartan maskara
- Cubby stick intense - varagljáa með lit
- Fallega snyrtibuddu

*meðan birgðir endast






**Sonic System**
**Purifying Brush**
Góð byrjun á frísklegri húð
og lykill að fallegri förðun.

CLINIQUE
Ofnæmisprófað. 100% ilmefnalaust.

Finndu okkur á facebook

*Gerðu lífið skemmtilegra*

**DEBENHAMS – SMÁRALIND**
**KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR**

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ



Sýningartímar á eMiði.is og miði.is

LAUGARÁSBÍÓ Coca-Cola



| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
| --- | --- |
| AGE OF ADALINE | 5:40, 8, 10:20 |
| AVENGERS 2 3D | 7, 10 |
| MALL COP 2 | 8 |
| ÁSTRÍKUR 2D | 6 |
| FAST & FURIOUS 7 | 10 |

SAMBÍÓIN




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
| --- | --- |
| THE WATER DIVINER | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| AVENGERS 2 3D | KL. 5 - 7 - 8 - 10 - 11 |
| AVENGERS 2 VIP 2D | KL. 5 - 8 - 11 |
| CHILD 44 | KL. 5 - 8 - 11 |
| RUN ALL NIGHT | KL. 10:20 |
| GET HARD | KL. 8 |
| INSURGENT | KL. 5:30 |
| **SAMBÍÓIN EGILSHÖLL** | |
| THE WATER DIVINER | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| AVENGERS 2 3D | KL. 5 - 8 - 11 |
| AVENGERS 2 2D | KL. 6 - 9 |
| CHILD 44 | KL. 10:30 |
| RUN ALL NIGHT | KL. 8 |
| GET HARD | KL. 5:40 |
| **SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** | NÚMERUÐ SÆTI |
| THE WATER DIVINER | KL. 5:30 - 8 |
| AVENGERS 2 2D | KL. 5 - 6 - 8 - 9 - 11 |
| CHILD 44 | KL. 10:25 |
| **SAMBÍÓIN KEFLAVÍK** | |
| AVENGERS 2 2D | KL. 9 |
| **SAMBÍÓIN AKUREYRI** | |
| THE WATER DIVINER | KL. 8 |
| AVENGERS 2 3D | KL. 5 - 8 - 11 |
| AVENGERS 2 2D | KL. 7 - 10 |

SAMbio.is

# Harmsaga um pitsu

**BAKPANKAR**
Atla Fannars Bjarkasonar



Pitsa er uppáhaldsmaturinn minn. Mér finnst gott að borða alls konar mat. Kalkúnninn á áramótunum er æði, grillað nautaribeye er ómótstæðilegt og humar með vænum slurki af hvítlauk veitir mér nautn sem er hársbreidd frá því að vera kynferðisleg. Allt þetta bliknar þó í samanburði við pitsu með pepperóní og góðum osti.

**EF ÞAÐ** væri ekki beinlínis hættulegt myndi ég borða pitsu á hverjum degi. Þegar ég hugsa hvað ég eigi að fá mér í hádegismat hugsa ég alltaf fyrst um pitsu. Hefst þá einhvers konar réttlætingarferli sem endar á því að ég sannfæri sjálfan mig um að pitsan sem ég fæ á laugardaginn verði svo góð að ég geti vel sætt mig við fisk í þessu miðvikudagshádegi.

**ÉG BORÐA** nefnilega bara pitsu einu sinni í viku. Mesta lagi tvisvar og oftar á meðan úrslitakeppnin í körfuboltanum stendur yfir. Ég vil að það sé athöfn að borða pitsu. Ég vil njóta þess í hvert skipti. Ég vil helst vera heima, á rólegu kvöldi og geta valið um tvær pitsur. Þær verða helst að vera ólíkar og bjóða upp sitthvora unaðslega upplifunina.

**ÞAÐ VAR** svo um daginn að ég fékk tækifæri til að fá fría pitsu í hverri viku í heilt ár. Ég var staddur á leik KR og Tindastóls í úrslitakeppninni í Domino's-deild karla í körfubolta þegar ég greip hinn svokallaða Domino's-bolta. Málið er að mér fannst ég vita að ég myndi grípa þennan bolta á þessum leik. Þess vegna var ég búinn að æfa skotið frá miðju, sem maður þarf að hitta úr til að vinna, á körfuboltaæfingu í sömu viku.

**ÞEGAR** á hólminn var komið gleymdi ég öllu sem ég hafði æft. Tindastóll var að tapa og ég því dapur, stúkan var full og ég misreiknaði skotið fullkomlega – dúndraði boltanum í spjaldið og missti af tækifæri lífs míns. Lærdómur þessarar harmsögu er enginn og ég var óhuggandi. Þangað til ég beit í næstu sneið.

# Dove hristir upp í landanum

Snyrtivörurisinn Dove fór af stað með nýja herferð hér á landi í gær. Má með sanni segja að Twitter hafi farið á flug þar sem jafnréttisþenkjandi kanónur skiptust í tvo hópa og kepptust við lofa eða lasta útspilið.

Ólík sjónarhorn mættust á samskiptamiðlum í gær og þá sérstaklega á Twitter þar sem herferðin var annars vegar lofuð í hástert og talin þörf áminning út í samfélagið, á meðan aðrir töldu að um sannkallaðan úlf í sauðargæru væri að ræða.

Megininntak herferðarinnar er að benda konum á að allar séu þær fallegar, burtséð frá stærðarhlutföllum eða fjölda misfella á líkamanum.

Bornar voru saman upplifanir sjö ára stúlkna og háskólanema varðandi sundferðir og má með sanni segja að munur hafi verið þar á.

Á meðan yngri hópurinn hafði mestar áhyggjur af að fá rúsínufingur af langri sundferð var þeim eldri umhugað um of stór læri eða hvers kyns ólögulegheit á sundlaugarbakkanum.

Fréttablaðið tók þær Maríu Lilju Þrastardóttur fjölmiðlakonu og Þóru Tómasdóttur kvikmyndagerðarkonu tali og fékk að kynnast ólíkum skoðunum þessara skeleggu kvenna á herferðinni.

**Tveir pólar**

María Lilja segir sér ekki hugnast svona aðferðir: „Það skýtur náttúrulega skökku við þegar stórfyrirtæki sem makar krókinn á útlitskomplexum fer að selja vörurnar sínar undir formerkjum baráttunnar.“ Hún bendir á að hér sé um að ræða fyrirtæki sem beinlínis hagnist á hlutgervingunni og því sé aldeilis eitthvað bogið út á taka hinn pólinn. „Ef þeir ætluðu sér raunverulega að bæta sjálfsmyndir kvenna myndu þeir ekki vera að bæta þessari fegrunarlínu sinni inn í lok myndbandsins,“ segir María Lilja.

Þóra er annarrar skoðunar. „Mér hefur fundist Dove skera sig úr í flóru snyrtivöruframleiðenda sem auglýsa fótósjoppaðar konur, sem ekki eru til í alvörunni. Það er frábært framtak, og skref í átt að nútímanum, að þora að leggja það á heimsbyggðina að sýna hvernig konur eru vaxnar og óþarfi að skjóta það í kaf,“ segir hún og bætir jafnframt við að hún þekki eignarhald Dove ekki neitt. Þóra segir ekki veita af að sýna unglingsstúlkum að þær megi hætta í megrun og bendir á að ef þau skilaboð komi frá Dove, þá sé það einfaldlega gott mál.

„Ég skil gagnrýnina, fyrirtæki eiga ekki að kaupa sér ímyndir, en ef við eigum á annað borð að kryfja auglýsingar snyrtivöruframleiðenda þá myndi ég beina fókusnum í aðra átt,“ segir hún að lokum.

gudrun@frettabladid.is



„Það er frábært framtak, og skref í átt að nútímanum, að þora að leggja það á heimsbyggðina að sýna hvernig konur eru vaxnar og óþarfi að skjóta það í kaf

*Þóra Tómasdóttir*



„Það skýtur náttúrulega skökku við þegar stórfyrirtæki sem makar krókinn á útlitskomplexum fer að selja vörurnar sínar undir formerkjum baráttunnar.

*María Lilja Þrastardóttir*







# Hárið stelur senunni

Kit Harington sem leikur í The Game of Thrones er orðinn hundleiður á spurningum um hárið á sér.

Kit Harington, ein aðalstjarna þáttanna The Game of Thrones sem hafa farið sannkallaða sigurför um heiminn, segist orðinn langþreyttur á tíðum spurningum sem snúa að hárinu á honum.

Harington skartar afar fallegu, þykku og voldugu svörtu hári sem margur öfundar hann af.

Segist kauði hafa fengið nóg af þeirri athygli sem hárið á honum fær, sem og útlit hans yfirhöfuð. Var það þáttarstjórnandinn Nick Grimshaw, á BBC, sem fékk leikarann til að opna sig svona á dögunum.

„Mér þykir dásamlegt að fá að heyra hve fallegur ég er.

Harington lét dæluna ganga og sagðist finna mikið fyrir að athyglin færi óþarflega oft á hve glæsilegur hann væri í stað leiklistarhæfileika hans. „Ekki misskilja mig,“ sagði hann, „mér þykir dásamlegt að fá að heyra hve fallegur ég er. En þetta getur truflað mann. Mér finnst ég ekki alveg svona fallegur.“



**FLOTTUR** Harington er frábær í hlutverki Jon Snow.

FRÉTTABLAÐIÐ/NORDICPHOTOS




BÍÓ ★ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

| | | | |
| --- | --- | --- | --- |
| Wild tales | 17.30 | Black coal, thin ice | 22.20 |
| Gullsandur | 18.00 | The grump | 20.00 |
| Citizenfour | 18.00 | Stations of the cross | 22.10 |
| Blind | 18.00, 20.10 | Whiplash | 22.00 |




Barnaheill
Save the Children á Íslandi



# LAGER HREINSUN

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
í 27 ár
1988 - 2015

## ALLUR FATNAÐUR OG ÆFINGATÆKI

# 25%-70%

## ÁSAMT VÖLDUM FÆÐUBÓTAREFNUM

**IRONGYM** dyraslár, armbeygjustandar og Ab Po Wheel

**25%-50%**



LifeFitness Æfingastöðvar og þrekhjól

**25-33%**



Allar dýnur og yogahandklæði

**25%**



JumpSport FITNESS TRAMPOLINE

**25-30%**



Æfingaboltar og nuddkefli

**25%**



Öll handlóð

**25%**



Allar ketibjöllur

**25%**



Öll Maximuscle fæðubótarefni

**25%**



**43-65%**

**ROPE YOGA** Frábært æfingatæki sem styrkir allan líkamann auðvelt í notkun

Rope Yoga ferðasett
**tilboðsverð kr. 9.960.-**
Rope Yoga bekkur (verð áður kr. 69.800.-)
**tilboðsverð kr. 39.995.-**
Rope Yoga bönd
**tilboðsverð kr. 6.998.-**



ROPE YOGA WORKOUT

**Under Armour fatnaður 50% afsl.**
**Hardtail fatnaður 50% afsl.**
**Hreysti hettupeysur og bolir 50-70% afsl.**

allt fyrir kroppinn
# HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
NETVERSLUN: WWW.HREYSTI.IS
Sendum um land allt.

## HRIKALEGT ÚRVAL
komdu og gerðu kaup ársins!

KORTER.IS








# FERSKASTI NAMMIBARINN



799 kr/pk

Jarðarber



399 kr/pk

Piccolo tómatar




Ný uppskera! Appelsínur Lane-Late afbrigði 3,5 kg.

999 kr/ks



499 kr/kg

Gulur kúrbítur




## Beemster

Heimsmeistari í ostum!




449 kr/pk
verð áður 599

TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa

## Mccain kartöflur

Sætar og Superquick




TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa

478 kr/pk
verð áður 589

## Chicago Town pizzur

2 teg. pepperoni og osta




Nýtt í Hagkaup

## Luscombe lífrænn drykkur

Með Silican sítrónum og madagascar vanillu.




Nýtt í Hagkaup

## Hnetu og ávaxtaálegg

Á brauðið, kexið eða bara í kökuna.




Nýtt í Hagkaup

## Nóa kropp með piparmyntu

Frábært inní sumarið

Gildir til 3. maí á meðan birgðir endast.




## NÆRINGARRÍKAR OG BRAGÐGÓÐAR
# VÖRUR FRÁ RUDE HEALTH

Vörurnar frá Rude Health samanstanda af hreinum náttúrulegum efnum og eru lausar við allan unninn sykur og erfðabreytt matvæli. Heiti varanna tengist gömlu ensku máltæki sem merkir að vera hress og líta hraustlega út. Það er tilvalið að byrja daginn með vörum frá Rude Health, sem býður upp á fjölbreytt úrval af múslí, granóla, hafragrautum og trefjaríku kexi.






# STEIKTAR KALKÚNALUNDIR Í HAFRAKRYDDHJÚP MEÐ SÆTKARTÖFLU- OG MANGÓSALATI *FYRIR 4*

800 g kalkúnalundir
80 g hafrar
1 msk paprikuduft
2 msk kórianderfræ (gróft möluð)
fínt rifinn börkur af 1 sítrónu
1 msk grófmalaður pipar
1 msk sjávarsalt
ólífuolía
100 g smjör

Þerrið kalkúnalundirnar vel með eldhúspappír. Blandið öllu hinu hráefninu nema smjörinu vel saman í fati. Veltið kalkúnalundunum upp úr blöndunni þar til þær eru hjúpaðar allan hringinn. Hitið pönnu með vel af ólífuolíu á og steikið kalkúnalundirnar á þeim í 1 ½ mín, bætið svo smjörinu út á og snúið þeim við á pönnunni og steikið í 1 ½ mín í viðbót og ausið smjörinu yfir þær á meðan. Setjið lundirnar í eldfast mót inn í 180°C heitan ofninn í 20 mín eða þar til þær hafa náð 74°C kjarnhita. Takið lundirnar úr ofninum, setjið álpappír yfir mótið og látið lundirnar jafna sig í 10 mín.

**Sætkartöflu- og mangósalat**
800 gr sætar kartöflur (skrældar)
1 poki grænkál (búið að taka stilkinn úr og skera gróft niður)
1 msk sojasósa
2 stk vorlaukar (fínt skorinn)
1 stk mangó (skrælt og skorið í kubba)
ólífuolía
sjávarsalt
svartur pipar úr kvörn

Skerið sætu kartöflurnar í kubba og veltið upp úr ólífuolíu og kryddið með salti og pipar. Setjið inn í 200°C heitan ofn í ca. 40 mín. Kælið síðan kartöflurnar. Hitið pönnu með ólífuolíu á og steikið grænkálið þar til það er farið að mýkjast, hellið svo sojasósunni yfir grænkálið meðan það er á pönnunni og kælið. Setjið vorlaukinn, mangóið, sætu kartöflurnar og grænkálið saman í skál og hellið dressingunni yfir. Smakkið til með salti og pipar.

**Dressing fyrir salat**
150 gr grísk jógúrt
1 msk sojasósa
1 tsk sambal oelek
1 tsk maple sýróp
safi úr ½ sítrónu
sjávarsalt

Blandið öllu hráefninu saman í skál.



















# MELTON MOWBRAY PORK PIE

Í Melton Mowbray Pork Pie er eingöngu notað ferskt breskt svínakjöt. Bökurnar eru bakaðar í ljúffengu degi samkvæmt gamalli hefð og eru án allra aukefna og transfitu. Bökurnar koma fulleldaðar og þarf aðeins að hita.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

## Spá Fréttablaðsins

PEPSI DEILDIN 2015

Hefst 3. maí

| | |
|---|---|
| 1. SÆTI ? | 7. Víkingur |
| 2. SÆTI ? | 8. Keflavík |
| 3. Stjarnan | 9. Fjölnir |
| 4. Breiðablik | 10. ÍA |
| 5. Fylkir | 11. ÍBV |
| 6. Valur | 12. Leiknir |

## STJARNAN HAFNAR Í 3. SÆTI

Garðbæingar verja ekki Íslandsmeistaratitilinn en verða með í toppbaráttunni og komast aftur í Evrópukeppnina. Stjörnumenn voru skynsamir á leikmannamarkaðnum og þegar allir eru heilir er byrjunarliðið sterkt, með sérstaklega hættulega framlínu. Það er meira spurningamerki yfir varnarleiknum auk þess sem Stjörnumenn stóla á marga unga menn í sínu liði.

## → Lykilmaðurinn í sumar

**Halldór Orri Björnsson** missti af meistaratímabilinu í fyrra eftir að hafa verið lykilmaður í Stjörnunni fimm ár í röð. Hann snýr nú til baka eftir eins árs dvöl í atvinnumennskunni í Svíþjóð og freistar þess að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið.

Halldór Orri skoraði 47 mörk í 106 leikjum í efstu deild, langoftast sem kantmaður, sem er magnaður árangur. Stjörnumenn þurfa á því að halda að hann verði í sínu besta formi í sumar og haldi áfram að skora og leggja upp mörk fyrir samherja sína.




## → Binni bjartsýni

**Bikarinn áfram í Garðabæ**

Við fylltum í skörðin, erum með bestu stuðningsmennina, besta þjálfarann og leikmenn sem geta unnið leiki upp á sitt einsdæmi. Hér spila menn með hjartanu.

## → Siggi svartsýni

**Erfitt að verja titilinn**

Það er miklu erfiðara að verja titilinn en að vinna hann, spyrjið bara öll önnur lið nema FH síðustu sautján árin.

## → Nýju andlitin

**Brynjar Gauti Guðjóns.** ÍBV
**Gunnar Nielsen** Skotland
**Halldór Orri Björnsson** Sví.
**Jeppe Hansen** Danmörk

**Fylgstu með þessum**

**Þórhallur Kári Knútsson**
Uppalinn strákur fæddur 1995 sem hefur verið lykilmaður í 2. flokk Stjörnunnar sem varð meistari síðustu tvö ár. Skoraði sigurmarkið gegn KR í Meistarakeppni KSÍ á dögunum.

**EINKUNNASPJALDIÐ** VÖRNIN ★★★★☆ SÓKNIN ★★★★☆ ÞJÁLFARINN ★★★★☆ BREIDDIN ★★★★☆ LIÐSSTYRKURINN ★★★★☆ HEFÐIN ★★★☆☆

**Gengið síðustu sex tímabil** | **2009** 7. sæti | **2010** 8. sæti | **2011** 4. sæti | **2012** 5. sæti | **2013** 3. sæti | **2014** 1. sæti • **Íslandsmeistari** 1 (2014) • **Bikarmeistari** Aldrei (úrslit 2012, 2013)

## ÚRSLIT

### UNDANKEPPNI EM 2016

**ÍSLAND - SERBÍA** 38-22 (16-10)

**Mörk Íslands (skot):** Guðjón Valur Sigurðsson 12/1 (16/2), Arnór Þór Gunnarsson 9/1 (11/2), Aron Pálmarsson 6 (10), Róbert Gunnarsson 5 (5), Vignir Svavarsson 2 (2), Ásgeir Örn Hallgrímsson 2 (5), Rúnar Kárason 1 (3), Snorri Steinn Guðjónsson 1 (3), Ólafur Guðmundsson (2),

**Varin skot:** Björgvin Páll Gústavsson 13 (34/1, 38%), Aron Rafn Eðvarðsson (1/1, 0%),

**Hraðaupphlaup:** 16 (Guðjón Valur 10, Arnór Þór 3, Vignir 2, Snorri Steinn 1).

**Mörk Serbíu (skot):** Mijajlo Marsenic 7 (7), Momir Ilic 3/1 (6/1), Nemanja Zelenovic 3 (7), Marko Vujin 3 (9), Nemanja Ilic 2 (2), Dalibor Cutura 1 (1), Ilija Abutovic 1 (1), Darko Djukic 1 (2), Rastko Stojkovic 1/1 (3/1).

**Varin skot:** Miroslav Kocic 11/2 (40/4, 28%), Dragan Marjanac (9, 0%). Hraðaupphlaup: 4.

### DOMINO'S-DEILD KARLA

**LOKAÚRSLIT, 4. LEIKUR**

**TINDASTÓLL - KR** 81-88 (39-40)

**Tindastóll:** Darrel Keith Lewis 37, Myron Dempsey 18/12 fráköst, Pétur Rúnar Birgisson 14/6 fráköst/8 stoðsendingar, Darrell Flake 4, Viðar Ágústsson 4, Helgi Rafn Viggósson 4.

**KR:** Michael Craion 24/9 fráköst/7 stoðsendingar, Pavel Ermolinskij 21/8 fráköst, Helgi Már Magnússon 15, Brynjar Þór Björnsson 13, Darri Hilmarsson 13, Finnur Atli Magnússon 2.

**KR vann úrslitaeinvígið 3-1.**

## Komast Fram og ÍBV í úrslit?

**HANDBOLTI** Fram og ÍBV geta tryggt sér sæti í lokaúrslitum Olís-deildar kvenna í kvöld þegar fjórði leikur undanúrslitanna fer fram.

Eyjakonur eru 2-1 yfir á móti deildar- og bikarmeisturum Gróttu og eru á heimavelli í kvöld. Grótta vann fyrsta leikinn með 11 mörkum en ÍBV getur unnið þriðja leikinn í röð í kvöld og sent Gróttuliðið í sumarfrí.

Framkonur eru 2-1 yfir á móti Stjörnunni en þurfa að sækja Garðabæjarkonur heim í Mýrina í kvöld. Heimaliðin hafa unnið þrjá fyrstu leikina.

Leikurinn í Eyjum hefst klukkan 18.00 en leikurinn í Garðabæ byrjar klukkan 19.30. **- óój**

# Vinnum vonandi miklu fleiri

KR-ingar eru Íslandsmeistarar annað árið í röð eftir 88-81 sigur á Tindastól í fjórða leiknum í Síkinu í gær. „Ég treysti öllum félögum mínum til að taka stór skot hvenær sem er," sagði fyrirliðinn Brynjar Þór.

**KÖRFUBOLTI** „Það er skemmtilegast að vinna titilinn á heimavelli, en þetta var alveg frábært enda magnaður leikur," sagði Helgi Már Magnússon, leikmaður KR, við Fréttablaðið eftir að KR-ingar tryggðu sér Íslandsmeistaratitilinn í körfubolta með 88-81 sigri á Tindastóli í fjórða leik liðanna í Síkinu í gærkvöldi.

Það var við hæfi að sjálf Fjallkonan skyldi afhenda dómurunum boltann fyrir leik því sannkölluð hátíðarstemning var í Síkinu í gær. Þar var slegist um hvert sæti og stemningin algjörlega rafmögnuð.

Svo virtist sem KR-ingar ætluðu að sökkva í Síkinu eins og svo mörg önnur lið í vetur þegar Tindastóll byrjaði seinni hálfleikinn með 10-0 spretti og komst níu stigum yfir, 49-40. Þar virtist allt á móti KR og allt féll með Stólunum. Allt stefndi í oddaleik á laugardaginn.

### Pavel fór á kostum í seinni

KR-liðið var þó ekki á þeim buxunum. Reynslan og sigurhefðin vó þungt, en Pavel Ermolinskij, sem skoraði átta stig að meðaltali í fyrstu þremur leikjunum, fór á kostum í seinni hálfleik og skoraði í heildina 21 stig auk þess sem hann tók átta fráköst.

„Ég treysti öllum félögum mínum til að taka stór skot hvenær sem er og það gerðu Pavel og Helgi Már. Þetta voru risastór skot undir lokin. Vá, hvað þetta er sætt," sagði Brynjar Þór Björnsson, stórskytta KR-liðið, sem skoraði 13 stig í leiknum.

### Fimmti titill Brynjars

Brynjar Þór er nú búinn að vinna fimm Íslandsmeistaratitla með KR og er á besta aldri. Hann er í besta liði landsins og ekki loku fyrir það skotið að KR-liðið verði áfram í titilbaráttunni næstu árin. Enginn hefur unnið fleiri Íslandsmeistaratitla en Teitur Örlygsson, tíu talsins, en Brynjar er á leiðinni.

### Að vinna tíu eins og Teitur

„Það yrði rosalegt. Þegar maður var að byrja í þessu hugsaði maður hversu skemmtilegt það yrði að vinna tíu eins og Teitur en manni datt ekki í hug það gæti gerst. En nú er aldrei að vita," sagði Brynjar Þór við Fréttablaðið.

Stólarnir geta gengið sáttir frá borði. Nýliðarnir voru frábærir í vetur en uppskeran rýr þegar horft er á titlana. Enginn bikar vannst, en framtíðin er björt hjá Stólunum sem eru Íslandmeistarar í unglingaflokki. Þar spila strákar eins og Pétur Rúnar, Ingvi Rafn og Viðar sem allir hafa verið í stórum hlutverkum í vetur.

### Enginn saddur í Vesturbænum

Reynsla, breidd og gæði KR-liðsins vó þungt í einvíginu og eiga Íslandsmeistararnir hrós skilið fyrir hvernig þeir létu Síkið ekki hafa of mikil áhrif á sig í gærkvöldi.

„Þeir sungu að við ættum enga stuðningsmenn en mér sýnist okkar fólk sem mætti hér í kvöld hafa troðið því ofan í þá," sagði Brynjar Þór og horfði á sitt fólk sem faðmaði, kyssti og jafnvel tæklaði leikmenn KR í gólfið til að fá myndir af sér með þeim.

Erfitt er að sjá KR-liðið tætast í sundur nema einhverjir fái tækifæri í atvinnumennsku. Í Vesturbænum eru menn langt frá því að vera saddir.

„Vonandi vinnum við bara miklu fleiri. Aðalmálið er að halda kjarnanum í liðinu. Það gerðum við núna og því gengur svona vel. Svo er bara að bæta við sig. Næsta mál á dagskrá er að vinna bikarinn líka. Það hefur ekki gengið nógu vel," sagði Darri Hilmarsson.

**tomas@365.is**



**ANNAÐ ÁRIÐ Í RÖÐ HJÁ VESTURBÆINGUM** Michael Craion, besti leikmaður lokaúrslitanna 2015, fagnar hér Íslandsmeistaratitlinum í Síkinu í gærkvöldi ásamt stuðningsmönnum KR-liðsins sem mættu á Krókinn. Með honum er Helgi Már Magnússon og í stúkunni má sjá kappa eins og Fannar Ólafsson, Skarphéðinn Frey Ingason og Guðmund Magnússon. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN NÍELSSON

Glös fyrir stór og smá tilefni



Hjá Fastus fæst mikið úrval af glösum fyrir stóra og litla veitingastaði. Komið í verslun okkar að Síðumúla 16 og látið fagmenn hjálpa ykkur að velja réttu glösin.

FASTUS

Veit á vandaða lausn

Síðumúli 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | www.fastus.is

Verslun opin mán - fös 8.30 - 17.00

# Velkomnir aftur, strákar

Strákarnir okkar buðu til veislu í sextán marka sigri á Serbíu í Höllinni í gær

**HANDBOLTI** Eftir talsverða niðursveiflu síðasta rúma árið þá stigu Strákarnir okkar eins og við þekkjum þá aftur út á fjalir Laugardalshallar. Serbía lenti undir íslensku hraðlestinni sem vann ótrúlegan sextán marka sigur, 38-22.

Með viljann að vopni og sjálfstraustið í botni hreinlega keyrðu strákarnir yfir Serbíu frá fyrstu mínútu. Komust í 8-1, misstu það niður í tvö mörk, 9-7, en gáfu þá bara aftur í og litu aldrei til baka. 16-10 í hálfleik og síðan var gefið í botn og keyrt yfir andstæðinginn í seinni hálfleik. Einhver besta frammistaða sem liðið hefur sýnt í nokkur ár. Þetta geta strákarnir og þeir vita það manna best.

„Það small eiginlega allt frá byrjun og það gerir allt auðveldara. Þetta var frábær frammistaða, sama hvar drepið er niður fæti," sagði brosmildur landsliðsfyrirliði, Guðjón Valur Sigurðsson, en hann fór algjörlega á kostum. Skoraði tólf mörk í leiknum og þar af tíu úr hraðaupphlaupum.

„Við vorum með svör við öllu og sundurspiluðum þá. Okkur hefur liðið vel og stemningin góð þó svo spilamennskan hafi verið slæm upp á síðkastið. Það er leiðinlegt að spila illa. Við þykjumst vita hvað hefur verið að og það hefur tekið tíma að laga það. Vonandi höldum við áfram svona þó svo ég sé nú ekki að gera ráð fyrir að vinna Serbíu á útivelli með sextán mörkum."

Guðjón segir að það hafi verið lífsnauðsynlegt að ná í þessi stig og ofan á þetta verði að byggja. Eftir erfitt gengi segir hann afar ljúft að hafa náð að sýna aftur hvað liðið getur.

„Við höfum verið að spila langt fyrir neðan okkar getu og það hefur nagað alla inn að beini. Það detta nokkur kíló af öxlunum í kvöld. Nú fer ég og gef strákunum pitsu," sagði fyrirliðinn og brosti allan hringinn. **- hbg**



**GÓÐ BYRJUN HJÁ ÓLAFI** Guðjón Valur ræðir málin við nýja aðstoðarþjálfara liðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

THULE® SWEDEN

# Skíðabox og skíðabogar




Fást í verslun okkar að Bíldshöfða 10

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | stilling.is | stilling@stilling.is

# Ein stór hamingjusöm fjölskylda

Systurnar Gunnhildur og Berglind Gunnarsdætur léku stórt hlutverk í að tryggja kvennaliði Snæfells Íslandsmeistaratitilinn annað árið í röð. Gunnhildur átti frábært tímabil í endurkomu sinni í Hólminn og gerir tilkall til að vera kosin leikmaður ársins.

Óskar Ó Jónsson
ooj@frettabladid.is



**KÖRFUBOLTI** Gunnhildur Gunnarsdóttir sneri aftur heim í Stykkishólm fyrir þetta tímabil og upplifði á mánudagskvöldið langþráðan draum um að verða Íslandsmeistari í fyrsta sinn.

„Þetta er eiginlega það besta sem ég veit um hingað til. Ég var búin að vinna bikarmeistaratitilinn með Haukum í fyrra og það var líka mjög gaman, en að vera heima og með allan þennan fjölda í stúkunni og með alla fjölskylduna í kringum mig, það var bara geggjað,“ segir Gunnhildur.

Gunnhildur átti mjög góðan leik í lokaleiknum, sinn besta í úrslitakeppninni, og hann kom á hárréttum tíma fyrir liðið. Þristarnir fjórir og stigin 17 komu sér vel í dramatískum eins stigs sigri.

### Ætlaði ekki að tapa þessu

„Ég var grjóthörð á því að ég ætlaði ekki að fara í fjórða leikinn í Keflavík og ætlaði bara að vinna þær. Það kannski sást á mér og skein örugglega úr andlitinu á mér strax eftir leikinn þegar ég rúllaði með boltann upp völlinn eftir að Alda var búin að verja síðasta skotið hjá Keflavík. Ég ætlaði ekki að tapa þessu,“ segir Gunnhildur.

Þetta var líka fullkomin endurkoma fyrir Gunnhildi sem átti sitt besta tímabil á ferlinum og hækkaði meðalskor sitt um þrjú stig frá því í fyrra.

„Það er mjög erfitt að fylla skarð Guðrúnar Gróu (Þorsteinsdóttur) með dugnaði og látum. Ég tel mig hafa átt mitt besta tímabil hingað til. Þetta er kannski mitt besta tímabil vegna þess að ég náði að skila framlagi í bæði vörn og sókn. Síðustu ár hefur ekki verið hægt að stóla á tíu plús stig frá mér af því að ég var ekki þannig leikmaður,“ segir Gunnhildur. Hún hafði tvisvar sinnum farið með Haukum í lokaúrslitin en tapað í bæði skiptin, fyrst á móti Njarðvík 2012 og svo á móti Snæfelli í fyrra.

Gunnhildur horfði á uppkomu síns félags úr fjarlægð en hún var í fjögur ár í Haukum á meðan hún stundaði nám í Reykjavík. Þegar hún yfirgaf Snæfell sumarið 2010 hafði liðið aldri unnið leik í úrslitakeppni.

### Aðeins níu ár síðan meistaraflokkurinn var stofnaður

„Það eru níu ár síðan við stofnuðum meistaraflokk og þá erum við sextán ára í 1. deildinni. Hver bjóst við því að Snæfell yrði Íslandsmeistari því við erum ekki að drukkna í leikmönnum fyrir vestan enda erum við bara ellefu hundruð manna samfélag. Þessi ár eru búin að vera frábær. Við höfum aldrei fallið úr deildinni eftir að við komum upp. Síðan hefur þetta bara farið upp á við og það gerði rosalega mikið fyrir liðið að fá Hildi heim,“ segir Gunnhildur.

Gunnhildur kom aftur heim í Hólminn fyrir þetta tímabil ásamt jafnöldru sinni, Maríu Björnsdóttir. Þær skoruðu 27 stig saman í lokaleiknum.

„María spilaði örugglega sinn allra besta leik á sínum ferli. Þetta var algjörlega leikurinn til að leggja fram allt sitt. Hún sagði einmitt við mig eftir leikinn: Vá, hvað ég er ánægð að við tókum þessa ákvörðun,“ segir Gunnhildur. Liðsheildin og samheldnin í liðinu er sterk og það var öllum ljóst að þar voru allir leikmenn liðsins að bakka hver annan upp í vörn sem sókn.

„Við María erum aldar upp í Stykkishólmi. Hólmurinn á því mikið í okkur. Það spilar líka inn í að liðið er fullt af heimastelpum sem eru tilbúnar að leggja allt á sig. Það hafa allir sína kosti og galla og þegar við tökum alla kostina saman þá erum við með hörkugott lið,“ segir Gunnhildur.

Gunnhildur hafði þó unnið titil í Hafnarfirðinum því hún varð bikarmeistari í fyrra eftir sigur á Snæfelli í bikarúrslitaleiknum. Systir hennar og núverandi liðsfélagar hefndu hins vegar fyrir það tap í lokaúrslitunum seinna um vorið.

### Einstaklega erfitt fyrir foreldrana

„Það var einstaklega erfitt og þá sérstaklega fyrir foreldra okkar sem þurftu að knúsa aðra af því að hún tapaði en svo fagna með hinni,“ segir Gunnhildur. Nú börðust systurnar loksins hlið við hlið. Foreldrarnir gátu því loksins haldið hundrað prósent með sama liðinu.

„Fyrir mig var ótrúlegt að spila í úrslitunum í fyrra og miklu erfiðara en á móti Njarðvík tveimur árum fyrr. Það var bara vegna þess að þú ert að spila á móti þínu uppeldisfélagi og þar sem þú ætlar þér að eiga heima í framtíðinni. Snæfellshjartað sló alltaf fast þótt Haukar hafi verið mín önnur fjölskylda,“ segir Gunnhildur.

Ingi Þór Steinþórsson, þjálfari Snæfells, kallar þær systur hrökkbrauðin í gríni en þær hafa verið óheppnar með meiðsli. Það er þó ekki hægt að kvarta yfir því að þær leggi ekki mikið á sig inni á vellinum heldur frekar að þær séu alltof ósérhlífnar og að þær fórni sér alltof mikið. Berglind fór til dæmis tvisvar úr axlarlið í úrslitakeppninni en missti bara úr einn leik.

### Berglind er meira hörkutól

„Ég vil nú meina að Berglind sé meira hörkutól heldur en ég. Ég fékk stundum í magann þegar hún fór upp í frákcöst nýbúin að detta úr axlarlið. Við ætluðum bara að vinna og þá leggur þú allt á þig og svo getur þú bara hvílt þig,“ segir Gunnhildur.

Hildur Sigurðardóttir kvaddi Snæfellsliðið eftir sigurinn á mánudaginn og ætlar að leggja skóna á hilluna alveg eins og Alda Leif Jónsdóttir. Reynsla þeirra var ómetanleg í úrslitaleikjunum en nú fellur meiri ábyrgð á Gunnhildi sem er líklegur fyrirliðakandídat á næsta tímabili.

„Að spila með þessum reynsluboltum eins og Öldu og Hildi er það sem allir ættu að upplifa. Það sýndi sig alveg í þessum leikjum að reynslan vó rosalega þungt. Hildur stjórnaði okkur út í eitt og sá alveg um það. Reynslan sem Alda kom með inn, og þá sérstaklega í síðasta leikinn þegar hún setti niður þristana sína, gerði rosalega mikið fyrir okkur. Við vorum með tvo reynslubolta í okkar liði sem héldu hausnum á okkur reynsluminni við verkefnið,“ segir Gunnhildur en trúir hún að Hildur sé hætt?

### Frábær ákvörðun hjá henni

„Já, ég held að hún sé að hætta. Ég held að hún sé sátt við sig. Ég er ekki viss um að það sé hægt að hætta á betri tíma. Auðvitað hefði verið fínt að fá bikarmeistaratitilinn líka en ég held að þetta sé frábær ákvörðun hjá henni sem kemur frá hjartanu. Ég skal samt spila með henni á næsta ári ef hún ætlar ekki að setja skóna upp á hillu,“ segir Gunnhildur hlæjandi.

En hvernig er það að vera nýkrýndur Íslandsmeistari með Snæfelli? „Best í heimi. Það eiga allir hrós skilið í liðinu og kringum liðið, þeir sem styðja okkur. Þetta er bara geggjað. Við erum bara ein stór hamingjusöm fjölskylda í Hólminum,“ segir Gunnhildur að lokum.

## TVÍSKIPT ÍSLANDSMEISTARALIÐ HJÁ SNÆFELLI Í VETUR

Íslandsmeistaralið Snæfells æfir við mjög sérstakar aðstæður því hluti liðsins býr í Reykjavík og þær stelpur fengu að æfa með 1. deildarliði Stjörnunnar í vetur. Í stað þess að yfirgefa Snæfellsliðið og fara í lið á höfuðborgarsvæðinu fundu Snæfellingar leið til þess að þær gætu spilað áfram með „sínu“ liði.

„Við getum haft lið af því að við getum gert þetta svona. Það er best að þetta er búið að vera svona í tvö ár og Snæfell hefur orðið Íslandsmeistari bæði tímabilin. Þetta virkar greinilega en auðvitað vill maður hafa sem flesta leikmenn heima,“ segir Gunnhildur Gunnarsdóttir.

„Við vorum ekki að æfa saman oft í viku og jafnvel bara einu sinni, daginn fyrir leik,“ segir Gunnhildur en það voru strákar úr 8. og 9. bekk sem komu til bjargar.

„Þeir eiga hrós skilið fyrir að hafa leyft okkur að berja þá aðeins niður. Þeir eru líka búnir að bæta sig þvílíkt mikið síðan í haust sem er kannski ekkert skrítið. Þeir eiga hrós skilið fyrir að hafa nennt að mæta á hverja einustu æfingu til að sjá til þess að við gætum spilað fimm á fimm,“ segir Gunnhildur en strákarnir létu ekki þar við sitja heldur studdu vel við bakið á stelpunum í stúkunni þegar þær tryggðu sér titilinn.



**SAMEINAÐIR MEISTARAR** Gunnhildur og Berglind Gunnarsdætur unnu titil með sitthvoru liðinu í fyrra en hér eru þær með Íslandsmeistarabikarinn sem þær unnu með Snæfelli á mánudagskvöldið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKARÓ







## Love úr axlarlið og úr leik en ekki Berglind

Berglind Gunnarsdóttir varð Íslandsmeistari með Snæfelli annað árið í röð en hún sýndi hetjulega frammistöðu í úrslitakeppninni með því að halda áfram að spila af fullum krafti þrátt fyrir að fara tvisvar úr axlarlið.

„Hún Berglind er algjört hörkutól og það er örugglega fullt af leikmönnum sem hefðu flaggað hvíta fánanum og gefist upp. Hún var með okkur í þessu og hennar varnarframlag á Carmen í byrjun leikja var rosalega mikilvægt. Við vissum það að ef við næðum að komast inn í hausinn á Kananum þá ættum við meiri möguleika á því að halda henni niðri. Berglind bara teipaði sig og gerði það sem þurfti,“ segir systir hennar, Gunnhildur Gunnarsdóttir.

„Þú vælir ekkert yfir hné í læri þegar þú veist að systir þín er farin úr axlarlið,“ segir Gunnhildur. Kevin Love, leikmaður Cleveland Cavaliers, fór úr axlarlið í úrslitakeppni NBA-deildarinnar á dögunum og mun væntanlega ekki leika meira með liðinu í úrslitakeppninni. Berglind missti aftur á móti bara af einum leik þrátt fyrir að fara úr axlarlið í bæði leik eitt í undanúrslitunum og í lokaúrslitunum. Mikilvægi Berglindar sést kannski best á því að eini tapleikur Snæfellsliðsins var leikurinn þar sem hennar naut ekki við.

# 1. MAÍ HÓPKEYRSLA



## Allir velkomnir!



# DAGSKRÁ



20:50
**MATARGLEÐI EVU**
Fróðleg og freistandi þáttaröð þar sem Eva Laufey Hermannsdóttir leggur ríka áherslu að elda góðan og fjölbreyttan mat frá grunni. Í þessum þætti er lögð áhersla á litríkt og bragðmikið hráefni, sumarið er komið og því ber að fagna! Girnilegt grænmetislasagna, létt hrásalat og súkkulaðihjúpaðir ávextir í melónuskál.

FRÁBÆR
FIMMTUDAGUR
Fáðu þér áskrift á 365.is
365



20:55
**THE MENTALIST**
Patrick Jane er sjálfstætt starfandi ráðgjafi FBI og notar skyggnigáfu sína við lausn á erfiðum og flóknum sakamálum.



21:40
**THE BLACKLIST**
Önnur þáttaröðin með James Spader í hlutverki eins eftirlýstasta glæpamanns heims, Raymond Red Reddington.



22:25
**THE FOLLOWING**
Þriðja þáttaröðin um fjöldamorðingjann, Joe Carroll og lögreglumanninn, Ryan Hardy. Hörkuspennandi þættir.



21:00
**BROADCHURCH**
Magnþrungnir spennuþættir þar sem fylgst er með störfum rannsóknarlögreglufulltrúanna, Alec Hardy og Ellie Miller.



22:00
**BABY ON BOARD**
Skemmtileg gamanmynd með Heather Graham og Jerry O'Connell í aðalhlutverkum.



19:00
**ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM**
Stórskemmtileg bíómynd um þá félaga, Ástrík og Steinrík.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. Nánari upplýsingar á 365.is

## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**07.45** **iCarly.**
**08.05** **The Middle**
**08.30** **Masterchef USA**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Doctors**
**10.15** **60 mínútur**
**11.00** **It's Love, Actually**
**11.25** **Jamie's 30 Minute Meals**
**11.50** **Cougar Town**
**12.10** **Enlightened**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Dolphin Tale**
**14.55** **The O.C**
**15.40** **Ninja-skjaldbökurnar**
**16.05** **iCarly**
**16.30** **Tommi og Jenni**
**16.50** **Up All Night**
**17.15** **Bold and the Beautiful**
**17.40** **Nágrannar**
**18.05** **Simpson-fjölskyldan**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.47** **Íþróttir**
**18.55** **Ísland í dag**
**19.50** **Fóstbræður**
**20.15** **Anger Management** Þriðja syrpa þessara skemmtilegu gamanþátta með Charlie Sheen í aðalhlutverki og fjallar um Charlie Goodson, sem er skikkaður til að leita sér aðstoðar eftir að hafa gengið í skrokk á kærasta fyrrverandi eiginkonu sinnar.
**20.40** **Matargleði Evu.**
**21.05** **The Mentalist**
**21.50** **The Blacklist** Önnur spennuþáttaröðin með James Spader í hlutverki hins magnaða Raymonds Reddington eða Red, sem var efstur á lista yfir eftirlýsta glæpamenn hjá bandarískum yfirvöldum. Hann gaf sig fram og bauðst til að aðstoða FBI við að hafa hendur í hári glæpamanna og hryðjuverkamanna með því skilyrði að hann fengi að vinna með ungum nýliða innan FBI, Elizabeth Keen.
**22.35** **The Following**
**23.20** **Crimes That Shook Britain**
**00.10** **Better Call Saul** Glæný og fersk þáttaröð um Saul Goodman sem er best þekktur sem lögfræðingur Walters White í þáttaröðinni Breaking Bad. Í þessum þáttum fáum við að kynnast Saul betur, uppvexti hans og hvaða aðstæður urðu til þess að hann endaði sem verjandi glæpamanna eins og Walters.
**00.55** **Mad Men**
**01.40** **Frozen Ground**
**03.20** **Only God Forgives**
**04.45** **Fóstbræður**
**05.15** **The Vow**

## SPORT *besta sætið*

**07.00** **Real Madrid - Almeria**
**08.40** **Tindastóll - KR.**
**11.10** **Snæfell - Keflavík**
**12.30** **Meistarad. - Meistaramörk**
**13.00** **Zenit - Sevilla**
**14.45** **Evrópudeildarmörkin**
**15.35** **Goðsagnir - Ingi Björn**
**16.05** **Barcelona - Getafe**
**17.45** **Real Madrid - Almeria**
**19.25** **Tindastóll - KR**
**21.00** **Pepsídeildin 2015 - Upphitun**
**22.45** **UFC 186. Johnson vs. Horiguchi**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00** **Leicester - Chelsea**
**10.10** **Southampton - Tottenham**
**11.55** **Crystal Palace - Hull**
**13.40** **Messan**
**14.50** **Stoke - Sunderland**
**16.40** **Everton - Man. Utd.**
**18.20** **Leicester - Chelsea**
**20.00** **Premier League World**
**20.30** **Man. City - Aston Villa**
**22.15** **Bournemouth - Bolton**
**00.00** **Football League Show**
**00.30** **Premier League Review**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing á Vestfjörðum **21.00** Auðlindakistan **21.30** Suðurnesjamagasín

## STÖÐ 3

**18.50** **Community**
**19.15** **Last Man Standing**
**19.35** **Hot in Cleveland.**
**20.00** **American Idol**
**21.25** **Supernatural** Sjöunda syrpan af yfirnáttúrulegu spennuþáttunum um Winchester-bræðurna sem halda ótrauðir áfram baráttu sinni við yfirnáttúrulegar furðuskepnur. Englar og djöflar eru hluti af daglegu lífi bræðranna og í fjórðu þáttaröðinni þurfa þeir einnig að gera upp nokkur mál sín á milli.
**22.10** **The Lottery**
**22.55** **True Blood** Sjöunda þáttaröðin um gengilbeinuna Sookie Stackhouse, vampírurnar Bill Compton og Eric Northman sem hafa slegist um ástir hennar í smábænum Bon Temps í Louisiana þar sem menn, vampírur og aðrar skepnur búa saman, þó ekki alltaf í sátt og samlyndi.
**23.50** **Community**
**00.15** **Last Man Standing**
**00.35** **Hot in Cleveland**
**01.00** **American Idol**
**02.20** **Supernatural**
**03.00** **Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

## Krakkastöðin

**07.00** Strumparnir **07.25** Ævintýri Tinna **07.47** Latibær **08.00** Könnuðurinn Dóra **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Sumardalsmyllan **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveinsson **09.45** Tommi og Jenni **09.55** UKI **10.00** Kalli á þakinu **10.22** Ljóti andarunginn og ég **10.47** Víkingurinn Vic **11.00** Strumparnir **11.25** Ævintýri Tinna **11.47** Latibær **12.00** Könnuðurinn Dóra **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Sumardalsmyllan **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveinsson **13.45** Tommi og Jenni **13.55** UKI **14.00** Kalli á þakinu **14.22** Ljóti andarunginn og ég **14.47** Víkingurinn Vic **15.00** Strumparnir **15.25** Ævintýri Tinna **15.47** Latibær **16.00** Könnuðurinn Dóra **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Sumardalsmyllan **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveinsson **17.45** Tommi og Jenni **17.55** UKI **18.00** Kalli á þakinu **18.22** Ljóti andarunginn og ég **18.47** Víkingurinn Vic **19.00** Ástríkur á Ólympíuleikunum

## GULLSTÖÐIN

**18.20** **Friends**
**18.45** **Modern Family**
**19.05** **The New Girl**
**19.30** **The Big Bang Theory**
**19.50** **1600 Penn**
**20.15** **H8R**
**21.00** **Broadchurch** Önnur syrpan af þessum magnþrungnu spennuþáttum þar sem fylgst er með störfum rannsóknarlögreglufulltrúanna Alecs Hardy og Ellie Miller.
**21.50** **Ally McBeal**
**22.35** **Cold Feet**
**23.30** **Cold Feet**
**00.25** **1600 Penn**
**00.45** **H8R**
**01.30** **Broadchurch**
**02.15** **Ally McBeal**
**03.00** **Cold Feet.**
**03.55** **Cold Feet**
**04.45** **Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

## BÍÓSTÖÐIN

**11.50** **Drinking Buddies**
**13.20** **Mrs. Doubtfire**
**15.25** **The Decoy Bride**
**16.55** **Drinking Buddies**
**18.25** **Mrs. Doubtfire** Leikarinn Daniel Hilliard er ekki auðveldur í sambúð og svo fer að konan hans óskar eftir skilnaði. Daniel er ósáttur við hlutskipti sitt enda hefur eiginkonan fyrrverandi nú forræði yfir börnunum þremur.
**20.30** **The Decoy Bride**
**22.00** **Baby on Board**
**23.35** **The Details**
**01.15** **Gangster Squad**
**03.05** **Baby on Board**

## RÚV

**16.00** **Matador**
**17.20** **Stundin okkar**
**17.45** **Kungfú Panda**
**18.07** **Nína Pataló**
**18.15** **Táknmálsfréttir**
**18.25** **Íþróttagreinin mín – Taekwondo** Norsk heimildarþáttaröð um ungt fólk og óvenjulegar íþróttir sem það stundar.
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.30** **Veðurfréttir**
**19.35** **Kastljós**
**20.05** **Úrslitakeppni Olísdeildarinnar í handbolta** Bein útsending frá seinni hálfleik í fjórða leik Stjörnunnar og Fram í undanúrslitum Olísdeildar kvenna í handbolta.
**21.05** **Fortitude**
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **Glæpahneigð** Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna. Meðal leikenda eru Joe Mantegna, Thomas Gibson og Shemar Moore. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.05** **Heiðvirða konan**
**23.55** **Skáld í New York**
**01.10** **Kastljós**
**01.35** **Fréttir**
**01.50** **Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Everybody Loves Raymond**
**08.20** **Dr. Phil**
**09.00** **The Talk**
**09.45** **Pepsi MAX tónlist**
**13.40** **Cheers**
**14.05** **The Voice**
**15.35** **The Voice**
**16.20** **Black-ish**
**16.45** **The Odd Couple**
**17.05** **Survivor**
**17.50** **Dr. Phil**
**18.30** **The Talk**
**19.10** **Minute To Win It Ísland**
**19.55** **America's Funniest Home Videos**
**20.15** **Royal Pains**
**21.00** **Scandal**
**21.45** **American Crime** Bandarísk þáttaröð með úrvalsleikurum í öllum helstu hlutverkum. Ungt par verður fyrir hrottalegri árás í smábænum Modesto í Kaliforníu. Atvikið á eftir að draga dilk á eftir sér í þessu litla samfélagi og það er allt á suðupunkti.
**22.30** **Sex & the City**
**22.55** **Californication**
**23.25** **Law & Order**
**00.10** **Allegiance**
**00.55** **The Walking Dead**
**02.00** **Scandal**
**02.45** **American Crime**
**03.30** **Sex & the City**
**03.55** **Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.00** **PGA Tour**
**12.45** **Golfing World**
**13.35** **World Golf Championship**
**19.35** **Inside The PGA Tour**
**20.00** **World Golf Championship**

## HRINGBRAUT

**10.00** Mannamál **10.45** Heimsljós **11.15** 433.is **11.45** Eðaltónar **12.00** Mannamál **12.45** Heimsljós **13.15** 433.is **13.45** Eðaltónar **14.00** Mannamál **14.45** Heimsljós **15.15** 433.is **15.45** Eðaltónar **16.00** Mannamál **16.45** Heimsljós **17.15** 433.is **17.45** Eðaltónar **18.00** Mannamál **18.45** Heimsljós **19.15** 433.is **19.45** Eðaltónar **20.00** Þjóðbraut **21.00** Sjónarhorn **21.30** Lífsins List **22.00** Þjóðbraut **23.00** Sjónarhorn **23.30** Lífsins List

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# LAGER SALA

Við erum á Facebook!

NORTH ROCK

staðreynd GLÆNÝ og flott vara - TOPPgæði - hugsað fyrir íslenska veðráttu



100% fisléttir

DÚNJAKKAR - DÖMU & HERRA 15.500 KR
3.000 MM VATNSHELDNI 100% ANDARDÚNN



KULDAÚLPUR DÖMU & HERRA
10.000 KR BARNAÚLPUR 9.000 KR



frábærir í ALLA útivist!

VATNS- & VINDHELDIR GALLAR - DÖMU & HERRA
10.000 MM VATNSHELDNI 15.000 KR



mjúk, hlý og ALLTAF eins!

FLÍSPEYSA 4.000 KR
DÖMU-HERRA & BARNA



GRI-SPORT GÖNGUSKÓR
LEÐUR & GRITEX
12.000 KR



liprir...

POLLAGALLAR - ST.1-8 ÁRA
7.000 KR



VATNS- & VINDHELDIR GALLAR -ST.2-14 ÁRA
8.000 MM VATNSHELDNI 9.500 KR



fisléttar

LÉTTAR ÚLPUR/JAKKAR -ST.3-12 ÁRA
6.000 KR

# OPIÐ 1.MAÍ FRÁ KL 13-17

MERINOULL UNDIRFATNAÐUR - POLLAGALLAR Á FULLORÐNA - VETRARÚLPUR - FLÍSJAKKAR - FLÍSPEYSUR
HLAUPAFATNAÐUR - FATNAÐUR Í RÆKTINA - GÖNGUSKÓR - KULDASKÓR - ÚTIVISTARBUXUR - VINDJAKKAR

OPNUNAR TÍMI

30.APRÍL FIMMTUD. FRÁ KL.16-20
1.MAÍ FÖSTUD. FRÁ KL.13-17
2.MAÍ LAUGARD. FRÁ KL.13-17
3.MAÍ SUNNUD. FRÁ KL.13-17

Víkurhvarf 2 - Kópavogur
-sama hús og Fjölsmiðjan

## MORGUNMATURINN



**„Ég fæ mér yfirleitt ekki morgunmat nema á fimmtudögum. Þá er morgunverðarhlaðborð í vinnunni. Þar verður brauð með osti, grænmeti og einu eggi fyrir valinu. Egg þykja mér lostæti.“**

Steinunn Jónsdóttir, söngkona AmabAdamA



# Stórglæsileg á rauða dreglinum

Leikkonan Heiða Rún Sigurðardóttir var stórglæsileg á BAFTA Craft-sjónvarpsverðlaunahátíðinni.

Íslenska leikkonan Heiða Rún Sigurðardóttir, eða Heida Reed líkt og hún kallar sig ytra, mætti á BAFTA Craft-sjónvarpsverðlaunahátíðina sem haldin var síðastliðið sunnudagskvöld.

Heiða, sem hefur slegið í gegn í bresku sjónvarpsþáttaröðinni Poldark, bar af á rauða dreglinum, en hún var í dökkum síðkjól úr haust- og vetrarlínu breska hönnuðarins Georgia Hardinge.

Fjölmargar stjörnur hafa klæðst fatnaði frá Hardinge, meðal annars söngkonurnar Florence Welch úr Florence and the Machine, Jessie J, Jess Mills, Lady Gaga og Nicole Scherzinger. Meðal annarra stjarna á hátíðinni var Pirates of the Caribbean-leikarinn Mackenzie Crook og Britain's Got Talent-kynnirinn Anthony McPartlin.

Í þáttunum Poldark fer Heiða með hlutverk Elizabeth, sem er fyrrverandi ástkona aðalpersónunnar, hermannsins Ross Poldark, sem leikinn er af Aidan Turner.

- asi

➜ Heiða Rún klæddist dökkum síðkjól úr haust- og vetrarlínu breska hönnuðarins Georgia Hardinge.



**RÍSANDI STJARNA** Heiða hefur vakið mikla athygli í þáttunum Poldark.






# Rae Sremmurd leikur í Laugardalshöllinni

Bræðurnir í rappsveitinni Rae Sremmurd njóta gífurlegra vinsælda í Bandaríkjunum. Plata sveitarinnar, SremmLife náði efsta sæti á tveimur Billboard-listum. Margar stórar íslenskar hljómsveitir koma fram sama kvöld í Laugardalshöllinni.

„Okkur finnst rosalega gaman að geta flutt inn sveit sem er að springa út núna og nýtur gífurlegra vinsælda á heimsvísu,“ segir Ísleifur Þórhallsson, tónleikahaldari hjá Senu, sem flytur sveitina inn.

Rae Sremmurd er ákaflega vinsæl í heimalandi sínu og víðar í heiminum. Meðlimir sveitarinnar eru bræðurnir Khalif „Swae Lee“ Brown og Aaquil „Slim Jimmy“ Brown. Þeir hafa sent frá sér tvær smáskífur sem hafa gjörsamlega slegið í gegn. Myndbandið við lagið No Type hefur til að mynda verið spilað um 190 milljón sinnum í gegnum Youtube. Lagið No Flex Zone hefur einnig notið vinsælda; verið spilað í um 100 milljónir skipta á sömu síðu. Sveitin nýtur einnig vinsælda á tónlistarveitunni Spotify, þar sem lög hennar hafa verið spiluð í tugmilljónir skipta.



**VINSÆLIR** Bræðurnir í sveitinni eru gríðarlega vinsælir víða um heim. Hér má sjá Swae Lee troða upp á Woodie-hátíðinni, sem MTV heldur.



**SVALUR SLIM** Jimmy kann sitt fag. Rae Sremmurd nýtur fáheyrðra vinsælda á myndbands- og tónlistarveitum á netinu.

Breiðskífa sveitarinnar SremmLife var í efsta sæti á tveimur Billboard-listum, á Hip-hop-listanum annars vegar og RnB-listanum hins vegar. Nýjasta myndbandið sem sveitin sendi frá sér er við lagið Throw Sum Mo, en þar vinna bræðurnir með rappstjörnunni Nicki Minaj. Þeir hafa einnig unnið með upptökustjóranum Mike WiLL sem er mjög þekktur í rapp- og poppbransanum Vestanhafs og hefur unnið með listamönnum á borð Jay-Z, Miley Cyrus og Rihanna. Bræðurnir hafa einnig unnið með Óskarsverðlaunarapparanum Juicy J.

„Tónleikarnir verða 27. ágúst, sem er fimmtudagur. Þetta er frábær dagsetning og við ætlum að búa til frábæra stemningu,“ segir Ísleifur og bætir við: „Við munum búa til eins konar tónleikahátíð sem verður í eitt kvöld. Stórar íslenskar hljómsveitir munu spila sama kvöld. Við vitum að Rae Sremmurd er vinsæl hjá ungu kynslóðinni og erum ákaflega ánægð að geta veitt henni tækifæri á að fara á svona alvöru tónleika. Unga kynslóðin gleymist nefnilega stundum, því margir tónlistarmenn sem koma hingað höfða betur til þeirra eldri. En hérna erum við að fá sveit sem er að toppa núna og höfðar til ungs fólks. Við ætlum líka að stilla miðaverði í hóf, þannig að allir geti notið.“ kjartanatli@365.is

# Útlendingar keppast um miða

Ásgeir Trausti heldur tónleika í Hörpu 16. júní og keppast útlendingar um miða

Á Facebook-síðu Ásgeirs Trausta stendur yfir leikur, fyrir erlenda aðila, þar sem verðlaunin eru ekki af verri endanum. Ferð til Íslands, gisting á hóteli og tveir miðar á tónleikana. Viðbrögðin hafa vægast sagt verið frábær, en frestur til þess að skrá sig til leiks rennur einmitt út í dag. „Nú síðast þegar ég gáði höfðu rúmlega 14.200 manns skráð sig, eingöngu erlendir aðdáendur Ásgeirs,“ segir María Rut Reynisdóttir, umboðsmaður hans. Tilkynnt verður um sigurvegarann strax eftir helgina.

Nóg er um að vera hjá Ásgeiri Trausta og hljómsveit, en þeir halda til Ástralíu þann 5. maí. Þar koma þeir fram á fimm tónleikum með hljómsveitinni Alt J, sem einmitt er væntanleg hingað til lands í sumar. „Fyrstu tónleikarnir verða haldnir í Brisbane 8. maí, og verða frekar stórir, þar sem þeir eru haldnir á stórum íþróttaleikvangi,“ segir María og bætir við: „Ásgeir er mjög vinsæll í Ástralíu, og það verður mjög gaman að fara þangað, þótt ferðalagið sé gríðarlega langt.“



**VINSÆLL ANDFÆTIS** Ásgeir heldur í tónleikaferð til Ástralíu í næstu viku.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir svansi@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is


TOM HARDY
GARY OLDMAN
NOOMI RAPACE
JOEL KINNAMAN
PADDY CONSIDINE
WITH JASON CLARKE
AND VINCENT CASSEL
FROM PRODUCER RIDLEY SCOTT
★★★★★
A brave, slow-burn of a thriller
Total Film – James Mottram
CHILD 44
BASED ON THE INTERNATIONAL BEST SELLING NOVEL
WORLDVIEW
SCOTT FREE
CATCH THE KILLER EXPOSE THE TRUTH
KOMIN Í BÍÓ
EGILSHÖLL
SAMbio.is
KEFLAVÍK
AKUREYRI
KRINGLAN
ÁLFABAKKI



# PALLAEFNI

## FURA Alhefluð

| | |
|---|---|
| AB-gagnvarin, 22x95 mm. **185** kr./lm.* 0058254 | AB-gagnvarin, 45x95 mm. **295** kr./lm.* 0058504 |
| Gagnvarin Eco-grade, 27x95 mm. **185** kr./lm. 0058274 | AB-gagnvarin, 45x145 mm. **485** kr./lm.* 0058506 |
| AB-gagnvarin, 27x95 mm. **215** kr./lm.* 0058324 | A-gagnvarin, 95x95 mm. **715** kr./lm.* 0059954 |

REIKNIVÉLAR

Reiknaðu út efnismagn í girðinguna og pallinn á BYKO.is

VIÐ ÞJÓNUM ÞÉR

## LERKI

Alheflað 27x117 mm.
**595** kr./lm.
0053265

Alheflað 27x143 mm.
**785** kr./lm.
0053266

NÝ VARA
Rásað 27x117 mm.
**675** kr./lm.
0053275

NÝ VARA
Rásað 27x143 mm.
**795** kr./lm.
0053276

*4,5 m og styttra.



# GERUM ÞAÐ



BK KLÚBBTILBOÐ
**TRUBER malarskófla.**
**1.895** kr.
50657518 Almennt verð: 2.495 kr.

**Stunguskófla.**
**8.995** kr.
55600159



**Stórgreinaklippur.**
**1.995** kr.
68316410



**LUX handklippur.**
**1.495** kr.
68304136



**Hekkklippur, 56 cm.**
**1.995** kr.
55530028

Einhell
**EINHELL hekksnyrtir**
BG-CG, framlengjanlegt skaft. 3,6V lithium rafhlaða.
**7.995** kr.
74830030





5 KG

**Kartöfluútsæði, 5 kg.**
Premier eða gullauga.
**1.295** kr.
55095117-8



Einhell

BK KLÚBBTILBOÐ
**EINHELL hekkklippur** BG-EH 5747.
**7.995** kr.
74830004 Almennt verð: 9.995

**EINHELL hekkklippur** BG-EH 5747, 570W, klippibreidd 46,5 cm.

KLIPPIR ALLT AÐ 14 MM SVERAR GREINAR

Broil King



# 50% AFSLÁTTUR



OUTBACK



BK KLÚBBTILBOÐ
BROIL KING gasgrill GEM SUPER, 11,5 kW.
**39.995kr.**
50657518 Almennt verð: 49.995

BK KLÚBBTILBOÐ
Gasgrill, 6,1kw. Án þrýstijafnara.
**14.795kr.**
50632142 Almennt verð: 29.595

BK KLÚBBTILBOÐ
OUTBACK Gasgrill Hunter, 11,88 kW.
**54.995kr.**
50630086 Almennt verð: 64.995

BROIL KING gasgrill GEM SUPER, 11,5 kW, ryðfrítt stál brennarakerfi, aðal eldunarsvæði er 49x32,5 cm, postulínshúðaðar grillgrindur, ryðfrítt Flave-R-Wave™ eldunarkerfi, Linear-Flow™ stillanlegir gaskranar, Sure-Lite™ kveikikerfi, Accu-Temp™ hitamælir í loki.



**Þrýstijafnari, 30 bör.**
**2.995kr.**
50619365

OUTBACK Gasgrill Hunter, 11,88 kW, 3 brennar úr pottjárni, eldunarsvæði er 64x42 cm, postulínshúðuð grillgrind og grillplata, hitamælir í loki, neistakveikjari í tökkum.

# GOTT Í SUMAR

## ALLT FYRIR GARÐVERKIN





**CASORON,**
illgresiseyðir, 1 kg.
**3.995kr.**
55095013

80 L

BETRA VERÐ!
**Hjólbörur 80 l.**
**4.395kr.**
79290094

NÚ ER RÉTTI TÍMINN



Einhell®
**EINHELL mosatætari**
GE-SA 1435, 1400W, 35 cm vinnubreidd, 4 hæðastillingar, 28 lítra safnpoki.
**29.995kr.**
74830082

# 20% AFSLÁTTUR AF HJÓLUM OG FYLGIHLUTUM



byko.is

OPIÐ 1. MAÍ í verslun Breidd og Granda

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 800 1177



Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Skemmtu sér vel í Finnlandi

**Berglind Pétursdóttir** internetdrottning og Steinþór Helgi Arnsteinsson, athafnamaður og kærasti Berglindar, skemmtu sér í Helsinki á dögunum á árshátíð Íslensku auglýsingastofunnar. Hugleikur Dagsson var veislustjóri og ásamt öðrum góðum gestum var Sigtryggur Magnason leikskáld, sem vinnur á auglýsingastofunni, á staðnum. Eftir veisluna var kíkt á næturlífsmenningu Helsinki auk þess sem Berglind keypti finnskar styttur.



- þea

### Eiríkur bundinn tveimur

Í dag kemur út skáldsaga Eiríks Bergmann, Hryðjuverkamaður snýr heim. Eiríkur hefur einnig gert útgáfusamning við Palgrave Macmillan um nýja fræðibók sem fjallar um þjóðernishyggju á Norðurlöndum og stjórnmál hægri öfgaflokka.
Eiríkur er því samtímis bundinn tveimur útgáfusamningum, hvorum við sitt bókaforlagið í aðskildum bókmenntagreinum; annars vegar skáldsaga á íslensku við íslenskt forlag og hins vegar alþjóðleg fræðibók á ensku við alþjóðlegt útgáfufyrirtæki.



- gló

## Mest lesið VÍSIR

1 Borgun greiðir 800 milljónir í arð: Segir söluna á Borgun reginhneyksli
2 Þjáist af svefntruflunum: Kýlir og sparkar í konuna sína á nóttunni
3 Ísland í dag: Sagði frá kynferðisofbeldi á leikskóla sínum en málið fellt niður
4 11 ára íslensk stúlka vegabréfslaus í tæpt ár


Plúsferðir kynna
Heita pottinn
Flugsæti á betra verði!
plús FERÐIR
www.plusferdir.is


